KRISTÍN JÓHANNESDÓTTIR

*Beikonvafinn skötuselur*

matur tilboð

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



HEILSA & ÚTIVIST

*Á hjólaskíðum þegar snjóinn vantar*

Sérblað um heilsu

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. júní 2007 — 160. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## FÖSTUDAGUR

### Dr. Gunni gerir myndasögu

Teiknimyndasaga eftir Dr. Gunna mun birtast í tímaritinu Rafskinnu sem kemur út síðar í mánuðinum. Sögusviðið er fiskvinnsla Sigvalda.



FÓLK 38

### Gunnarshólmi

„Hvenær er hlíðin svo fögur og akrar bleikir, að menn freistist ekki til þess að flytjast brott?“ spyr Hannes Hólmsteinn og ekki stendur á svari.

Í DAG 22

### Slegist um Grétar Rafn



Að minnsta kosti tvö ensk úrvalsdeildarfélög vilja fá Grétar Rafn Steinsson í sínar raðir en hann býst við því að vera áfram í Hollandi.

ÍÞRÓTTIR 40

sirkus

SAMANTEKT:

10 valdamestu á Íslandi

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




## VEÐRIÐ Í DAG




**SMÁSKÚRIR VESTAN TIL**
Í dag verður hæg suðlæg eða breytileg átt. Nokkuð bjart veður suðaustan og austan til, annars skýjað og hætt við smáskúrum vestan til á landinu. Hiti 10-16 stig, hlýjast til landsins.

VEÐUR 4




# Ísland greiðir 800 milljónir

**Íslensk stjórnvöld munu í ágúst taka við rekstri ratsjárkerfis af Bandaríkjamönnum. Rætt hefur verið við bandarísk stjórnvöld um að greiða fyrir viðhald. Ný öryggismálanefnd mun fjalla um framtíð kerfisins.**

**UTANRÍKISMÁL** Íslensk stjórnvöld munu þurfa að greiða um 800 milljónir króna á ári vegna rekstrurs ratsjárkerfis sem bandarísk stjórnvöld hafa rekið til þessa. Íslendingar taka við rekstri kerfisins 15. ágúst og segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra að ekki hafi komið til tals í nýrri ríkisstjórn að hætta rekstrinum.

Framtíð ratsjárkerfisins, sem er í eigu NATO en rekið af bandarískum stjórnvöldum, var eitt aðalefnið á fundi utanríkisráðherra með Nicholas Burns, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, í gær.

Ingibjörg Sólrún segir að á fundinum með Burns hafi áhersla verið lögð á að undirbúningsvinnu vegna færslu rekstursins til Íslendinga yrði flýtt. Meðal þess sem fjallað var um var möguleg aðkoma Bandaríkjamanna að því að viðhalda kerfinu, segir Ingibjörg. Engin svör hafi fengist á fundinum önnur en að bandarísk stjórnvöld ætli að vinna í málinu.

Í pallborðsumræðum í gær sagði Burns það mat sitt og íslenskra stjórnvalda að nauðsynlegt væri að halda rekstri ratsjárkerfisins áfram. „Ratsjár eru nauðsynlegar í heimi nútímans; ekki bara til að geta fylgst með sprengjuflugvélum, heldur öllu mögulegu. Við vonumst því til að ná samkomulagi milli ríkisstjórna okkar fyrir 15. ágúst svo að áframhaldandi rekstur ratsjárstöðvanna verði tryggður.“

Ingibjörg segir kostnaðinn við rekstur kerfisins um 800 milljónir króna á ári. „Það er alveg ljóst að við munum reka þetta, en spurningin er hvort þeir séu tilbúnir að koma að viðhaldi og endurnýjun á þessu kerfi þegar á þarf að halda, því það er auðvitað kostnaðarsamt. Sú kostnaðarskipting er óútkljáð.“

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að til standi að stofna nýja öryggismálanefnd. Ingibjörg segir að nefndin fái það hlutverk að meta ógnir og viðbúnað. Eitt af verkefnum nefndarinnar verði að meta þörfina fyrir ratsjárkerfið og hvernig það nýtist við varnir landsins.

Ekki hefur komið til tals hjá nýrri ríkisstjórn að hætta rekstri kerfisins. „Það má alltaf spyrja sig þeirrar spurningar hvort peningum er vel varið í varnir af einhverju tagi. Það var ljóst þegar Bandaríkjamenn fóru að við myndum þurfa að taka við okkar vörnum í meiri mæli og greiða þann kostnað sem af því hlytist. Það getur ekki verið eðlilegt að ríki eins og Ísland sé alltaf með varnir á kostnað annarra,“ segir Ingibjörg.

- bj - aa / sjá síðu 6



**TAKTURINN ÆFÐUR** Ungmenni úr Skátafélaginu Kópum í Kópavogi æfa réttu sporin fyrir skrúðgönguna á 17. júní. Það skiptir máli að ganga í takt og bera fánana á réttan hátt. Krakkarnir munu leiða skrúðgönguna á sunnudag sem verður farin frá Menntaskólanum í Kópavogi og niður á Rútstún eins og undanfarin ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

Saksóknari efnahagsbrota:

## Vill leggja skattrannsóknarstjóra niður

**EFNAHAGSBROT „Það má til dæmis byrja á því að færa alla starfsmenn skattrannsóknarstjóra til embættis saksóknara efnahagsbrota. Það myndi hjálpa,“ sagði Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota, á fundi um efnahagsbrot á Grand Hótel í gær.**



HELGI MAGNÚS GUNNARSSON

**Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri er ósammála þessu mati Helga Magnúsar. „Starfssvið embættanna eru ólík [...] Ég er ósammála þessu sjónarmiði.“**

- mh /sjá síðu 18

Síðasta verk álftar var að slá út rafmagnið í Breiðdalsvík:

## Seinheppin álft kveikti sinueld

**BREIÐDALUR** „Þetta var nú svolítið sorglegt en hlægilegt í senn,“ segir Páll Baldursson, sveitarstjóri Breiðdalshrepps, um rafmagnsleysi sem seinheppin álft olli í Breiðdalsvík í vikunni.

Páll og sveitungar hans vissu í fyrstu ekki hvað hefði orsakað rafmagnsleysið í þorpinu. Það kom þó fljótt í ljós þegar slökkvilið Breiðdalshrepps var kallað út vegna sinubruna við bæinn Fell innar í sveitinni. Páll sveitarstjóri var einn þeirra sem fóru til að sinna slökkvistarfi.

„Álftin hafði álpast á rafmagnslínuna og stiknað. Hún hefur svo fallið logandi til jarðar og kveikt í út frá sér,“ segir hann. Nokkuð stór hluti úthaga brann vegna álftarinnar seinheppnu. Páll segir að vel hafi gengið að slökkva sinueldinn og að teljandi tjón hafi ekki orðið. Eldurinn hafi þó líklega valdið mófuglum einhverjum skaða.

- kdk



**ELDSUPPTÖKIN FUNDIN** Hrafnkell Hannesson, slökkviliðsmaður í Breiðdal, heldur á stiknaðri álftinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/BREIÐDALUR.IS





Kringlu kast
20-50% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM
Opið til 19 í kvöld
Kringlan

## SPURNING DAGSINS



*Helga, syngið þið ekki um þessa sem gerir sama gagn?*

„Þetta er ekki spurning um útlit, heldur persónuleika."

Dúettinn Þú og ég er nýbúinn að taka upp lagið Sætasta stelpan á ballinu. Helga Möller er annar helmingur dúettsins.

Fyrsti skógurinn á Íslandi sem ætlað er að binda kolefni:

# Stór áfangi í sögu Kolviðar

**UMHVERFISMÁL** Fyrstu trén í skógi Kolviðar á Geitasandi voru gróðursett í gær. Er þar með lagður grunnur að fyrsta skóginum á Íslandi sem stofnað er til með það að markmiði að binda kolefni í andrúmslofti.

„Við fögnum þessum áfanga og þetta var stór dagur í sögu Kolviðar," segir Soffía Waag Árnadóttir, framkvæmdastjóri Kolviðar. Umhverfisverkefninu Kolviði var hleypt af stokkunum í vor. Nú þegar hafa fjölmargir einstaklingar og fyrirtæki látið kolefnisjafna sig en það er hægt að gera með því að reikna út kolefnisnotkun sína á heimasíðu Kolviðar og kaupa tré til að jafna losunina. Kolviður sér síðan um að planta trjánum.

„Við ætlum að planta fimmtíu trjám í þessari fyrstu lotu en nú þegar hafa verið keyptar hátt í sjötíu þúsund plöntur," segir Soffía. Á Geitasandi verða notaðar sex mismunandi trjátegundir og segir Soffía að það muni auka útivistargildi svæðisins.

Skógræktarfélag Íslands og Landvernd standa að baki Kolviði en bakhjarlar sjóðsins eru Ríkisstjórn Íslands, Orkuveita Reykjavíkur og Kaupþing. Það er Skógræktarfélag Rangæinga sem sér um skógræktarframkvæmdirnar á Geitasandi. - þo



**FYRSTU TRÉN KOMIN Í MOLD** Einar K. Guðfinnsson landbúnaðarráðherra og Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri gróðursetja birkitré í sameiningu. MYND/SUNNLENSKA

Sólarhringslæknisþjónusta:

# Elliheimili fyrir aldraða hunda

**JAPAN, AP** **Japanskir hundar geta haft það náðugt á efri árum, því þeim stendur nú til boða að fara á elliheimili sem verður með dýralæknavakt allan sólarhringinn. Þá eru hvolpar til staðar svo hinir öldruðu hundar endurnærist af samneyti við æskuna. Dvölin kostar rúmar 50.000 krónur á mánuði.**

**Öldruðum gæludýrum í Japan fjölgar sífellt með bættu mataræði og aukinni heilsugæslu. Eigendur beita ýmsum ráðum á borð við vítamín, ilmmeðferðir og jafnvel nálastungumeðferðir til að létta gæludýrunum ævikvöldið.** - sdg

Kaþólikkar hætti fjárstuðningi:

# Vatíkanið berst gegn Amnesty

**VATÍKANIÐ, AP** **Vatíkanið í Róm hvetur alla kaþólikka til þess að láta af fjárstuðningi við mannréttindasamtökin Amnesty International, sem þau saka um að stuðla að fóstureyðingum. Fréttavefur BBC greinir frá þessu.**

**Í tilkynningu frá Vatíkaninu segir að samtökin skuli ekki fjármagna eftir að þau breyttu um stefnu og fóru að styðja fóstureyðingar.**

**Amnesty hefur svarað því að samtökin styðji ekki fóstureyðingar sem algildan rétt en að konur hafi rétt til að velja, sérstaklega ef um nauðgun eða sifjaspell sé að ræða.** - sdg



**LOKAÐ UM HELGINA** Frá tjaldsvæðinu við Þórunnarstræti.

Von á fjölda gesta til Akureyrar:

# Tjaldstæði lokað vegna slæmrar reynslu fyrri ára

**AKUREYRI** Vegna óviðunandi umgengni fyrri ár um tjaldsvæðið við Þórunnarstræti á Akureyri verður því lokað um helgina.

Búist er við fjölda ferðamanna til Akureyrar um þjóðhátíðarhelgina en yfirvöld afréðu að loka tjaldsvæðinu, sem stendur ofan sundlaugar bæjarins, þar sem illa hefur verið gengið um svæðið og nágrenni þess undanfarin ár.

Þess í stað er gestum beint að tjaldsvæðinu að Hömrum við Kjarnaskóg þar sem gæsla verður aukin. Fólki innan átján ára aldurs er ekki heimil dvöl á tjaldsvæðinu nema í fylgd forráðamanna. - bþs

# Flóahreppur hafnar Urriðafossvirkjun

**Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki ráð fyrir Urriðafossvirkjun í Þjórsá í drögum að aðalskipulagi. Verði það niðurstaðan verður virkjunin ekki byggð. Ákvörðunin kemur Landsvirkjun á óvart og er mjög óheppileg að mati fyrirtækisins.**

**SKIPULAGSMÁL** Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki ráð fyrir Urriðafossvirkjun í drögum að aðalskipulagi. Virkjunin nær til þriggja sveitarfélaga; Ásahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Flóahrepps, sem verða öll að samþykkja byggingu virkjunarinnar á aðalskipulagi sínu til að af framkvæmdum geti orðið. Landsvirkjun undrast niðurstöðuna og munu fulltrúar fyrirtækisins funda með sveitarstjórnarmönnum í dag. „Við vonumst til þess að ná samkomulagi um að hafa virkjunina inni á skipulaginu", segir Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar.

Þorsteinn segir ákvörðun sveitarstjórnarinnar koma verulega á óvart. „Þó Urriðafossvirkjun sé ekki ein af stærstu virkjunum sem byggðar hafa verið á Íslandi skiptir þetta verulega miklu máli fyrir Landsvirkjun og þá uppbygginu sem framundan er í orkumálum. Auðvitað er þetta mjög óheppilegt og við vonumst til þess að menn nái samkomulagi um það að hafa þetta inn á skipulaginu."

Aðalsteinn Sveinsson, oddviti Flóahrepps, segir að sveitarstjórnin hafi farið yfir rökin með og á móti virkjun að undanförnu. „Það er ljóst að það er mikill fórnarkostnaður að byggja þessa virkjun, þó að hægt sé að finna ýmsa kosti einnig. Okkar niðurstaða var einfaldlega sú að rökin gegn virkjun vegi þyngra en þau sem mæla með byggingu hennar." Í bókun sveitarstjórnar segir að meginástæða þess að sveitarstjórn telji ekki nægilegan ávinning af virkjuninni fyrir Flóahrepp og íbúa hans sé að nægjanlegar bætur fáist ekki fyrir áhrif virkjunar „á vatnsverndarsvæði, ferðaþjónustu, lífríki í Þjórsá og landnotkun í nágrenni virkjunarinnar". Aðalskipulagsdrögin verða lögð fyrir íbúafund 25. júní og tillagan síðan auglýst. „Tillagan getur tekið breytingum í kjölfar fundarins," segir Aðalsteinn. Eftir að auglýsingin hefur verið birt tekur við lögformlegt kynningarferli aðalskipulagsins. Urriðafossvirkjun er stærst þeirra þriggja virkjana sem Landsvirkjun hefur ráðgert að byggja í neðri hluta Þjórsár. Henni er ætlað að framleiða 125 megavött, sem eru um tíu prósent af uppsettu afli Landsvirkjunar í dag. Til samanburðar mun Kárahnjúkavirkjun framleiða 700 megavött.

Þorsteinn minnir á að tvö sveitarfélög af þrem geri ráð fyrir Urriðafossvirkjun í aðalskipulagi sínu. „Þegar ósamræmi er í aðalskipulagi sveitarfélaga á þennan hátt er það Skipulagsstofnun ríkisins sem skipar samráðsnefnd til að ná samhæfðri niðurstöðu."

svavar@frettabladid.is





**VIRKJUNARSTÆÐIÐ** Urriðafossvirkjun (125 MW) er stærst þriggja nýrra virkjana í neðri hluta Þjórsár. Hinar tvær eru Hvammsvirkjun (80 MW) og Holtavirkjun (50 MW).



**KVENNAHLAUPINU ÞJÓFSTARTAÐ** Þessar hressu konur í Gerðubergi tóku forskot á sæluna og hlupu í blíðviðrinu á miðvikudag.

Kvennahlaup á morgun:

# Hlaupið á 90 stöðum um landið

**ÍÞRÓTTIR** Búast má við að um 18.000 konur á öllum aldri taki þátt í Sjóvá Kvennahlaupi ÍSÍ sem fram fer á morgun. Hlaupið er útbreiddasti og fjölmennasti íþróttaviðburður sem haldinn er á Íslandi ár hvert.

Yfirskrift hlaupsins í ár er „Hreyfing er hjartans mál" en ÍSÍ er í samstarfi við Hjartavernd.

Hlaupið verður á níutíu hlaupastöðum um land allt en einnig verður hlaupið á um átján stöðum erlendis, meðal annars í Namibíu og Ísrael. Stærsta hlaupið fer fram í Garðabæ og þar verða hlaupakonurnar ræstar klukkan 14.

Upplýsingar um staði og tímasetningar má finna á www.sjova.is. - þo

## DÓMSMÁL

### Fyrirtöku frestað

Fyrirtöku í máli olíufélaganna Skeljungs, Kers, áður Olíufélagsins, og Olís gegn íslenska ríkinu og Samkeppniseftirlitinu var í gær frestað til 27. ágúst. Olíufélögin krefjast þess að 1,5 milljarða króna sekt samkeppnisyfirvalda verði dæmd ógild.


BÍLL DAGSINS

NISSAN PATROL SE

Nýskr. 04.98 - Beinskiptur - Ekinn 198 þús. km.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020


Abbas leysti upp þjóðstjórn Palestínu eftir að Hamas lagði Gaza undir sig:

# Neyðarástandi lýst yfir í Palestínu

**GAZABORG, AP** Mahmoud Abbas, forseti Palestínu og leiðtogi Fatah, lýsti í gær yfir neyðarástandi á heimastjórnarsvæðum Palestínumanna eftir að Hamas-liðar lögðu undir sig Gaza-ströndina.

Atburðir gærdagsins eru taldir geta orðið afdrifaríkir hvað varðar friðarumleitanir í Mið-Austurlöndum, stöðu Palestínu á svæðinu og tengslin við Ísrael og Vesturlönd. „Tími réttlætis og yfirráða Íslam er runninn upp," sagði talsmaður Hamas, Islam Shahawan, í gær.

Abbas rak jafnframt forsætisráðherra Palestínu, Hamas-leiðtogann Ismail Haniyeh, og leysti upp þjóðstjórn Palestínu sem Hamas og Fatah mynduðu fyrir þremur mánuðum. Þá tilkynnti Abbas að hann hygðist mynda nýja ríkisstjórn.

Fyrirskipanir Abbas munu ekki breyta því að Hamas hefur náð stjórn yfir Gaza en styrkja mögulega stöðu Abbas á Vesturbakkanum sem er undir yfirráðum Fatah.

Hamas-liðar náðu stjórn á Gaza-ströndinni með því að leggja bækistöðvar öryggissveita hliðhollra Fatah undir sig með kerfisbundnum hætti. Enginn sterkur Fatah-leiðtogi var á svæðinu og sundraðar sveitir Fatah máttu sín lítils gegn skipulögðum Hamas-liðunum.

Yfir fimmtíu manns hafa látist í átökum Hamas og Fatah síðan á mánudag. - sdg



**MEÐ VOPN OG FÁNA** Hamas-liðar fagna ákaft eftir að hafa náð einni af bækistöðvum öryggissveita Fatah á sitt vald. NORDICPHOTOS/AFP


traust
frumkvæði
frelsi
VIÐ TÖLUM UMBÚÐALAUST UM TRYGGINGAR
Þegar kemur að tryggingum vitum við að innihaldið skiptir öllu máli. Hjá Verði snýst allt um að tryggja viðskiptavinum faglega ráðgjöf og trausta úrlausn.
Minni ímynd, meiri trygging
vörður
Vörður er í eigu Byrs-sparisjóðs, Landsbankans og SP-Fjármögnunar.
Vörður tryggingar hf. | Borgartúni 25 | 105 Reykjavík | sími 514 1000 | www.vordur.is
BYR SPARISJÓÐUR
Landsbankinn
SP-FJÁRMÖGNUN

**GENGIÐ 14.06 2007**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,12 | 63,42 |
| Sterlingspund | 124,23 | 124,83 |
| Evra | 83,99 | 84,45 |
| Dönsk króna | 11,277 | 11,343 |
| Norsk króna | 10,356 | 10,416 |
| Sænsk króna | 8,917 | 8,969 |
| Japanskt jen | 0,5132 | 0,5162 |
| SDR | 94,95 | 95,51 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

114,4581

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Myndarlegum heitum potti var stolið við verslun Kristjáns Berg í Danmörku:

# Stálu heitum potti fullum af vatni

**DANMÖRK** „Ég ætlaði ekki að trúa þessu enda ótrúlegt að einhverjum skuli detta þetta í hug, hvað þá framkvæma það,“ segir Kristján Berg, eigandi verslunarinnar Spakongen í Hillerød í Danmörku. Kristjáni var heldur en ekki brugðið þegar hann mætti til vinnu sinnar í gær og sá að stórum heitum potti hafði verið stolið. Potturinn var til sýnis fyrir utan verslunina fullur af vatni.

„Þetta er stærðarinnar pottur, hann er 2,35 metrar í þvermál og í honum voru tvö tonn af vatni. Það á ekki að vera hægt að stela þessu,“ segir Kristján, sem áttar sig ekki á því hvernig þjófarnir hafi verið útbúnir. „Þetta er svo stór pottur að þú kemur honum ekki inn í einn einasta sendiferðabíl. Þegar ég sel svona pott tekur það mig klukkustund að ganga frá honum með lyftara og auka mannskap,“ segir Kristján og bætir því við að talsverð umferð sé í götunni og því skrítið að enginn hafi orðið var við þjófnaðinn.

Kristján hafði samband við lögreglu í gær en er þó vonlítill um að potturinn finnist. Tjónið er talsvert enda kostar potturinn um 1,4 milljónir króna. „Þetta sýnir þó að þetta er góð vara. Menn fara varla að leggja á sig svona erfiði fyrir lélegan pott,“ segir Kristján. - þo



**POTTURINN HORFINN** Þegar Kristján mætti til vinnu í gær var sýningarpotturinn horfinn. Í pottinum voru tvö tonn af vatni. MYND/KRISTJÁN BERG

Iceland Express og Kolviður:

# Kolefnisjöfnun fyrir flugferðir

**UMHVERFISMÁL Iceland Express hefur gert samkomulag við Kolvið um að farþegar félagsins geti kolefnisjafnað ferðalög með flugfélaginu um leið og flugmiðinn er pantaður. Þjónustan verður í boði frá og með deginum í dag.**

**„Það er okkur sönn ánægja að aðstoða farþega okkar við að kolefnisjafna sín ferðalög með Iceland Express,“ segir Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, og bendir á að mikil vitundarvakning hafi orðið í þessum efnum undanfarið.**

**Farþegi sem vill kolefnisjafna ferð sína greiðir á bilinu 172 til 346 krónur fyrir hverja flugferð.** - þo

Hraðakstur í Öxnadal:

# Ferðamenn aka of hratt

**LÖGREGLUMÁL** Níu ökumenn voru stöðvaðir fyrir of hraðan akstur í umdæmi lögreglunnar á Akureyri í gær. Í sex tilfellum var um erlenda ferðamenn á bílaleigubílum að ræða.

Ragnar Kristjánsson, varðstjóri hjá lögreglunni á Akureyri, segir allt of algengt að erlendir ferðamenn aki of hratt. „Ég velti því fyrir mér hvort það sé ekki í verkahring bílaleiganna að fræða ferðamennina betur um þær reglur sem gilda á íslenskum vegum,“ segir Ragnar. - þo



**INN OG ÚT UM GLUGGANN** Krakkar af erlendum uppruna eru um og yfir helmingur nemenda í þremur leikskólum í Breiðholti.

# Aukið tillit tekið til þarfa innflytjenda

**Þjónusta við börn sem hafa annað móðurmál en íslensku á að auka í skólum. Markmiðið er að þau geti nýtt sér þjónustu skóla til jafns við önnur börn og að brottfall þeirra minnki. Menntaráð lagði fram tillögur til úrbóta í gær.**

**MENNTAMÁL** „Þjónustan við þessi börn verður stóraukin og mál þeirra sett í forgang. Vonandi verður það til þess að brottfall þeirra úr skóla minnkar,“ segir Lilja D. Alfreðsdóttir, varaformaður menntaráðs borgarinnar.

Nemendum með annað móðurmál en íslensku hefur fjölgað mjög í grunnskólum frá árinu 2003. Vinnuhópur menntaráðs Reykjavíkur, sem Lilja leiddi, skilaði greinargerð og tillögum um málefni barna af erlendum uppruna í gær en þær eiga að nýtast breyttum aðstæðum í menntakerfinu.

Í um þremur leikskólum í Breiðholti; Fellaborg, Völvuborg og Ösp, eru nemendur af erlendum uppruna nú um og yfir helmingur nemenda. Í Austurbæjarskóla og Fellaskóla er um fjórðungur barnanna með annað móðurmál en íslensku.

Í ljósi þessa nýja umhverfis á Íslandi taldi menntaráð að brýnt væri að móta skýrari stefnu í málefnum barna af erlendum uppruna. Markmiðið er að þau geti nýtt sér þjónustu skólakerfisins til jafns við önnur börn.

Meðal þeirra hugmynda sem fram komu í greinargerð hópsins var að stofnað yrði tungumálaver í Laugalækjaskóla þar sem börn gætu viðhaldið móðurmáli sínu. Rannsóknir sýna að þau börn sem viðhalda fyrsta tungumáli sínu eiga auðveldara með að tileinka sér önnur. Einnig er lagt til að teymi farkennara sem tala nokkur af algengustu tungumálunum verði myndað. Fram kom í máli Lilju að fjöldi kennara af erlendum uppruna hefði útskrifast frá Kennaraháskóla Íslands án þess að tungumálakunnátta þeirra og reynsla hefði verið nýtt. Það stendur einnig til að allt námsefni verði gert aðgengilegra fyrir nemendur af erlendum uppruna. Framsetning verði gerð myndrænni og úrdrættir á einföldu máli settir með.

Viðræður við Námsgagnastofnun hefjist strax eftir sumarfrí auk þess sem farið verði yfir hvernig meta eigi íslenskukunnáttu barnanna með markvissari hætti. Starfsfólki skólanna muni þá standa til boða námskeið sem nýtast eigi í fjölmenningarlegri kennslu.

Lilja segir að þverpólitísk samstaða sé um málið í borgarráði. Kostnaður hafi ekki verið metinn nákvæmlega en líkast til verði hann ekki meiri en samsvarar tveimur til þremur stöðugildum hjá borginni fyrst um sinn.

karen@frettabladid.is

Uppkaup á bréfum í 365:

# Baugur nálgast yfirtökumörk

**VIÐSKIPTI** Baugur Group hefur eignast alls um 38,4 prósenta hlut í 365 hf., útgáfufélagi Fréttablaðsins, og stendur nálægt fjórtíu prósenta yfirtökumörkum. Félagið keypti í gær 6,64 prósenta hlut í 365 fyrir 980 milljónir króna af Disknum, félagi sem Sverrir Berg Steinarsson fer fyrir. Baugur framseldi þennan hlut til Landsbankans og gerði samhliða afleiðusamning við bankann þar sem Baugur ber bæði fjárhagslega áhættu og ávinning af gengi bréfanna í 365.

Jafnframt keypti Baugur 3,37 prósenta hlut í upplýsingatæknifyrirtækinu Teymi fyrir um 760 milljónir króna.

Bréfin voru seld með sama hætti til Landsbankans og gerður afleiðusamningur. - eþa



**GÓÐUR MÁLSTAÐUR** Allur ágóði bókasölunnar rennur til barnastarfs Hróksins á Grænlandi.

Bókamarkaður Hróksins:

# Styðja skák á Grænlandi

**SÖFNUN Skákfélagið Hrókurinn stendur fyrir bókamarkaði á útitaflinu við Lækjargötu í dag. Allur ágóði af bókasölunni rennur til barnastarfs Hróksins á Grænlandi.**

**„Þarna verða bækur úr öllum áttum á hlægilegu verði, reyfarar í sumarbústaðinn, fræðirit fyrir veturinn og allt þar á milli,“ segir Hrafn Jökulsson, forseti Hróksins.**

**Hrókurinn hefur síðastliðin fimm ár unnið að uppbyggingu skáklífs á Grænlandi og Hrafn er fullviss um að fjölmargir vilji kaupa bækur til styrktar því góða málefni. Markaðurinn verður opnaður klukkan 11.** - þo

Angela Merkel Þýskalandskanslari:

# Berst fyrir sátt um stjórnarskrá

**BERLÍN, AP Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hvetur aðildarríki Evrópusambandsins til að samþykkja breytta útgáfu af stjórnarskrá ESB sem Frakkar og Hollendingar höfnuðu árið 2005. Ráðstefna um sáttmálann fer fram í næstu viku.**

**Þýskaland, sem situr í forsæti Evrópusambandsins, leitast nú við að takmarka deilur aðildarríkjanna yfir stjórnarskránni við sex grundvallaratriði. Þar er efst á baugi ótti við að ESB þróist í ofurríki sem traðki á réttindum aðildarríkjanna.**

**Eitt af atriðum sem Merkel vonast til að halda inni eru reglur sem gera sambandinu auðveldara að taka ákvarðanir án þess að þurfa einróma samþykki aðildarríkja.** - sdg




## VEÐURSPÁ




**HORFUR HELGARINNAR**

Á morgun verður ákveðin suðaustlæg átt suðvestan og vestan til á landinu, annars hæg breytileg átt. Bjartviðri á austurhluta landsins en skýjað vestan til og úrkomulítið. Hitnn verður 10-19 stig, hlýjast norðaustan og austan til. Á sunnudag verður hæglætisveður og víða nokkuð bjart veður, einkum þó norðan og austan til. Hitinn 12-17 stig hlýjast norðan- og austanlands.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Fremur hæg suðlæg átt. Skýjað og úrkomulítið. Hiti 10-14 stig.

um hádegi »




» á morgun




5-10 m/s suðvestan og vestan til, annars hægari. Hætt við þoku með ströndum norðan til og austan.




Hæg suðlæg eða breytileg átt. Hætt við þoku með norður- og austurströndinni.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C skúrir | London | 18°C skúrir | Friedrichshafen | 24°C skýjað |
| Billund | 17°C skúrir | París | 21°C skúrir | Basel | 21°C skúrir |
| Osló | 17°C skúrir | Eindhoven | 21°C skúrir | Alicante | 27°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 18°C léttskýjað | Frankfurt | 20°C skúrir | Algarve | 21°C skúrir |
| Gautaborg | 22°C léttskýjað | Berlín | 30°C skýjað | Las Palmas | 23°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Grillum saman



30% afsláttur við kassa

**Ungnautahamborgarar**
175 g með BBQ sósu og osti

TILBOÐ 558 kr/pk
Merkt verð 797,-



20% afsláttur við kassa

**Grill-lambalæri**
Hagkaupa

TILBOÐ 1.598 kr/kg
Merkt verð 1.998,-



Jensen´s BBQ
**svínarif**

GOTT VERÐ 1.699 kr/pk



## Salami álegg
*beint frá Danmörku*



Nýtt
í Hagkaupum

**Franskt steina baquette brauð**
- nýbakað daglega í Hagkaupum



**Lakerol**
- makes people talk



50% afsláttur á laugardögum

**Nammiland**
- munið Nammilandið
á laugardögum

Gildir til 17. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

## KJÖRKASSINN



*Ætti að auðvelda aðgengi fíkniefnaneytenda að sprautunálum til þess að minnka líkur á HIV-smiti?*

| | |
|---|---|
| Já | 64,3% |
| Nei | 35,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú gefið blóð?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt að strætó verði gjaldfrjáls frá áramótum:

# Frítt í strætó í Kópavogi

**SAMGÖNGUR** Allir Kópavogsbúar geta ferðast frítt með strætó í bænum frá og með næstu áramótum. Tillaga þess efnis var samþykkt í bæjarráði í gær. Gert er ráð fyrir því að kostnaður vegna verkefnisins nemi um níutíu milljónum króna. „Þetta er umhverfisvæn framkvæmd og til bóta fyrir þá sem hafa minnst á milli handanna,“ segir Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi.

Vinstri græn lögðu fram svipaða tillögu í bæjarráði í febrúar en þá var henni hafnað af meirihlutanum sem lagði fram tillöguna nú. Gunnar segir að margt hafi breyst síðan þá og að hagrætt hafi verið í rekstrarkostnaði Strætó bs.

„Reykjavíkurborg hefur boðað gjaldfrjálsan strætó fyrir skólafólk og í Hafnarfirði munu eldri borgarar fá frítt. Þá eru ekki eftir margir hópar sem nota strætó. Við sáum fram á að hafa um 300 milljónir í tekjur af aðgangseyri en kostnaðurinn við innheimtu hefði numið um 100 milljónum, þá getum við allt eins haft frítt fyrir alla.“

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, fulltrúi Reykjavíkurborgar í stjórn Strætó bs., segir að ekki standi til að gera slíkt hið sama í Reykjavík. „Við höldum okkar striki. Skólafólk fær frítt í strætó í vetur og við viljum skoða reynsluna af því áður en við gefum öðrum hópum frítt,“ segir Þorbjörg. **- þo**



**FRÍTT FYRIR ALLA** Kópavogur verður þriðja sveitarfélagið til þess að bjóða upp á gjaldfrjálsan strætó fyrir alla. Áður hafa Reykjanesbær og Akureyri farið þá leið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Íslensk erfðagreining:

# Hagfelld sátt í dómsmáli

**DÓMSMÁL Íslensk erfðagreining (ÍE) tilkynnti í gær að fyrirtækið hefði náð sátt í dómsmáli fyrir dómstóli í Fíladelfíu sem væri fyrirtækinu hagstæð. Fyrirtækið var aðili að dómsmáli sem var höfðað gegn bandaríska sjúkrahúsinu Children's Hospital of Philadelphia (CHOP) og nokkrum fyrrverandi starfsmönnum ÍE sem höfu þar störf.**

**Með dómsáttinni hafa allir dregið kröfur sínar til baka og fellt málið niður. Sáttin var gerð með samningi sem leggur ákveðnar skyldur á herðar CHOP og þeim fyrrverandi starfsmönnum ÍE sem um ræðir.** **- shá**




Veldu Öryggi
Áratuga reynsla og örugg þjónusta

SKIPSTJÓRAR
VÉLSTJÓRAR
ÚTGERÐARMENN

Slökkvitæki og skápar
Skipafestingar
Slökkvikerfi
Eldvarnarteppi
Reykskynjarar
Brunastigar
Brunaaxir

Brunaslönguhjól og skápar
Brunaslöngur og skápar
Úðastútar
Storz hraðtengi og kranar
Stroz lyklar
Reykköfunartæki

Allar gerðir eldvarnartækja
Þjónustum slökkvitæki

ELDVARNAMIÐSTÖÐIN
Ólafur Gíslason & Co. hf.
Sundaborg 7 - 104 Reykjavík - S. 568 4800
www.olafurgislason.is


# Þroskaðri, nútímalegri og jafnari tengsl

**Aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, hæst setti fulltrúi Bandaríkjastjórnar sem til Íslands kemur síðan árið 2002, segir samband landanna hafa þroskast og orðið nútímalegra eftir lokun Keflavíkurstöðvarinnar. Staðið verði við skuldbindingar.**

**UTANRÍKISMÁL** Nicholas Burns, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir samband Íslands og Bandaríkjanna vera orðið nútímalegra, þroskaðra og jafnara eftir að bandaríska varnarliðið hvarf héðan í fyrrahaust.

Burns er hæst setti fulltrúi Bandaríkjastjórnar sem til Íslands kemur síðan Colin Powell, þáverandi utanríkisráðherra, mætti á ráðherrafund NATO í Reykjavík árið 2002, en í þeirri heimsókn var Burns reyndar í fylgdarliði Powells. Það var Burns, sem fyrir hönd Bandaríkjastjórnar, hringdi hið sögulega símtal hinn 15. mars í fyrra og tilkynnti íslenskum stjórnvöldum um lokun herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli.

„Ég veit að við höfum einn erfiðasta kafla í samskiptum Íslands og Bandaríkjanna að baki okkur, þar sem við tókum þá ákvörðun að loka herstöðinni,“ sagði ráðherrann á fundi með blaðamönnum í bandaríska sendiherrabústaðnum.

Hann var spurður um viðbrögð við því að margir Íslendingar skynjuðu það hvernig þessi ákvörðun var tekin af hálfu Bandaríkjastjórnar sem hrokafulla og óvinsamlega. „Það var aldrei ætlun okkar að troða Íslendingum um tær,“ svaraði Burns. „Það var mjög erfitt að hringja þetta símtal,“ staðfesti ráðherrann, en bætti við: „Við verðum að muna samhengið. Við vorum í viðræðum, sem höfðu strandað .... Frá okkar bæjardyrum séð var nauðsynlegt að gera breytingar í átt að vörnum sem væru betur í takt við nýja öld.“

„Ef menn skynja það hér þannig að Bandaríkjastjórn hafi komið fram af hroka eða einhliða harma ég það,“ sagði hann. „Ísland er okkur of dýrmætur vinur til að við kærum okkur um að fólki hér finnist þetta. Við viljum sýna vinum okkar virðingu, eins og vera ber í samskiptum vina.“

Burns sagði að í Washington hefðu menn mjög jákvæða ímynd af Íslandi og litu á landið sem fyrirmyndarbandamann. Bandarísk stjórnvöld væru enda staðráðin í að standa við það samkomulag um áframhald varnarsamstarfsins sem gert hefði verið í fyrrahaust.

Heimsókn Burns til Reykjavíkur er liður í því pólitíska samráði sem kveðið er á um í samkomulaginu. Hann benti líka á að heimsókn bandaríska herskipsins USS Normandy, sem ásamt tveimur öðrum NATO-skipum úr þýska og spænska flotanum liggur nú við festar í Sundahöfn, væri liður í að uppfylla skuldbindingar Bandaríkjanna hvað varðar öryggi og varnir Íslands. Þátttaka bandarískra herþotna í Norðurvíkingi, heræfingu NATO sem fram fer hér á landi í ágúst, væri annað dæmi um þetta. Næsta æfing sem fram fer sumarið 2008 sé enn ein. „Við munum standa við skuldbindingar okkar við öryggi Íslands út í æsar,“ sagði ráðherrann.

Hann sagði samstarf Íslands og Bandaríkjanna innan NATO einnig mjög gott. Fastafulltrúar beggja landa hefðu til dæmis starfað mjög vel saman að tillögum að því fyrirkomulagi loftheligseftirlits í lögsögu Íslands sem verið hefði til umræðu innan NATO á síðustu mánuðum og gera mætti ráð fyrir að yrði afgreitt í næstu viku.

**audunn@frettabladid.is**



**NICHOLAS BURNS OG CAROL VAN VOORST** Aðstoðarutanríkisráðherra og sendiherra Bandaríkjanna á tali við fréttamenn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> „Það var aldrei ætlun okkar að troða Íslendingum um tær.
>
> **NICHOLAS BURNS**
> AÐSTOÐARUTANRÍKISRÁÐHERRA BANDARÍKJANNA


## Smart og létt á fæti
heilsteypt glös á tilboðsverði

Á tilboði í júní 2007
heilsteypt rauðvínsglös, hvítvínsglös, bjórglös, kampavínsglös og sérríglös

Þórunn Helga Kristjánsdóttir,
sölumaður hjá RV

Tilboðið gildir út júní 2007 eða meðan birgðir endast.





1.925 kr.
12 stk.
Imperial 42 cl rauðvínsglös



854 kr.
6 stk.
Maldive 36 cl bjórglös

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

TUNGLIÐ RV6236A


Bandaríkin gefa ekki upp stuðning við ríki sem bjóða sig fram í öryggisráð SÞ:

# Fagna framboði Íslands

Framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 2009-2010 var rætt á fundi Nicholas Burns, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, með íslenskum ráðamönnum í gær. Burns fagnaði framboðinu en sagði Bandaríkin ekki gefa upp hvaða ríki þau styddu til setu í ráðinu.

„Við fögnum því hins vegar að Ísland bjóði sig fram. Ísland er eitt af okkar lýðræðislegu bandalagsríkjum og ríki sem við treystum afar vel,“ sagði Burns eftir fundinn í gær.

Málefni Miðausturlanda voru einnig til umræðu á hádegisverðarfundi Burns með Geir H. Haarde forsætisráðherra og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra í gær. Einnig var rætt um orkumál, loftslagsbreytingar og Sameinuðu þjóðirnar, Afganistan, Íran, Rússland og fleira.

Yfirlýsing nýrrar ríkisstjórnar um að hún harmi stríðið í Írak virtist ekki valda Burns áhyggjum. Hann sagði að þó að ríki hefðu mismunandi skoðanir gætu þau verið góðir bandamenn.



**FUNDAÐ** Nicholas Burns átti fund með Geir H. Haarde og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur í ráðherrabústaðnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það mikilvæga er að við styðjum öll Írak og viljum stöðva ofbeldið í landinu,“ sagði Burns. Hann sagði mörg NATO-ríki hafa stutt innrásina en önnur ekki. „Það góða við bandalag lýðræðisríkja er að þau eru ekki öll eins [...] það eru mismunandi skoðanir, en við erum vinir sem treystum hverjir öðrum.“ **- bj**




## Opnunartilboð

# 1.990,-

**3 lítra dós**
**Flügger 97 – rétta viðarvörnin**




## Opnunartilboð

# 1.990,-

**3 lítra dós**
**Flügger tréolía – á sólpallinn**

# Við opnum

Í dag opna Flügger litir áttundu verslun sína á Íslandi.
Blöðrur og safi fyrir börnin. Grillpylsur í boði. Kaffi á könnunni.
Sérhæfðar verslanir með málningu og málningarvörur.

www.flugger.is






# Flügger litir

Ögurhvarfi 2, Kópavogi
Tel. 587-4430. Opið virka daga 8-18, laugardaga 10-15

108092

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað heitir aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna sem staddur var hér á landi í gær?*
2. *Hver er þjálfari meistaraflokks KR í knattspyrnu?*
3. *Hvað er áætlað að friðarsúla Yoko Ono í Viðey muni kosta?*

SVÖRIN ER AÐ FINNA Á SÍÐU 46

Háskólinn á Bifröst greiðir nær þremur milljónum hærri árslaun að meðaltali en HÍ:

# Fá þau laun sem þau eiga skilið

**MENNTUN** „Ég er með mjög gott starfsfólk í vinnu sem fær borgað það sem það á skilið," segir Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst. Meðaltal launa viðskiptafræðikennara við skólann er tæplega þremur milljónum hærra en við Háskóla Íslands.

Í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að Bifröst greiðir hæstu laun kennara í viðskiptafræði á landinu, rúmar 7,5 milljónir kr. á ári, að launatengdum gjöldum meðtöldum. HÍ borgar viðskiptafræðikennurum tæpar 4,7 milljónir á ári að meðaltali.

„Þetta er bara eins og kaupin gerast á ríkiseyrinni," segir Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísindasviðs HÍ.

„Ákveðin grunnlaun eru bundin í kjarasamningum og þetta er meðalkostnaðurinn," segir Halldór. „Dreifingin er hins vegar talsverð, við erum með stóran hluta launa bundinn í hvatakerfum, mönnum er raðað í launaflokka eftir rannsóknarafköstum."



**ÁGÚST EINARSSON** Rektor Háskólans á Bifröst segist hafa hæfa og vel launaða kennara.

Halldór segir að launamuninn megi mögulega skýra með því að Bifröst hafi hærri tekjur á hvern nemanda.

„Við erum að borga okkar kennurum og starfsfólki ágætlega miðað við það sem gengur og gerist. Hér ræður markaðurinn og gæði fólksins. Mér finnst þetta sýna að kennarastörf geta líka verið vel launuð," segir Ágúst. - sgj

Skýrsla Ríkisendurskoðunar:

# HR fær meira frá ríkinu en HÍ

**MENNTUN** **Hærra hlutfall rekstrartekna Háskólans í Reykjavík (HR) kom frá ríkinu en hjá Háskóla Íslands (HÍ) árið 2005. Munar þar mestu um sjálfsaflafé, annað en skólagjöld.**

**HR fékk 76 prósent tekna sinna frá ríkinu, 21 prósent þeirra voru skólagjöld og 3 prósent komu annars staðar frá.**

**HÍ fékk hins vegar 66 prósent tekna sinna frá ríkinu, 10 prósent þeirra voru innritunargjöld og 24 prósent flokkast undir aðrar tekjur. Meðal þeirra eru erlendir sem innlendir styrkir, ágóði af endurmenntunarnámskeiðum, tekjur Happdrættisins og annað.** - kóþ

Laugafiskur án starfsleyfis:

# Krefjast þess að lokað verði á hausaþurrkun

**UMHVERFISMÁL** **Forsvarsmenn undirskriftarsöfnunar gegn hausaþurrkun Laugafisks á Akranesi krefjast þess nú að Heilbrigðiseftirlit Vesturlands stöðvi starfsemina.**

**„Með vísan til þess að Heilbrigðisnefnd Vesturlands ákvað á fundi sínum 22. maí að afturkalla áður útgefið starfsleyfi Laugafisks frá í nóvember og að ekki hefur verið gefið út bráðabirgðastarfsleyfi krefjumst við þess, undirritaðir íbúar á Akranesi, að starfsemi Laugafisks verði stöðvuð án tafar. Ljóst er að fyrirtækið hefur ekki starfsleyfi," segir í bréfi íbúanna. Heilbrigðiseftirlitið segir Laugafisk uppfylla skilyrði starfsleyfis.** - gar

Samtök hernaðarandstæðinga mótmæla komu þriggja herskipa til Reykjavíkur:

# Um 750 sjóliðar skoða borgina

**UTANRÍKISMÁL** Tæplega 750 sjóliðar af herskipum þriggja NATO-þjóða fá tækifæri til að skoða Reykjavík um helgina á meðan skip þeirra liggja við Reykjavíkurhöfn. Samtök hernaðarandstæðinga mótmæla komu skipanna hingað til lands.

„Það er gott að vera í Reykjavík og við erum ánægð að vera komin hingað," sagði Michael K. Mahon, aðmíráll í Bandaríkjaflota, þegar hann ræddi við fjölmiðla um borð í bandaríska beitiskipinu USS Normandy í gær. „Heimsókn skipanna er táknræn og sýnir að NATO stendur við skuldbindingar sínar um varnir allra 26 aðildarríkja NATO," sagði Mahon.

Auk Normandy lögðust þýska freigátan FGS Sachsen og spænska birgðaskipið SPS Patino að bryggju í Reykjavík. Almenningur á þess kost að fara um borð í skipin um helgina, áður en þau leggja úr höfn áleiðis til Bretlands á mánudag.

Normandy hefur tekið þátt í bæði fyrra og síðara Íraksstríðinu, auk þess sem það tók þátt í árásum í Bosníu og Afganistan.

Samtök hernaðarandstæðinga mótmæla komu skipanna hingað til lands og segja kurteisisheimsóknir af þessu tagi til þess fallnar að draga upp glansmynd af her og hermennsku. Frekar ætti að minnast þess fólks sem hefði orðið fyrir sprengjum þessara vígatóla. - bj



**REYKJAVÍKURHÖFN** Þrú herskip NATO lögðu að bryggju í Reykjavíkurhöfn í gær. Almenningur á þess kost að fara um borð í skipin um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Foreldrar Madeleine McCann:

# Eru vonsvikin yfir umfjöllun

**PORTÚGAL, AP** Foreldrar Madeleine McCann, sem var rænt af hótelherbergi í Portúgal fyrir rúmum mánuði, sögðust í gær „mjög vonsvikin" yfir því að fjölmiðlar birtu nafnlausa vísbendingu um örlög dóttur þeirra áður en lögregla gat rannsakað hana.



**MADELEINE MCCANN**

Hollenskt dagblað segist hafa látið lögregluna á Portúgal fá nafnlaust bréf með korti sem sýni hvar Madeleine kunni að vera grafin. Staðurinn er í fimmtán kílómetra fjarlægð frá hótelinu sem henni var rænt frá. Lögreglu hefur borist fjöldi vísbendinga en leit hefur engan árangur borið. - sdg







Í áratugi hafa íslenskir garðyrkjubændur náð að byggja upp og rækta kröftuga stofna af íslenskum sumarblómum sem búa yfir einstökum eiginleikum. Þessir stofnar hafa lagað sig að íslenskri sumarveðráttu en gefa innfluttum stofnum ekkert eftir að fegurð og yndisleik.

Nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðyrkjubænda.

**VELDU ÍSLENSK SUMARBLÓM, SÉRMERKT ÞÉR.**

íslenskar garðplöntur



**BUSLAÐ Í HITANUM** Fjöldi ungmenna kælir sig niður í mikilli hitabylgju í Pakistan. Hitinn hefur mest mælst 51 gráða á Celsíus og að minnsta kosti 26 hafa látist vegna hitans. NORDICPHOTOS/AFP

Bæjarstjóri hyggst kæra ritstjóra og ritstjórinn bæjarstjóra:

# Yfirlýsingar um kærur ganga á víxl

**FJÖLMIÐLAR** „Mér finnst skrítið að þessum úlfhundum, sem ráða í ritstjórn, sé leyft að ráðast á fólk og svipta það ærunni,“ segir Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs. Gunnar hefur ákveðið að kæra ritstjóra Ísafoldar og Mannlífs, þá Jón Trausta Reynisson og Reyni Traustason, og Baug, sem er eigandi tímaritanna, fyrir greinaskrif um meint hneykslismál sem hann er bendlaður við.

„Mér finnst ekki hægt að svona menn gangi lausir í blaðamannastétt,“ segir Gunnar. Hann hyggst ekki svara spurningum um greinina efnislega þar sem hann segir að aðeins sé um gamlar kjaftasögur að ræða sem ekki séu svaraverðar. Gunnar segist ekki vera búinn að ákveða hvaða upphæð hann muni fara fram á. „Ég hef mestar áhyggjur af því að þessir feðgar séu ekki borgunarmenn fyrir þessu. Baugur ætti þó eiga fyrir því,“ segir Gunnar.



GUNNAR I. BIRGISSON



REYNIR TRAUSTASON

Reynir Traustason, ritstjóri Mannlífs, segist ekki vita hvað Gunnar ætli að kæra. „Er það myndbirting Ísafoldar af honum á Goldfinger, eða Mannlíf fyrir að segja frá því að hann hafi verið tekinn drukkinn undir stýri, eða fyrir að hafa sagt að hann stefndi að því að Kópavogsbúar yrðu brátt fimmtíu þúsund?“ segir Reynir.

„Við erum reyndar að undirbúa málshöfðun á hendur Gunnari fyrir að segja að við séum að drepa fólk í skjóli auðhrings. Það er atvinnurógur. Gunnari verður hvergi gefið eftir í þeim efnum en hann er ábyggilega borgunarmaður fyrir einhverju,“ segir Reynir. - kdk

Rannsókn á máli VSP:

# Staðfestir farbannskröfu

**DÓMSMÁL Hæstiréttur framlengdi í gær farbann yfir Viggó Þóri Þórissyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra Verðbréfastofu Sparisjóðanna, til 10. ágúst. Honum var fyrirvaralaust sagt upp störfum eftir að upp komst að hann hefði gefið út ábyrgðaryfirlýsingu upp á rúmlega þrettán milljarða vegna innistæðu á bankareikningi sem hvergi var að finna.**

**Málið er til rannsóknar hjá embætti saksóknara efnahagsbrota.**

**Meðal þess sem verið er að kanna er hvort málið teygi anga sína til erlendra félaga.** - mh

Léttvín auglýst í tímariti:

# Sýknaður af ákæru um áfengislagabrot

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur sýknað mann af ákæru þess efnis að hann hafi brotið áfengislög með því að hafa sem starfandi stjórnarformaður heildsölu látið birta auglýsingu á léttvíni í Gestgjafanum árið 2003.**

**Þar með sneri Hæstiréttur dómi héraðsdóms, sem dæmt hafði manninn til greiðslu 200 þúsund króna í sekt. Taldi Hæstiréttur að auglýsingin væri andstæð áfengislögum en þar sem hvorki maðurinn né heildsalan voru nafngreind í auglýsingunni var ekki talið að maðurinn bæri refsiábyrgð og var hann því sýknaður.** - jss

Rændu Bónus og Krónuna:

# Dómar mildaðir yfir tveimur ránsmönnum

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur mildaði í gær dóma yfir tveimur ránsmönnum. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði dæmt Ívar Smára Guðmundsson í fjögurra ára fangelsi fyrir rán í Bónusvídeó og fleiri afbrot. Hæstiréttur mildaði þann dóm um eitt ár. Jafnframt vísaði dómurinn frá skaðabótakröfu upp á ríflega 1,6 milljónir króna vegna vanreifunar.

Þá hafði Héraðsdómur dæmt Arthur Geir Ball í þriggja ára fangelsi fyrir vopnað rán í versluninni Krónunni. Hæstiréttur stytti refsitíma hans einnig um eitt ár.

Ívar Smári var sakfelldur fyrir tvö ránsbrot, fyrir að hafa ráðist á þrjár konur og slegið þær í andlit með krepptum hnefa, fjársvik, þjófnað og fleiri brot. Dómurinn mat til refsilækkunar að Ívar Smári játaði flest brotin greiðlega og var samvinnuþýður við meðferð málsins.

Arthur Geir var dæmdur fyrir að fara með andlit sitt hulið inn í verslun, ógna afgreiðslustúlku með 24 sentimetra löngum fjaðurhníf og skipa henni að afhenda sér fjármuni, sem reyndust nema nær 100 þúsundum króna. Hæstiréttur leit meðal annars til ungs aldurs hans, en hann var einungis 18 ára þegar hann framdi brotið. - jss



**LEIÐANGURSSTJÓRINN** Dr. Ármann Höskuldsson fer fyrir leiðangrinum við annan mann og segir verkefnið afar mikilvægt fyrir vísindalega þekkingu á heimsvísu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tímamót í rannsóknum

**Fyrsti stóri rannsóknaleiðangurinn á hafsbotninum suðvestur af Íslandi hefst í dag. Rannsóknin hefur mikið gildi fyrir vísindalega þekkingu á heimsvísu.**

**HÁSKÓLARANNSÓKNIR** Háskóli Íslands og Háskólinn á Hawai hafa fengið rúmlega 100 milljóna króna styrk frá vísindasjóði Bandaríkjanna (NSF) til þess að fara í könnunarleiðangur á Reykjaneshrygg. Dr. Ármann Höskuldsson frá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands er annar leiðangursstjóra. Rannsóknin hefur gríðarlega mikið gildi fyrir vísindalega þekkingu á heimsvísu. Síðasta stóra rannsóknin á jarðfræði hafsbotnsins á hryggnum fór fram fyrir 40 árum.

Ármann segir mikilvægi rannsóknarleiðangursins í vísindalegu samhengi mikið og í sjálfu sér sé það merkilegt að fá styrkinn. „Það eru fjölmargir sem sækja um styrki í NSF vísindasjóðinn og mun færri fá en vilja.“

Meginhluti rannsóknarinnar felst í gagnasöfnun og til verksins fékkst rannsóknarskipið Knorr. Skipið er sérhannað til jarðfræðilegra rannsókna á sjó með öllum nýjustu rannsóknartækjum sem völ er á. Skipið er 2685 brúttólestir, 85 metrar á lengd með 22 manna áhöfn. Um borð er aðstaða fyrir 32 vísindamenn og 2 tæknimenn en rannsóknateymið í þessum leiðangri telur sextán vísindamenn, þar af þrjá Íslendinga.

Ármann segir að væntingar sínar séu eðlilega miklar þar sem um einstakt tækifæri er að ræða. „Síðasti alvöru leiðangurinn var gerður út árið 1970 og ég geri mér vonir um að eftir þessa ferð höfum við öðlast betri skilning á svæðinu í heild og lífríki þess. Við vonumst til að skilja betur þróun Íslands með því að rannsaka jarðsögu hafsbotnsins síðastliðnar átján milljónir ára.“

Reykjaneshryggurinn liggur svo að segja frá Norðurpólnum til suðurskautsins og er Ísland hæsti punktur hryggjarins. Því má ætla að upplýsingar úr þessari rannsókn geti svarað mörgum spurningum. Ármann segir mikla gloppu í upplýsingum sem til eru um landgrunnið frá Íslandi og sjávarbotn þeirra miða sem eru ein þau fengsælustu við landið. „Engar upplýsingar eru til um stór svæði á þessum miðum og því hefur það beina hagnýta þýðingu að fá upplýsingar um jarðskorpuna til að geta sagt fyrir um þróun hennar, með hugsanlegum áhrifum á lífríkið í kringum þær.“

Samfara þessu verkefni eru áætluð umfangsmikil samskipti á milli Jarðvísindastofnunar og vísindastofnana í Bandaríkjunum.

svavar@frettabladid.is




HREYFING ER HJARTANS MÁL

SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ
LAUGARDAGINN 16. JÚNÍ
Í GARÐABÆ KL. 14
Í MOSFELLSBÆ KL. 11
OG Á AKUREYRI KL. 11

ÉG ♥ MIG

OG Á YFIR 100 STÖÐUM VÍÐSVEGAR HÉRLENDIS OG ERLENDIS, SJÁ HLAUPASTAÐI Á SJOVA.IS

SJÓVÁ

Taktu þátt í léttum leik og sendu okkur mynd eða myndskeið af undirbúningi fyrir Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ og þú getur unnið glæsilegan dekurdag fyrir hópinn þinn. Nánari upplýsingar á **sjova.is**

SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ

Ísland á iði Hreyfðu þig!

HJARTAVERND




Síminn þakkar landsmönnum fyrir góða mætingu á fjölskylduhátíðina sem haldin var á sundstöðum víða um land laugardaginn, 9. júní. Viðtökurnar voru frábærar og fær Sundsamband Íslands bestu þakkir fyrir gott samstarf við undirbúning dagsins. Síðast en ekki síst viljum við þakka sundfélögum sem stóðu fyrir skemmtilegum leikjum og forsvarsmönnum og starfsmönnum sundstaða fyrir ómetanlegt framlag.






Síminn

ENNEMM / SÍA / NM28362



**TÍSKA Í TAÍLANDI** Vegfarandi gengur hjá risavöxnu auglýsingaskilti í miðborg Bangkok, höfuðborgar Taílands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögregla í Kína bjargaði 217 úr þrældómi að sögn ríkisfjölmiðils:

# Lögregla leysir upp þrælahald

**KÍNA, AP** Lögregla í kínverska héraðinu Henan bjargaði 217 manns, þar á meðal 29 börnum, sem voru þvinguð til að þræla við brennsluofna, að því er ríkisrekna fréttastofan Xinhua greindi frá í gær.

Yfir 35.000 lögreglumenn gerðu áhlaup á 7.500 brennsluofna í héraðinu á þremur dögum. Áhlaupið var gert í kjölfar reiðiöldu meðal almennings eftir að fréttir bárust af baráttu 400 feðra í héraðinu við að hafa uppi á sonum sínum sem þeir töldu að hefðu verið seldir í þrældóm við brennsluofna.

Í opnu bréfi sem einn faðirinn birti á netinu sakaði hann yfirvöld í Henan og nágrannahéraðinu Shanxi um að hunsa baráttu þeirra. Feðurnir halda því fram að um 1.000 börn séu látin þræla við brennsluofna við mjög grimmilegar aðstæður.

Að því er Xinhua greinir frá er vinnuafl fengið til brennsluofnanna með því að lokka fólk þangað með fölskum loforðum. Síðan er það barið, svelt og þvingað til að vinna langa vinnudaga án borgunar. Þeir sem eru of veikir eða veikburða til að vinna eru hýddir. - sdg


**ILLA FARNIR** Nokkrir þeirra sem lögregla bjargaði úr þrældómi við brennsluofna í héraðinu Shanxi. NORDICPHOTOS/AFP

Áætlunarferjan Herjólfur:

# Ferðum fjölgað

**SAMGÖNGUR Ferðum áætlunarferjunnar Herjólfs verður fjölgað í sumar. Áætlað er að bæta við rúmlega tuttugu ferðum á mikilvægum ferðadögum og þá daga verða því þrjár ferðir á dag. Ríkisstjórnin ákvað þetta eftir að beiðni barst frá bæjarstjórn Vestmannaeyja um að bæta við þriðju ferð Herjólfs á mikilvægum ferðadögum í sumar.**

**Einkum er horft til næturferða á föstudögum en aðrir dagar koma einnig til greina þegar vænta má straums ferðamanna og mikils flutnings á bílum með fylgivagna. Áætlaður kostnaður er kringum þrjátíu milljónir króna.** - pal

Rússi handtekinn í Austurríki:

# Grunaður um að vera njósnari

**AUSTURRÍKI, AP Rússneskur maður sem grunaður er um njósnir er í haldi austurrískra yfirvalda. Hann var tekinn höndum síðastliðið mánudagskvöld.**

**Talsmaður ríkissaksóknara í Austurríki, Gerhard Jarosch, segir að maðurinn liggi undir grun um að hafa tekið við viðkvæmum upplýsingum frá manni innan austurríska hersins. Sá hefur einnig verið handtekinn og settur í varðhald.**

**Rússneska fréttastofan ITAR-Tass greindi frá því að Rússinn væri meðlimur opinberrar rússneskar sendinefndar sem tæki þátt í ráðstefnu um geimferðir sem stendur yfir í Vín. Rússneska geimferðastofnunin staðfesti í samtali við fjölmiðla að maðurinn væri starfsmaður hjá stofnuninni.** - sdg

Piltar ákærðir fyrir að vopnalagabrot og eignaspjöll:

# Reyndu að sprengja hús lögreglumanns

**DÓMSMÁL** Tveir menn um nítján ára aldur hafa verið ákærðir fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra fyrir brot gegn valdstjórninni. Þeir sprengdu sprengju fyrir utan hús lögreglumanns á Blönduósi í febrúar á þessu ári og eyðilögðu bíl sama lögreglumanns innan við tveimur mánuðum síðar.

Mennirnir veittust að lögreglumanninum vegna afskipta sem hann hafði haft af þeim við skyldustörf. Þeir komu skoteldum fyrir í skýli við heimili lögreglumannsins eldsnemma morguns. Í skýlinu var meðal annars fullur gaskútur og olíubrúsi.

Mennirnir stofnuðu þannig lífi og heilsu lögreglumannsins og fimm annarra sem dvöldu í aðliggjandi íbúðum raðhússins, „á ófyrirleitinn hátt í augljósan háska,“ að því er segir í ákæru. Þeir eru ákærðir fyrir brot gegn valdstjórninni, vopnalagabrot, hættubrot og eignaspjöll. Þá fóru þeir um nótt og köstuðu tveimur pokum fullum af glerflöskum og áldósum í bíl sama lögreglumanns þannig að afturhurð dældaðist, rúða rispaðist og lakk skemmdist talsvert.

Báðir gengust við brotunum skömmu eftir handtöku. Lögreglustjórinn á Blönduósi gerir kröfu um samtals tæplega 250 þúsund krónur í bætur.

Enn er óupplýst mál þar sem skotið var úr byssu á mannlausan lögreglubíl á Blönduósi skömmu fyrir áramót. - sh


**DÝRAVERND** Yfirdýralæknir bendir á að dýraverndarlögin heyri undir umhverfisráðuneyti en búfjárhaldslögin undir landbúnaðarráðuneyti. Framkvæmdin sé þó í reynd öll á hendi dýralækna enda liggi fagþekkingin hjá þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/ GVA






# Lög um dýravernd verði í einum bálki

**Yfirdýralæknir segir að sameina þurfi tvenn lög um dýravernd í einn bálk og færa undir eitt ráðuneyti. Héraðsdýralæknir vill að sameinuð lög verði eins og barnaverndarlög og heimili fyrirvaralaust inngrip.**

**DÝRAVERND** Yfirdýralæknir, Halldór Runólfssson, telur brýnt að lög um búfjárhald og lög um dýravernd verði sett í einn bálk og undir eitt ráðuneyti. Í sama streng tekur Katrín Andrésdóttir héraðsdýralæknir.

„Lög um dýravernd eiga vitaskuld að ná yfir öll dýr,“ segir yfirdýralæknir. „En auk þeirra erum við með lög um búfjárhald, sem oftast eru notuð í sambandi við búfé. Það er truflandi að vera með tvenn lög í gangi, því í sumum þáttum verður skörun. Í búfjárhaldslögunum er ekki tekið á eldisfiski, svo dæmi sé nefnt. Þá þarf að nota dýraverndarlög til að taka á vandamálum sem þar kynnu að koma upp.“

Yfirdýralæknir bendir á að dýraverndarlögin heyri undir umhverfisráðuneyti, en búfjárhaldslögin undir landbúnaðarráðuneyti. Framkvæmd dýraverndarlaga sé falin umhverfisstofnun. Í reyndinni sé þó framkvæmdin öll á hendi dýralækna því það séu þeir sem þurfi að fara í öll mál af þessu tagi þar sem fagþekkingin liggi hjá þeim.

„Ég hef lengi verið talsmaður þess að sameina þennan lagabálk þannig að við höfum ein lög yfir dýraverndarmálin í heild sinni,“ segir yfirdýralæknir.

„Þetta er önugt í framkvæmd eins og fyrirkomulagið er nú. Það eru flækjustig í þessu sem þyrfti að einfalda.“

Katrín Andrésdóttir segir að setja þurfi lög um búfjárhald og lög um dýravernd í ein lög. Þau

> Ég hefði viljað sjá breytingu sem gerir þessi lög svipuð barnaverndarlögum.
>
> **KATRÍN ANDRÉSDÓTTIR**
> HÉRAÐSDÝRALÆKNIR

þurfi að vera hraðvirkari og skilvirkari en nú er. Hún leggur áherslu á að stytta þurfi lögbundið ferli þegar vandi er kominn upp.

„Ég hefði viljað sjá breytingu sem gerir þessi lög svipuð barnaverndarlögum, þannig að hægt sé að grípa inn í með aðgerðum án þess að fara með málin fyrir dóm. Þá væri hægt að ráðstafa vanhirtum skepnum strax, í stað þess að nú getur talsverður tími liðið, því eigendur hafa lögbundinn tíma til andmæla og úrbóta. Þetta ferli getur tekið allt upp í hálfan mánuð þótt upp sé komin hræðileg neyð. Sú leið sem nú er farin er of krókótt og torfær.“ jss@frettabladid.is

Höfuðborgarstofa:

## Fékk sérstaka viðurkenningu

**FERÐAMÁL Höfuðborgarstofa hlaut sérstaka viðurkenningu á ársþingi samtakanna European City Marketing í Aþenu í gær fyrir gott markaðsstarf og kynningu á Reykjavík.**

**Tvenns konar verðlaun voru veitt; annars vegar fyrir borg sem áfangastað og hlaut York á Englandi þau verðlaun og hins vegar fyrir ferðamálastofu Evrópuborgar.**

**Höfuðborgarstofa í Reykjavík var tilnefnd sem ein af fimm ferðamálastofum borga. Hinar voru í Gautaborg, Kaupmannahöfn, Liverpool og Valencia og hlaut Gautaborg verðlaunin.** - pal

Um 90 prósent íslenskra foreldra velja fóstureyðingar í tilfelli fæðingargalla samkvæmt læknisráði:

# Hvað er einn litningur milli vina?

**HEILBRIGÐISMÁL** „Tæknin er nokkrum skrefum á undan umræðunni um siðfræði.“ Þetta sagði Andri Snær Magnason rithöfundur í ræðu sem hann flutti fyrir um 800 gesti á ráðstefnu heimilislækna í Háskólabíói í gær.

Andri Snær fjallaði um hátt hlutfall þeirra sem velja fóstureyðingar ef barn þeirra greinist með fæðingargalla í móðurkviði.

„Um níutíu prósent foreldra velja fóstureyðingu samkvæmt læknisráði á Íslandi,“ sagði Andri Snær. „Í Noregi er þetta hlutfall þrjátíu prósent. Þetta er vegna mismunandi gilda samfélaganna. Í Noregi ráðfæra menn sig við aðstandendur fólks með fæðingargalla. Á Íslandi er bara talað við sérfræðingana.“

Andri Snær benti á að fæðingar á dvergvöxnum og einstaklingum með Downs-heilkenni þekktust ekki lengur vegna fóstureyðinga. Sumir spyrðu þó spurningarinnar „Hvað er einn litningur milli vina?“

„Ég er ekki að segja að það sé til einföld lausn á þessu, en það virðist sem svo að Ísland hafi tekið tæknilega nálgun á þessa siðferðisspurningu,“ sagði Andri Snær.

Um 1.300 heimilislæknar frá nítján löndum sækja þing heimilislækna sem fram fer í Háskólabíói um þessar mundir. Andri Snær talaði á málþingi um lækningar í hnattvæddum hátækniheimi, ásamt Magne Nylenna, norskum heimilislækni, og Richard Horton, ritstjóra The Lancet. - sgj



**ANDRI SNÆR MAGNASON** Velti upp siðferðislegum spurningum í ræðu sinni á þingi norrænna heimilislækna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eining-Iðja gefur út bækling:

## Réttindin á níu tungumálum

**KJARAMÁL** Eining-Iðja stéttarfélag hefur útbúið kynningarbækling sem inniheldur upplýsingar um félagið og íslenskan vinnumarkað sem ber nafnið „Réttindi þín og skyldur“. Hann er gefinn út á dönsku, ensku, þýsku, spænsku, pólsku, taílensku, tékknesku, rússnesku og íslensku.

Markmiðið með útgáfunni er að koma upplýsingum til erlendra verkamanna. Björn Snæbjörnsson er formaður Einingar-Iðju, „Við fundum fyrir því að margir erlendir verkamenn vita ekki rétt sinn og því er útgáfan mjög mikilvæg,“ segir Björn. - lbb



**PÍLAGRÍMAR VIÐ ASKARIYA-MOSKUNA** Bænaturnarnir sitthvoru megin við gullna þakhvelfingu moskunnar voru sprengdir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Árás á helgidóm sjía í Írak:

## Turnar Gullnumosku sprengdir

**BAGDAD, AP Tveir bænaturnar við hina fornu Askariya-mosku í bænum Samarra í Írak voru eyðilagðir í sprengjuárás á miðvikudag. Ekkert mannfall varð í árásinni, sem herskáum súnníum var kennt um.**

**Árás var gerð á sömu mosku í fyrra og í kjölfarið fylgdi mikil ofbeldisalda. Askariya-moskan er einn mesti helgidómur sjía sem dregur að fjölda pílagríma árlega.**

**Forsætisráðherra Íraks, Nouri al-Maliki, fyrirskipaði strax bann við umferð ökutækja og fjöldafundum til að reyna að koma í veg fyrir frekara ofbeldi. Einnig óskaði hann eftir liðsauka frá Bandaríkjaher til Samarra.** - sdg

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Keyrði undir áhrifum lyfja**

Ökumaður á þrítugsaldri var stöðvaður fyrir að aka undir áhrifum kannabisefna rétt fyrir utan Borgarnes í fyrrinótt. Hann var stöðvaður við venjubundið eftirlit lögreglu og má búast við sekt og sviptingu ökuréttar.

### SJÁVARÚTVEGUR

**Viðmiðunarverð lækkar**

Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna ákvað á fundi sínum hinn 7. júní 2007 að lækka viðmiðunarverð í beinum viðskiptum með ýsu um 5,0 prósent og karfa um 7,0 prósent. Viðmiðunarverð í þorski er óbreytt. Ákvörðunin tók gildi 11. júní 2007.






**ÞOLINMÓÐIR VEGFARENDUR** Fólk á hjólum og bílum bíður eftir því að vatn hverfi af veginum svo það komist leiðar sinnar. Mikil flóð urðu í Ástralíu í vikunni í kjölfar óveðurs sem olli mikilli eyðileggingu. NORDICPHOTOS/AFP

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hvetur fólk til árvekni:

# Nágrannavarsla skilar árangri

**LÖGREGLUMÁL** Fjölmörg dæmi eru þess að innbrot hafi verið upplýst vegna þess að nágrannar höfðu auga með húsum nágranna sinna og létu lögreglu vita um grunsamlegar ferðir manna og bifreiða, að sögn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Lögreglan hvetur fólk til að sýna árvekni gagnvart innbrotsþjófum og bendir á að öflug nágrannavarsla skili árangri. Húsnæði sem stendur autt til lengri tíma getur verið auðvelt skotmark innbrotsþjófa. Gott er að geta leitað til nágranna þegar farið er í frí og fá þá til að líta til með húsnæðinu. Athugull nágranni getur bæði stuggað við þjófi og gefið lögreglunni lýsingu á mönnum og bifreiðum og bílnúmer.

Oft hefur gerst að menn hafa hringt dyrabjöllum og þegar komið er til dyra hafa þeir spurt eftir einhverjum með nafni og sagt að þeir hafi átt að taka hann með í vinnu eða eitthvað álíka. Þegar sagt var að enginn slíkur byggi þar hafa mennirnir afsakað sig með að hafa farið götuvillt. Stundum hafa þessir menn notað aðrar afsakanir og ástæður. Þarna eru menn oft að kanna hvort einhver sé heima í húsinu með það í huga að brjótast inn. Lögreglan bendir fólki á að vera á verði gagnvart svona mönnum. - jss



**INNBROT** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hvetur fólk til öflugrar nágrannavörslu til að koma í veg fyrir innbrot.

Slæmar fréttir fyrir rappara:

## Bannað að vera í pokabuxum

**BANDARÍKIN, AP** **Pokabuxur hafa verið bannaðar í bænum Delcambre í Louisiana í Bandaríkjunum. Bæjarstjórn samþykkti þetta einróma í vikunni.**

**Þeir sem ganga í pokabuxum eiga yfir höfði sér yfir þrjátíu þúsund króna sekt eða hálfs árs fangelsisvist fyrir ósæmilegan klæðaburð.**

**Þrátt fyrir að pokabuxur séu helst vinsælar hjá aðdáendum hiphop- og rapptónlistar segir bæjarstjórinn að bannið beinist ekki gegn svörtu fólki. „Öllum sem ganga í svona buxum verður refsað. Þeir væru betur settir í kjól en svona buxum.“** - sgj

Bæjarfulltrúi Vinstri grænna:

## Vill ekki klám í Kópavogi

**SVEITARSTJÓRNIR** **Ólafur Þór Gunnarsson, bæjarfulltrúi Vinstra grænna í Kópavogi, sagði á bæjarstjórnarfundi í vikunni að flokkur hans væri alfarið á móti því að í Kópavogi væri rekin starfsemi sem hlutgeri líkama kvenna.**



**ÓLAFUR ÞÓR GUNNARSSON**

**„Klámiðnaður og starfsemi tengd honum á ekki að eiga skjól í bænum. Vinstri græn telja að leita eigi allra leiða til að úthýsa slíkri starfsemi úr bæjarfélaginu. Sú umræða sem fram hefur farið undanfarna daga um mansal, vændi og skerðingu á ferðafrelsi starfsfólks ýtir enn frekar undir þessa skoðun,“ sagði í bókun Ólafs Þórs.** - gar

Rannsóknir Jóns Ólafssonar á minnisblöðum frá Alþjóðasambandi kommúnista:

# Komintern var mótfallið stofnun Sósíalistaflokksins

**SAGNFRÆÐI** Yfirstjórn Alþjóðasambands kommúnista, Komintern, hafði miklar áhyggjur af áætlunum Kommúnistaflokks Íslands að leggja niður flokkinn og stofna Sósíalistaflokkinn með klofningshópi í Alþýðuflokknum. Þetta kemur fram í nýrri grein Jóns Ólafssonar, prófessors við Háskólann á Bifröst í Sögu, tímariti Sögufélagsins.

Grein Jóns byggir á áður óbirtu minnisblaði þeim sem sá um málefni Norðurlanda í Komintern og er dagsett í ágúst 1938 og bendir það til að þrátt fyrir að stjórn Kommúnistaflokksins hafi í ýmsu farið að ráðum Komintern, þá hafi samþykki alþjóðasambandsins ekki verið fyrir að fara í þessu tilfelli.



**EINAR OLGEIRSSON** Tók þátt í að stofna Sósíalistaflokkinn þrátt fyrir andmæli Komitern.

Eins og Jón benti á var alþjóðasambandið því samþykkt að Kommúnistaflokkurinn leitaði samstarfs við Alþýðuflokkinn og Framsóknarflokkinn, meðal annars í gegn um ASÍ og Ungmennafélag Íslands. Sambandið var því hinsvegar algjörlega mótfallið slíkri sameiningu, ef hún yrði til þess að Alþýðuflokkurinn myndi klofna, eins og raunin varð með stofnun Sósíalistaflokksins. Í svari við bréfi Einars Olgeirssonar, sem sent var sumarið 1938 og þar sem Einar reyndi að færa rök fyrir stofnun Sósíalistaflokksins, þrátt fyrir klofning Alþýðuflokksins, hélt Komintern því fram að slíkur klofningur myndi meðal annars leiða til frekara samstarfs Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og koma í veg fyrir frekari sameiningu vinstri flokka á Íslandi. - ss

Lóðir í Úlfarsárdal:

## Tæplega 400 vildu lóð

**SKIPULAGSMÁL** Umsóknarfrestur um lóðir í Úlfarsárdal rann út í fyrradag. Samtals bárust 374 umsóknir um lóðirnar en 115 lóðir eru í boði. Í boði eru 73 lóðir fyrir einbýlishús, 27 fyrir parhús, ellefu raðhúsalóðir og fjórar lóðir fyrir fjölbýlishús. Alls er um 388 íbúðir að ræða.

Dregið verður úr umsóknum og er gert ráð fyrir að úrdrátturinn fari fram í næstu viku. - þo

**LANDSKJÖRSTJÓRN**

### Þórður í stað Gests

Þórður Bogason lögmaður tekur sæti Gests Jónssonar lögmanns í landskjörstjórn. Gísli Baldur Garðarsson, Hervör Lilja Þorvalds, Bryndís Hlöðversdóttir og Ástráður Haraldsson voru endurkjörin í stjórnina.






KLASSÍSK BRÚÐARGJÖF FRÁ iittala®

GJAFAVÖRUR Í SÉRFLOKKI • GJAFABRÉF • BRÚÐARGJAFALISTAR



Á kaffihúsinu sem Te og kaffi starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 laugardaga.

ENNEMM / SÍA / NM28360

## „ORÐRÉTT“

### Vilja frí frá suði

**„Það er verið að treysta á að börnin suði í foreldrunum.“**

GÍSLI TRYGGVASON, TALSMAÐUR NEYTENDA, SEM ÁSAMT INGIBJÖRGU RAFNAR, UMBOÐSMANNI BARNA, VILL AÐ MARKAÐSSETING SEM BEINIST AÐ BÖRNUM VERÐI TAKMÖRKUÐ.

Fréttablaðið 14. júní

### Það sem æðislegast er

**„Mig langaði til að gera eitthvað æðislega girnilegt og það fyrsta sem kom í huga mér voru vaxtarræktarkarlar og rjómaís.“**

GUÐMUNDUR THORODDSEN UM MYNDLISTARSÝNINGU SÍNA.

Morgunblaðið 14. júní

nær og fjær

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA:** MARGRÉT PÁLA ÓLAFSDÓTTIR, SKÓLASTJÓRI

## Þar sem grasið er ögn grænna

„Það er allt mögulegt að frétta. Fyrst og fremst eru frábærir hlutir að gerast. Skólarnir okkar með nemendum, foreldrum og kennurum vaxa og dafna og mikil gleði í okkar húsum,“ segir Margrét Pála Ólafsdóttir, leikskólastjóri og framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar sem nokkuð hefur verið í umræðunni að undaförnu.



„Við rekum grunnskólann okkar í Garðabæ áfram, Barnaskóla Hjallastefnunnar fullu nafni, og erum að fara að opna grunnskóla í Hafnarfirði, við hliðina á leikskólanum okkar Hjalla, í haust. Þar var tilraunastarf í fyrravetur og núna erum við að stofna þar formlega lítinn grunnskóla fyrir sex og sjö ára börn. Við erum einnig í viðræðum við borgaryfirvöld um að stofna leikskóla í Reykjavík. Nú er Laufásborg í Reykjavík að verða formlegur Hjallastefnuleikskóli, stefna hans hefur samt verið í samræmi við Hjallastefnuna lengi, og í framhaldinu erum við sannfærð um að hægt sé að vera með grunnskólatilraun líka.

Ég mun svo taka mér hæfilega langt sumarleyfi og vera fyrir norðan. Þar sem loftið er aðeins hægara, grasið ögn grænna og himininn aðeins blárri. Þar verð ég með spúsu minni og við fáum barnabörnin í hefðbundið vikufrí til okkar, eins og á hverju sumri. Í fyrra vorum við á Snæfellsnesi en núna verðum við á Norðurlandi. Þar munum við veiða fisk, fara í siglingu og skoða Jökulsá á Fjöllum og elska okkar land.“

## GAFFLAR:

### YNGRI EN SKEIÐAR OG HNÍFAR

Gafflar voru fyrst kynntir fyrir Vesturlandabúum á 10. öld, en urðu ekki algengir meðal almennings fyrr en á 18. öld í norðanverðri Evrópu. Á 14. öld voru gafflar orðnir í nokkuð vinsælir á Ítalíu, sérstaklega meðal aðalsstéttarinnar. Sumir menntamenn kaþólsku kirkjunnar mótmæltu göfflunum sem óþarfa lúxus, þar sem guð hafi veitt manninum náttúrulega gaffla. Áður var stuðst við hníf og skeið þegar borðað var en oft var bara borðað með höndunum. Fyrir árið 1000 var farið að nota gaffla í Mið-Austurlöndum.



## SJÓNARHÓLL

KNATTSPYRNULANDSLIÐ KARLA

### Er þetta ekki bara fínt?

„Satt best að segja veit ég ekkert um fótbolta og fylgist ekki neitt með þessu“ segir Aron Víglundsson, markaðsstjóri hjá Myndformi. „Maður hefur nú eitthvað orðið var við einhverja óánægju en ég hafði nú ekki kynnt mér hvað það væri sem menn væru óánægðir með.“



**ARON VÍGLUNDSSON** Markaðsstjóri hjá Myndformi

„Eru þeir í 109. sæti segirðu. Er það ekki bara topp árangur? Ég myndi halda það. Það er ekki eins og við séum einhver risastór þjóð. Menn verða bara að sætta sig við það að vera lítil þjóð og bera sig saman við þjóðir af svipaðri stærð. Eða jafnvel minni, þá gæti samanburðurinn orðið hentugri. Svo getur Ísland varla verið heppilegasta landið fyrir knattspyrnuiðkun. Sumarið er svo stutt. Spurning um að einbeita sér bara að einhverri annarri íþrótt.“

„Erum við ekki örugglega fyrir ofan Grænland og Færeyjar? Við ættum bara að bera okkur saman við þær þjóðir. Á meðan við erum fyrir ofan þær ættum við bara að vera ánægð.“

# Ætlar að hjóla 300 kílómetra

**Sigurður Jakobsson ætlar að taka þátt í fjölmennustu hjólreiðakeppni áhugamanna í Svíþjóð um næstu helgi. Hann ætlar að hjóla 300 kílómetra kringum þriðja stærsta vatn Svíþjóðar á innan við tólf tímum.**

Sigurður Jakobsson, myndatökumaður Sjónvarpsins, ætlar að taka þátt í Vätternrundan, fjölmennustu hjólreiðakeppninni sem haldin er fyrir áhugamenn í hjólreiðum. Keppnin fer fram nú um helgina og verða hjólaðir 300 kílómetrar í kringum Vättern, þriðja stærsta stöðuvatn Svíþjóðar.

Keppnin hefst á föstudagskvöldið klukkan átta og er ræst í hana rétt sunnan við bæinn Motala. Þátttakendur eru 17.800 talsins og verður þeim hleypt af stað í sextíu til sjötíu manna hópum á tveggja mínútna fresti til klukkan fimm á laugardagsmorgun. „Ég stefni á að fara þetta á innan við tólf tímum en sumir eru bara hálfan dag að þessu. Mér skilst að það sé tímaþak upp á 23-24 tíma. Þeir sem eru lengur að þessu detta út en aðstandendur gefa ekki út neinn tíma. Þetta er áhugamannahjólreiðakeppni og fólk er þarna á sínum forsendum. Slagorðið „Leiðin er allt, markið er ekkert“ á að undirstrika áhugamennskuna í þessu,“ segir hann.

Sigurði telst svo til að hann brenni átta þúsund kaloríum á leiðinni. Boðið er upp á tíu stopp á leiðinni og hann gerir ráð fyrir að stoppa á tveimur stöðum til að fylla á vatnsbrúsa og helst ekki meira en fimm mínútur í senn.

„Nú er 25 stiga hiti á þessu svæði. Ég reikna með að drekka sjö lítra af vökva, vatni og orkudrykk, miðað við þann hita. Ég get aðeins verið með tvo lítra á hjólinu í einu þannig að ég þarf að stoppa tvisvar til að fylla á þá aftur. En svo getur þetta brugðist, til dæmis ef það verður grenjandi rigning. Þá getur maður þurft að stoppa oftar,“ segir hann.

Sigurður er 55 ára gamall og hefur hlaupið mikið og hjólað í gegnum tíðina. „Mér skilst að flestir á mínum aldri séu farnir að spila golf eða búnir að kaupa sér sumarbústað en fyrir tveimur árum beit hjóladellan mig illa og ég hef hjólað mikið síðan,“ segir hann.

Sigurður æfir sjálfur og undir stjórn Alberts Jakobssonar, þjálfara hjá Hjólreiðafélagi Reykjavíkur. Hann hefur einnig æft með öðrum hjólreiðamönnum. Albert þjálfari segir að það sé afrek að ljúka Vätternrundan.

„Þetta er öðruvísi en últramaraþon hjá hlaupurum, það reynir öðruvísi á líkamann. Hlaupin gera að verkum að þú ert alltaf að skemma þig en í hjólreiðunum sleppurðu við það.“ **ghs@frettabladid.is**




### Flestir komnir í golfið



„Mér skilst að flestir á mínum aldri séu farnir að spila golf eða búnir að kaupa sér sumarbústað,“ segir Sigurður Jakobsson myndatökumaður, sem er á leið til Svíþjóðar að keppa í Vätternrundan þar sem hjólað er 300 kílómetra kringum þriðja stærsta stöðuvatn Svíþjóðar. Sigurður reiknar með að brenna átta þúsund kalóríum á þeim tólf klukkustundum sem hann ætlar að vera á leiðinni.


LÝSING

**Lýsing hf., kt. 621101-2420, hefur gefið út lýsingu vegna skráningar skuldabréfa sem Kauphöll Íslands hefur samþykkt og gert aðgengilega almenningi frá og með 15. júní 2007.**

Eftirfarandi skuldabréfaflokkur hefur verið gefinn út:

- Skuldabréfaflokkur að fjárhæð kr. 750.000.000 var gefinn út þann 2. maí 2006 og er auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands LYS 06 1. Bréfin verða skráð í Kauphöll Íslands þann 15 júní 2007. Hver eining bréfanna er kr. 5.000.000. Skuldabréfin eru verðtryggð miðað við grunnvísitölu neysluverðs 255,2 og skulu bera 5,95% fasta vexti. Höfuðstóll bréfanna skal endurgreiðast þann 2. maí 2016, en vaxtagjalddagar skulu vera einu sinni á ári, sá fyrsti var þann 2. maí 2007 og síðan árlega.

Lýsingu þessa er hægt að nálgast hjá útgefanda Lýsingu hf., Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík og á vefsetri hans www.lysing.is. Umsjónaraðili skráningarinnar er Kaupþing banki hf.

Reykjavík 15. júní 2007

KAUPÞING


Ævafornt bæjarstæði frá þjóðveldisöld finnst á Austurlandi:

# Bóndi finnur fornminjar

Ráðist verður í neyðaruppgröft á fornum hleðslum sem komu í ljós í byrjun þessa mánaðar á bænum Vaði í Skriðdal. Inga Sóley Kristjönudóttir, minjavörður Austurlands, segir öruggt að rústirnar séu frá því fyrir árið 1158.

Ártalið miðar hún við öskulag sem féll eftir Heklugos það ár. Hún segir þó óhætt að gera ráð fyrir því að hleðslan sé töluvert eldri því um tíu sentímetrar séu á milli hleðslunnar og öskulagsins.

„Það er alveg sama hvar maður grefur hérna. Maður kemur alltaf niður á einhverjar minjar úr fortíðinni,“ segir Guðmundur Ármannsson, bóndi á Vaði en rústirnar komu í ljós þegar hann ætlaði að grafa fyrir grunni til að stækka íbúðarhúsið sitt. Fyrir fimmtán árum ætlaði hann að grafa annars staðar á jörðinni en þurfti einnig að staldra við þar sem hann kom niður á fornminjar.

Guðmundur segist þó ekki kvarta þótt atgangur fræðimanna tefji hann. Náin tengsl við fortíðina skapi aðeins góðan anda í hugum ábúanda jarðarinnar.

„Það hafa fundist tvö kuml á þessari jörð. Kannski erum við búin að finna íbúðarhúsnæði þeirra sem þar lágu,“ segir Inga Sóley. Nú þegar hefur fundist gólflag, eldstæði í húsinu og segir hún spennandi að vita hvað fleira má finna í þessu ævaforna bæjarstæði í sumar. **- kdk**



**NEYÐARUPPGRÖFTUR** Á bænum Vaði í Skriðdal hefur fundist bæjarstæði frá þjóðveldisöld. FORNLEIFAVERND RÍKISINS



**NÁIN TENGSL VIÐ FORTÍÐINNA** Bóndinn Guðmundur Ármannsson segir Vað svo fornt bæjarstæði að vart megi stinga niður skóflu án þess að koma niður á merkar fornminjar. FORNLEIFAVERND RÍKISINS



MAX RAFTÆKI
FRÍ HEIMSENDING FRÍ SAMSETNING
Ef grillið er keypt fyrir kl. 15.00 sendum við það heim í dag!
Permasteel 43099 gasgrill
• 52.000 BTU
• Ryðfrítt stál / pottstál
• 4 línubrennarar
• 1 hliðar eldunarhella
• Grillgrind úr pott-stáli
• Efri grind úr emileruðu stáli
• Raf kveikja
69.989 kr.
Fullt verð 84.989
Kaupauki að verðmæti kr. 14.000 fylgir hverju seldu grilli:
Kassi af Coke Zero, grilltangasett, grillbursti, yfirbreiðsla á grillið, yfirbreiðsla fyrir gaskút, kassi af Freyju draum, kassi af Buffaló bitum og kassi af Rís súkkulaði.
19.989 kr.
Fullt verð 29.989
SONY DSCW50
• Stafræn myndavél
• 6 milljón punkta uppl.
• 2,5" LCD skjár
• 3x Optical
• 6x Digital zoom
• Carl Zeiss linsa
• Hreyfimyndataka
• USB tenging
• 32MB minni innbyggt
8.989 kr.
Fullt verð 12.989
Sony CFDS01H
• 6.8W ferðatæki
• Geislaspilari
• AM/FM útvarp
• Digital tuner
• Segulband
Spilar CD (Audio), CD-R, CD-RW
Kemur út í dag
PlayStation 2
BUZZ! THE MEGA QUIZ
2.989 kr.
Fullt verð 3.989
JOGVAN
1.689 kr.
Fullt verð 1.999
NÝTT KORTATÍMABIL ER HAFIÐ
40" LCD
32" LCD
179.989 kr.
Fullt verð 219.999
Samsung RS21FANS
• 177sm kæliskápur með frysti
• Brúttóstærð 532 lítrar
• 346 lítra kælir - 186 lítra frystir
• Hillur úr hertu gleri
• No Frost
• Orkunýting A
• Mál (hxbxd): 177x90x60sm
199.989 kr.
Fullt verð 239.989
Samsung LE40S71
• 40" LCD veggsjónvarp
• HD Ready
• DNIe stafræn myndvinnsla
• Upplausn: 1366 x 768
• Mynd í mynd (1 tuner)
• HDMI, Component, SCART x 2, PC (D-sub) og S-video
• Game mode
99.989 kr.
Fullt verð 149.989
Samsung LE32R32
• 32" LCD veggsjónvarp
• HDTV háskerpusjónvarp
• 1366 x 768 punkta upplausn
• Mynd í mynd (1 tuner)
• DVI, Component, SCART x 2, PC (D-sub), Composite og S-video
49.989 kr.
Fullt verð 64.989
Siemens SE24E234
• 60sm, 12 manna uppþvottavél
• Hljóðlát 52 dB (A)
• Rafeindastýrður kerfisveljari (4 kerfi)
• Lætur vita ef gljáefni vantar
• Þurrkar með hita frá elementum
• Vatnsflæðivörn
• Þvotthæfni A og þurrkhæfni A
• Orkunýting A
Tilboð gilda til 18. júní eða á meðan birgðir endast.
OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.
Frábær tækjakaup
MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
Við erum beint á móti IKEA

## Svona erum við

> Aðsókn að kvikmyndum á Íslandi árið 2005




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** FATAH OG HAMAS

# *Átök á Gaza-ströndinni*

Vopnaðar erjur hafa verið milli Fatah-hreyfingarinnar og Hamas-samtakanna á Gaza í Palestínu undanfarnar vikur. Þessar tvær hreyfingar mynda sameiginlega stjórn Palestínu.

**Hvaða samtök eru þetta?**
Jasser Arafat stofnaði Fatah-samtökin á sjötta áratugnum til að standa fyrir vopnaðri baráttu gegn yfirráðum Ísraels yfir Palestínu. Samtökin urðu stærsta pólitíska hreyfing Palestínumanna. Þau viðurkenndu tilverurétt Ísraelsríkis og tóku þátt í Óslóarsamkomulaginu og hafa síðan verið leiðandi afl í Palestínu.

Hamas-samtökin voru stofnuð 1987. Markmið þeirra er að stofna íslamskt ríki í Palestínu. Hlutverk þeirra er tvenns konar: velferðarþjónusta og vopnuð barátta. Samtökin njóta virðingar meðal Palestínumanna vegna þessa. Hins vegar hafa síendurteknar sjálfsmorðsárásir af þeirra hálfu valdið því að Ísraelsríki, Bandaríkin og Evrópusambandið skilgreina Hamas sem hryðjuverkasamtök.



**Hver er afstaðan til Ísraels?**
Formaður Fatah-samtakanna, Mahmoud Abbas, er mótfallinn vopnuðum átökum við Ísrael. Í stofnskrá Hamas-samtakanna segir að útrýma skuli Ísraelsríki. Hins vegar hefur leiðtogi samtakanna, Ismail Haniya, lagt til að samið verði um vopnahlé við Ísrael til langframa.

**Hvar standa samtökin í dag?**
Fatah-samtökin töpuðu í þingkosningunum 2006 vegna ýmissa spillingarmála. Óttast var að Fatah reyndi að halda völdum en 70.000 manna lið lögreglu og öryggisvarða er að mestum hluta á bandi þeirra. Í mars 2007 var þó ákveðið að mynda stjórn með Hamas-samtökunum.

Hamas-liðar hafa myndað 3.000 manna leynilegt öryggislið til að koma í veg fyrir lögleysu á Gaza-ströndinni. Það hefur valdið titringi meðal Fatah-liða sem eru þar fyrir.

## SPURT OG SVARAÐ

LIFRARBÓLGA C

### *Flýr varnir líkamans*

Talið er að 70 prósent sprautufíkla séu sýkt af lifrarbólgu C og sífellt yngri einstaklingar eru að greinast. Læknar vilja að aðgengi að sprautum og nálum verði bætt. Sigurður Ólafsson er sérfræðingur í lifrarlækningum.



**SIGURÐUR ÓLAFSSON**
Læknir

**Hvað er lifrarbólga C?** Lifrarbólga C er veirusýking sem leggst aðallega á lifrina og getur valdið langvinnri lifrarbólgu sem getur leitt til skorpulifrar.

**Hversvegna er hún svona skæð?** Veiran er þannig gerð að hún getur flúið varnir líkamans. Þegar um lifrarbólgu C er að ræða tekst veirunni að flýja ónæmiskerfið og breyta sér.

**Hverjar eru lífslíkur eftir smit?** Lifrarbólga C getur valdið skorpulifur, oftast á mjög löngum tíma, kannski tuttugu eða þrjátíu árum.

**Er hætta á faraldri?** Þetta hefur verið faraldur undanfarin ár meðal sprautufíkla.

# Leggja svipunni og fjölga fólki

**Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota, og Gísli Garðarsson, lögmaður og fyrrverandi skattrannsóknarstjóri, telja báðir að það sé orðið tímabært að leggja embætti skattrannsóknarstjóra niður og færa verkefni og mannaforráð annað. Efnahagsbrot verða sífellt umfangsmeiri.**




**SÓTT AÐ SIGURÐI TÓMASI MAGNÚSSYNI** Fjölmiðlar hafa sýnt málum sem rannsökuð hafa verið sem efnahagsbrot mikinn áhuga á undanförnum árum, til að mynda samráðsmáli olíufélaganna og Baugsmálaferlunum. „Fjölmiðlar hafa verið notaðir. Mér finnst það ekkert skrítið, ég myndi gera það líka ef ég ætti fjölmiðil og stæði í svipuðum málaferlum," sagði Helgi Magnús og vitnaði til Baugsmálsins. „Ég ætla mér að svara fyrir embættið sem ég stýri og geri það af hörku ef þess þarf. Ég verð þá bara rekinn ef ég geng of langt." FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það má til dæmis byrja á því að færa alla starfsmenn skattrannsóknarstjóra til embættis saksóknara efnahagsbrota. Það myndi hjálpa," sagði Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota, á morgunverðarfundi í gær er hann var spurður að því hvernig væri hægt að efla embættið. Sagði hann nauðsynlegt að auka fjárveitingar til embættisins og fjölga starfsfólki, í stað þess að „beita svipunni á starfsmenn endalaust".

Gísli G. Garðarsson, sem var forstöðumaður hjá Skattrannsóknarstjóra á árum áður en er nú einn eigenda Lex lögmannsstofu, tók undir þetta með Helga Magnúsi. „Þó það hljómi undarlega, í ljósi minna fyrra starfa, þá er ég sammála Helga Magnúsi."

Þetta kom fram á morgunverðarfundi Samtaka atvinnulífsins og saksóknara efnahagsbrota í gær, þar sem efnahagsbrot voru til umræðu.

Sarah Jane Hughes, prófessor í lögum við Indiana-háskóla í Bandaríkjunum, fjallaði um svokallaða hvítflibbaglæpi og almenn efnahagsbrot út frá bandarísku lagaumhverfi og hvernig fyrirtæki gætu reynt að haga sínum málum, komi málefni tengd þeim inn á borð lögreglu. „Í dag eru falsanir á ýmsum þekktum vörumerkjum, til dæmis Gucci-töskum, meðal umfangsmestu efnahagsbrota og til þess að uppræta þannig glæpi þarf öflugt eftirlit og skynsamleg lög. Þetta á líka við um peningaþvætti og önnur flóknari efnahagsbrot," sagði Sarah meðal annars.

**Hörð gagnrýni – þörf á úrbótum**
Helgi Magnús var kjarnyrtur á fundinum. Meðal annars sagði hann „litla sem enga" akademíska umræðu fara fram hér á landi um opinbert réttarfar og gagnrýndi löggjafann, það er Alþingi, fyrir að vanda ekki nægilega til verka við lagasetningu sem hefði leitt til óþarfa vandræða við meðferð mála í dómskerfinu. „Löggjafarvaldið er meira og minna óháð. Menn fara upp í sumarbústað og ætla sér að semja lagafrumvörp, sem auðvitað skilar engum árangri. Í stað þess að vinna þau í samvinnu við færustu sérfræðinga á þeim sviðum sem starfa í viðkomandi lagaumhverfi og þekkja því galla þess og kosti út og inn," sagði Helgi Magnús. „Við endurskoðun á lögum um meðferð opinberra mála þá var ekki leitað að neinu marki eftir áliti hjá ákæruvaldinu, þó sérfræðiþekking á því sviði sé öðru fremur að finna þar. Þetta er náttúrlega algjörlega galið," sagði Helgi Magnús.

Vitnaði hann þar til starfs réttarfarsnefndar þar sem enginn sem komið hefur að starfi ákæruvaldsins átti sæti. Jafnframt sagði Helgi Magnús nauðsynlegt að færa verkefni undir ákæruvaldið frá öðrum embættum, og tók með því undir hugmyndir sem meðal annars hafa komið frá Haraldi Johannessen ríkislögreglustjóra og Boga Nilssyni ríkissaksóknara.

**300.000 í stað milljarða**
Helgi Magnús spurði þeirrar spurningar, hvers vegna saksóknari efnahagsbrota hefði aðeins heimild til þess að beita 300.000 króna sáttaheimild í málum, á meðan eftirlitsaðilar eins og Samkeppniseftirlitið gætu beitt stjórnvaldssektum á fyrirtæki sem numið milljörðum. „Þetta þekkist ekki í löndunum í kringum okkur og er í raun óskiljanlegt. Þetta er einn af fjölmörgum hlutum sem þarf að breyta," sagði Helgi Magnús. Hann sagði „augljóslega" þurfa að víkka þessar heimildir „til samræmis við heimildir eftirlitsaðila" svo hægt væri að leysa úr málum farsællega, ekki síst fyrir fyrirtækin sem ætti í hlut.

**Embætti deila sín á milli**
Garðar rakti í erindi sínu nokkur dæmi þar sem ákæruvaldinu hefði ekki gengið nægilega vel að rannsaka efnahagsbrot. Gagnrýndi hann öðru fremur hversu langan tíma það tæki að rannsaka málin. „Það tengist því að það vantar fólk og fjármuni til þess að flýta rannsóknum og klára málin sem fyrst. Það gefur auga leið." Vitnaði hann til hæstaréttardóma þar sem skýrlega kæmi fram að óþarflega langur málsmeðferðartími fæli í sér mannréttindabrot gagnvart sakborningum. Nefndi hann einnig að það væri „augljóslega ekki nægilega gott samstarf milli embætta" og vitnaði til deilna milli saksóknara efnahagsbrota og skattrannsóknarstjóra vegna meðferðar á skattamálum Baugs. „Þetta varð að fjölmiðlamáli og einhverra hluta vegna keypti skattrannsóknarstjóri sérfræðiálit út í bæ til þess að taka á álitamáli sem þarna var til umfjöllunar," sagði Garðar.

Helgi Magnús tók undir með Garðari að nokkru leyti og sagði það ekki gott ef málsmeðferð og rannsóknir gengu ekki nægilega hratt. Það væri hins vegar hægt að laga með því fjölga starfsmönnum hjá saksóknara efnahagsbrota. Hann sagði gagnrýni á langa málsmeðferð réttmæta. „Þrennt er hægt að gera við þær aðstæður sem við stöndum í núna. Það er að forgangsraða verkefnum, beita svipunni á starfsmenn endalaust til þess að þeir vinni meira, þó það sé nú varla hægt vegna þess hvernig vinnuálagið er, eða fjölga starfsmönnum og færa embættinu meira fé. Ég tel þriðja atriðið vera skynsamlegast og það eina rétta."

### FJÖLDI STARFSMANNA

| | |
|---|---|
| Saksóknari efnahagsbrota | 17 |
| Fiskistofa | 88 |
| Fjármálaeftirlitið | 48 |
| Samkeppniseftirlitið | 20 |
| Skattrannsóknarstjóri | 22 |
| Umhverfisstofnun | 66 |

## Starfssvið embætta ólík

„Ég er ósammála þessu sjónarmiði því starfssvið embættanna eru ólík," segir Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri um þá hugmynd Helga Magnúsar Gunnarssonar að fella embættið niður og færa starfsmenn þess og fjárveitingar til saksóknara efnahagsbrota. Hún segir flest mál skattrannsóknarstjóra ekki vera „þess eðlis" að þau eigi heima inni á borði saksóknara. „Flest þessara mála eiga ekki heima hjá embætti saksóknara og eru minniháttar mál. Annars vegar er um að ræða endurákvörðun skatta, sem leyst er úr hjá skattayfirvöldum en ekki hjá saksóknara, og hins vegar refsimál en það er mikill minnihluti mála sem fer í þann farveg. Ég tel því ekki viturlegt að leggja embætti skattrannsóknarstjóra niður."

Bryndís segir margvísleg tækifæri vera fyrir hendi til þess að styrkja rannsóknir. „Ég er á því að það sé hægt að auka samstarf milli embætta og styrkja þannig rannsóknir."



FRÉTTASKÝRING
**MAGNÚS HALLDÓRSSON**
magnush@frettabladid.is

norvikbanka

A/S Norvik Banka, kt. 620207-9850, hefur birt lýsingar vegna skráningar víxla bankans í Kauphöll Íslands hf. Víxlarnir verða skráðir 15. júní 2007. Hver víxlaflokkur er að hámarki kr. 2.000.000.000. Einingar víxlanna eru 5.000.000 kr. Heildarupphæð útgáfunnar er 6.000.000.000 kr.

| Auðkenni | Útgáfudagur | Gjalddagi | Útg. v/skráningu |
|---|---|---|---|
| NORV 07 0619 | 19. mars 2007 | 19. júní 2007 | kr. 805.000.000 |
| NORV 07 0919 | 19. mars 2007 | 19. sept. 2007 | kr. 1.425.000.000 |
| NORV 07 1219 | 19. mars 2007 | 19. des. 2007 | kr. 1.210.000.000 |

Víxlarnir eru vaxtalausir og óverðtryggðir. Lýsingar og þau gögn sem vitnað er til í henni er hægt að nálgast hjá Norvik banka 21, E. Birznieka-Upisha Street LV-1011 Riga Latvia. Lýsingar er einnig hægt að nálgast á heimasíðu Norvik Banka www.norvik.lv og vef Kauphallar Íslands hf. omxgroup.com/nordicexchange/Markadsfrettir/Fyrirtaekjatilkynningar.

Umsjónaraðili skráningar í Kauphöll Íslands er Kaupþing banki hf.

Reykjavík, 15. júní 2007

KAUPÞING

# NÝ OG ENDURBÆTT HEIMASÍÐA!






# bonus.is

## Póstlistinn: *Bónus býður betur*

Matarkarfa að upphæð **20 þúsund krónur** dregin út í hverri viku til 1. september!

**Afgreiðslutíminn * Nýjustu tilboðin * Staðsetningar**




EKKERT BRUDL

# Sama verð um allt land

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.165 **+0,65%**

**Fjöldi viðskipta:** 365
**Velta:** 7.625 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ATL. PETROLEUM** | +3,77% | **MOSAIC** | -4,12% |
| **LANDSBANKINN** | +1,47% | **ÖSSUR** | -0,95% |
| **KAUPÞING** | +1,11% | **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | -0,61% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,68 +0,55% ... Actavis 88,50 +0,57% ... Alfesca 4,86 +0,00% ... Atlantic Petroleum 1.100 +3,77% ... Atorka 8,02 +0,75% ... Bakkavör 69,80 -0,29% ... Eimskipafélagið 40,90 -0,61% ... FL Group 29,50 +0,86% ... Glitnir 28,55 +0,18% ... Kaupþing 1.095 +1,11% ... Landsbankinn 38,05 +1,47% ... Marel 84,50 -0,24% ... Mosaic Fashions 16,30 -4,12% ... Straumur-Burðarás 20,95 0,48% ... Össur 104,00 -0,95%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# *Peningaskápurinn ...*

### Grátkórinn

Vaxtaumræðan tekur oft á sig furðulegustu myndir. DV lét Kristján Gunnarsson, formann Starfsgreinasambandins, mala um okurvexti bankanna og lágt viðskiptasiðferði þar sem viðskiptabankarnir nauðbeygi fólk til að taka yfirdráttarlán. Staðreyndin er hins vegar sú að það þurfa allir að greiða háa vexti í þessu landi hvort sem það eru einstaklingar eða fyrirtækin stór og smá. Stýrivextir Seðlabankans eru yfir 14 prósent og dráttarvextir 25 prósent. Það er eins og formaðurinn áliti að fólk hafi ekkert val um það hvort það eyði um efni fram eða ekki. Hvernig væri nú að verkalýðsforkólfar kenndu fólki að líta í eigin barm og ráðleggðu því að spara þar sem nú fást 14 prósenta vextir á peningamarkaðsreikningum? Nú í góðærinu er rétti tíminn til að snúa vörn í sókn og hefna sín á bönkunum.



### Vill á sig blómum bæta

Skoski auðkýfingurinn Tom Hunter, Baugur, breski fjárfestirinn Kevin Stanford, sem fer með hlut í breska fjárfestingarfélaginu Unity Investments í félagi við Baug og FL Group, Kaupþing og Bank of Scotland hafa minnkað við sig í bresku gripið- og greitt keðjunni Booker. Söluandvirðið nemur 29,6 milljónum punda, jafnvirði 3,7 milljarða króna, og ætla fjárfestarnir að nýta fjármagnið til að hindra yfirtöku bresku stórmarkaðakeðjunnar Tesco á skosku garðvörukeðjunni Dobbies, að sögn breska viðskiptablaðsins Financial Times. Hunter, sem á garðvöruverslanirnar Wyevale Garden Centres og Blooms of Bressingham í félagi við Baug, átti tæpan tíu prósenta hlut í Dobbies í síðustu viku en bætti við sig í vikunni og situr nú á rétt rúmum fimmtungi hlutabréfa.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Breska lágvörukeðjan Iceland Foods hefur tekið 370 milljóna punda endurfjármögnunarlán í samstarfi við Landsbanka Íslands og Deutsche Bank. Þetta jafngildir 43,6 milljörðum íslenskra króna.

Heildarafli íslenskra skipa var 142 þúsund tonn í maí síðastliðnum. Það er ríflega 38 þúsund tonna minni afli en í maí í fyrra. Minnkunin nemur rúmlega tólf prósentum.

Mikið líf var skuldabréfamarkaði í kjölfar birtingar Hagstofu Íslands á tölum um landsframleiðslu á fyrsta ársfjórðungi. Það gefur til kynna að búist sé við að stýrivextir verði lækkaðir fyrr en áður var talið. Frá þessu segir í Morgunkorni Glitnis.

# Eik blæs í herlúðra

## Nýtt hlutafé selt fyrir skráningu bankans á ICEX.

Eik Banki, stærsti banki Færeyja, ætlar að selja nýtt hlutafé í aðdraganda skráningar í Kauphöll Íslands og Kauphöllina í Kaupmannahöfn. Upphæðin sem Eik hyggst safna er á bilinu 5,1-6,6 milljarðar króna og hafa núverandi hluthafar kauprétt að öllum bréfunum. Útboðið er að fullu sölutryggt miðað við lægri mörk þess.



**FRÁ FÆREYJUM**

Útboðsgengi bréfanna er 575 danskar krónur á hvern 100 krónu nafnverðshlut. Gengi Eik Banka, sem stóð í 678 dönskum krónum á tilboðsmarkaði í gær, hefur hækkað um 125 prósent á einu ári, þar af um þriðjung á þessu ári.

Stærsti hluthafinn í Eik Banka er sjálfseignarstofnunin Sparikassagrunnurinn sem heldur utan um 63 prósent hlutafjár. SPRON, Kaupþing og aðrir íslenskir fjárfestar eru einnig á meðal hluthafa.

Eik Banki er stærsti stofnfjáreigandinn í SPRON og umsvifamikill á dönskum fjármálamarkaði. **- eþa**

# Ágæt viðskipti með Century

**Viðskipti með bréf Century Aluminum á fyrsta viðskiptadegi félagsins á First North markaðnum í gær námu fjörutíu milljónum. Century er fyrsta bandaríska félagið sem er skráð á íslenskan hlutabréfamarkað.**

Sex viðskipti voru með bréf í Century Aluminum Company, móðurfélagi Norðuráls, á fyrsta viðskiptadegi þess á First North-markaðnum í gær. Markaðsvirði viðskiptanna var um 40,5 milljónir íslenskra króna.

Viðskiptin með Century í gær geta talist góð, í það minnsta ef miðað er við venjulegan dag á First North-markaðnum á Íslandi. Fyrir eru Grandi og Hampiðjan skráð á markaðinn. Viðskipti með bréf þeirra félaga hafa hingað til verið lítil sem engin.

Í gærmorgun var margmenni mætt í Kauphöll Íslands til að fylgjast með fyrstu viðskiptum Century á markaðnum. Félagið, sem einnig er skráð á Nasdaq-hlutabréfamarkaðinn, er fyrsta bandaríska félagið til að verða skráð á Íslandi.

Meðal þeirra sem mættu til athafnarinnar voru þeir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra, Ingólfur Helgason, forstjóri Kaupþings banka og Halldór Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans. Kaupþing og Landsbankinn voru umsjónaraðilar skráningar félagsins hér á landi. Logan Kruger, forstjóri Century, sagði viðtökur íslenskra fagfjárfesta við nýloknu hlutafjárútboði félagsins hafa verið framar vonum stjórnenda þess.



**HÁTÍÐARBJÖLLU HRINGT** Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra, Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, og Logan Kruger, forstjóri Century, hringja Century inn á íslenska markaðinn.

Markaðsvirði þeirra hluta Century sem skráðir eru hér á landi nemur 6,45 milljörðum íslenskra króna. Heildarmarkaðsvirði félagsins nemur tæpum 140 milljörðum íslenskra króna. **- hhs**






**1.283** kr/kg, áður 1.974 kr/kg
Goða lambalæri m/kryddjurtum




**1.168** kr/kg, áður 1.669 kr/kg
Goða grísakótilettur Karabían




**839** kr/kg, áður 1.399
Holta ferskur blandaður grillbakki




**1.168** kr/kg, áður 1.669 kr/kg
Goða grísahnakki Bahamas




**1.168** kr/kg, áður 1.669 kr/kg
Goða grísahnakki piri piri

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir




**365** kr/kg, áður 609 kr/kg
Matfugls kjúklingaleggir magnkaup




**916** kr/kg, áður 1.527 kr/kg
Borgarnes grísakótilettur Medeterranean




**299** kr/pk, áður 599 kr/pk
Chicaco Town 23 cm American Royale
Chicaco Town 23 cm American Super Supreme

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 14.–16. júní, eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Uppskeruhátíð sviðslistanna er í kvöld.

## Dagur sjálfumgleðinnar

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Í kvöld verður Gríman veitt. Leiklistarverðlaunin, Íslensku tónlistarverðlaunin og Eddan eru svokölluð fagverðlaun veitt eftir kosningu í samtökum listamanna: Grímuverðlaunin eru veitt af þrjátíu manna hópi. Honum er ætlað að meta nær áttatíu verk, sem er flestum ofviða, jafnvel þeim sem atvinnu hafa af listumfjöllun. Slíkt er framboðið.

Hátíð kvöldsins verður í nær áttræðu kvikmyndahúsi sem hýsir starfsemi Íslensku óperunnar. Þar hefur sönglistin haldið til í aldarfjórðung við óviðunandi aðstæður, fyrir flytjendur og gesti. Tónlistarmenn eru ekki betur settir: Sinfónían spilar fyrir gesti sína í nær fimmtugu kvikmyndahúsi sem er viðurkennt að er með ónýtan hljómburð. Þjóðleikhúsbyggingin er í hörmulegu ástandi utan áhorfendasvæða og í nær þrjátíu ára Borgarleikhúsi er kominn tími á viðhald. Þar verður ekkert leikið í sumar vegna viðgerða á áhorfendasvæðum. Listasafn Íslands býr við þröngan kost.

Utan Reykjavíkur byggja menn menningarhús: Ísfirðingar hafa leyst sín mál á farsælan hátt. Á Akureyri rís hús í sumar undir leiklist, tónlist og fleira. Í öðrum fjórðungum deila menn um staðsetningu.

Þessi nýja kynslóð samkomuhúsa kemur í stað félagsheimilanna sem risu á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar í stað þeirra sem risu strax eftir stríðið eða enn fyrr. Þau gömlu hús grotna áfram niður – vegna lítils viðhalds víðast hvar.

Íslensk menning er steinsteypa. Og sú var trú manna lengi að steinsteypa væri viðhaldsfrí, sem hún er ekki. En hús verða seint menning. Það er starfsemin í þeim sem skiptir máli.

Það gætir oft ríkrar sjálfumgleði á uppskeruhátíðum íslenskra listamanna, einkum hjá sviðslistamönnum og kvikmyndafólki. Það þykist slegið ljóma frægðar, sem er fyndin hugmynd á stóru landi og fámennri þjóð. Enn frekar þegar litið er til hvernig valið er – sem alltaf er umdeilt.

Listalífið í landinu er af einum stofni með mörgum greinum. Einyrkjar og samtök listamanna standa fyrir ýmiss konar starfi. Einungis fáum er tryggt viðurværi í opinberu starfi. Stofnanir þurfa nauðsynlega að búa við endurnýjun stjórnenda. Þar eiga menn ekki að festast í sessi. Nýir menn hleypa fjöri í starf, eins og nýr forstöðumaður Norræna hússins hefur sýnt.

Svo ríkur þáttur sem listir og menning eru í lífi þjóðarinnar er stjórnvöldum skylt að huga stöðugt að umhverfi listanna. Þegar náðarár nýrrar ríkisstjórnar er liðið verður spurt að því: hver verður fjárhagsrammi listanna í landinu næstu árin? Ekki í steinsteypu og viðhaldi, heldur lifandi starfi?

Ekkert er okkur óhollara en sjálfumgleðin í þeim efnum. Um þau mál er best að ræða grímulaust.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Til hamingju á heilsíðu

Svo virðist sem fólk sé í auknum mæli farið að nýta sér heilsíður prentmiðla til að koma á framfæri skilaboðum, hvort sem um er að ræða hamingjuóskir eða eitthvað verra. Heilsíðuauglýsing sem birtist í Morgunblaðinu í fyrradag vakti nokkra athygli þar sem nafngreindir einstaklingar tóku sig saman um að óska sjötta þingmanni Suðurkjördæmis og félögum í kjördæminu sérstaklega til hamingju. Auglýsinguna prýddi þingmaðurinn sem um ræðir, Árni Johnsen, ásamt ljósmyndara Morgunblaðsins Ragnari Axelssyni, þar sem þeir voru staddir kappklæddir fyrir norðan Grænland.



### Til hamingju ónafngreind

Ekki þarf að leita lengra aftur í tímann en til þriðjudags til að finna auglýsingu með sömu formerkjum. Á heilsíðuauglýsingu í DV birtist flennistór mynd af ónafngreindri konu sem heldur traustataki í kampavínflösku auk texta þar sem æviskeið hennar var rakið í stuttu máli og konan ausin lofi. Af textanum mátti ráða að um var að ræða hamingjuóskir með 50 ára afmælið frá systkini, sem einnig var ónafngreint.

### Til hamingju auglýsingasalar

Þessar hugljúfu heilsíðuauglýsingar vöktu þó ekki jafn mikla athygli og heilsíðuauglýsingin sem birtist í prentmiðlum nokkrum dögum fyrir kosningarnar í maí þar sem Jóhannes kenndur við Bónus hvatti kjósendur til að strika yfir nafn Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra. Auglýsingin vakti mikið umtal, meðal annars um hvort eðlilegt væri að fólk gæti í krafti auðs síns keypt dýrar auglýsingar og beint gegn einstaklingum. Jóhannes varði hins vegar rétt sinn til að koma skoðun sinni á framfæri með þessum hætti – eins og ónafngreinda systkinið og velunnarar Árna Johnsen gerðu í vikunni. Eitt er víst, að auglýsingasalar prentmiðla hljóta að kætast við þessa þróun.



sdg@frettabladid.is

## Gunnarshólmi Jónasar



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Ljóð og lífskjör

*Hvenær er hlíðin svo fögur og akrar bleikir, að menn freistist ekki til þess að flytjast brott? Þar mun hvorki ættjarðarást né afbrýðisemi ráða úrslitum, heldur þau lífskjör, sem Íslendingar njóta...*

Jónas Hallgrímsson var listaskáldið góða, enda minntist Háskóli Íslands 200 ára afmælis hans með veglegri ráðstefnu 8. júní. Ég flutti þar erindi um stjórnmálaviðhorf á dögum Jónasar og hóf mál mitt á örfáum orðum um eitt frægasta kvæði Jónasar, Gunnarshólma. Þar kveður skáldið Gunnar á Hlíðarenda hafa snúið aftur af ættjarðarást. Þetta hafa norrænufræðingar og uppeldisfrömuðir haft eftir í eina öld og hálfri betur. Faðir Kiljans gaf honum póstkort með mynd af Gunnari, og var boðskapurinn, að hann skyldi snúa aftur eins og hetjan á Hlíðarenda. En skilningur Jónasar á hinu fræga atviki úr Njálu er rangur. Gunnar lét ekki fremur en aðrir fornmenn stjórnast af ættjarðarást. Það hugtak var ekki til í þeirra tíð.

Þegar hestur Gunnars hrasaði og hann horfði upp til Hlíðarenda, mælti hann: „Fögur er hlíðin svo að mér hefir hún aldrei jafnfögur sýnst, bleikir akrar en slegin tún, og mun eg ríða heim aftur og fara hvergi.“ Hvers vegna? Ég er hissa á því, hversu fáir hafa komið auga á augljóst svar. Hallgerður Langbrók sat þar heima, en Gunnar kvæntist henni af girnd. Í 41. kafla Njálu segir, að Hallgerður hafi um skeið þjónað Sigmundi Lambasyni „eigi verr en bónda sínum“. Gunnar þorði ekki að skilja konu sína eftir á Íslandi í þrjú ár. Hann vissi, að hún var til alls vís. Þess vegna sneri hann aftur. Með tali sínu um hina fögru hlíð vísaði hann til konu sinnar. Þetta stílbragð er algengt í Íslendingasögum. Afbrýðisemi var til á Þjóðveldisöld. Framferði Gunnars er skiljanlegt, þótt það sé ekki skynsamlegt, því að hann rauf gerða sátt.

### Jónas var ekki vinstri-grænn

Gunnarshólmi Jónasar er skýrt dæmi um það, hversu gjarnt mönnum er að lesa eigin hugmyndir inn í fortíðina. Gunnar á Hlíðarenda var ekki rómantískur þjóðernissinni, eins og Jónas. Á Jónasarþinginu var raunar furðulegt að hlusta á upphafsávarp Þorvarðar Árnasonar, sem velti því fyrir sér, hvort skáldið hefði verið vinstri-grænt. Jónas orti fögur kvæði um náttúru Íslands. En af því leiðir ekki, að hann hefði viljað snúa aftur inn í torfkofana, taka sér fjaðurpenna í hönd og lifa á fjallagrösum. Sjálfur benti ég á í erindi mínu, að í tíð Jónasar bar tvær frelsishugmyndir hæst, um þjóðfrelsi og einstaklingsfrelsi. Jónas virðist hafa haft miklu meiri áhuga á þjóðfrelsi en einstaklingsfrelsi, en Jón Sigurðsson var frelsissinni í báðum merkingum orðsins. Þjóðfrelsi merkir, að ríkið er sjálfstætt og lýtur ekki yfirráðum annarra ríkja, til dæmis Danaveldis. En fylgismenn einstaklingsfrelsis spyrja: Hvað er fengið með því, að kúgararnir séu innlendir frekar en erlendir? Er ekki aðalatriðið, að einstaklingarnir innan ríkisins njóti réttar til að segja skoðun sína opinberlega, stofna félög og fyrirtæki, versla sín í milli og við menn af öðru þjóðerni? Guðmundur Hálfdánarson prófessor hefur haldið því fram með nokkrum rökum, að togstreita Íslendinga og Dana á nítjándu öld hafi ekki síst verið vegna þess, að danska stjórnin vildi auka einstaklingsfrelsi á Íslandi, en gamla valdastéttin íslenska þybbast við.

### Hvenær er hlíð svo fögur?

Í öðrum skilningi er kvæði Jónasar um Gunnar á Hlíðarenda þó satt, eins og allur góður skáldskapur. Það bregður skærri birtu á brýnt mannlegt úrlausnarefni. Hvenær er hlíðin svo fögur og akrar bleikir, að menn freistist ekki til þess að flytjast brott? Þar mun hvorki ættjarðarást né afbrýðisemi ráða úrslitum, heldur þau lífskjör, sem Íslendingar njóta í samanburði við aðrar þjóðir.

Síðustu sextán árin hefur hagkerfið íslenska tekið stakkaskiptum. Íslendingar eru nú í hópi þeirra tíu þjóða heims, sem búa við frjálsasta hagkerfið. Til þess að byggð haldist í landinu, þurfa lífskjörin enn að batna. Það gerist best með stórfelldum skattalækkunum til fyrirtækja og almennings. Ef tekjuskattur fyrirtækja fellur niður í 10%, þá verður skattaumhverfi hér eitt hið hagstæðasta í Norðurálfunni. Ef tekjuskattur einstaklinga fer á nokkrum árum niður í 30%, þá jafngildir það stórkostlegum kjarabótum almennings. Þá munu fleiri vilja koma en fara.

## Ráðalaus sjávarútvegsráðherra

**UMRÆÐAN**

Kvótakerfið



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

Einar Kristinn Guðfinnsson var um árabil mjög gagnrýninn á kvótakerfið en eftir að hann gerðist ráðherra hefur hann miklu frekar orðið þræll kvótakerfisins en stjórnandi. Á vordögum fengu landsmenn enn eina staðfestingu á því að kvótakerfið hefur mistekist. Ráðgjöf Hafró er að landsmenn skuli veiða einungis þriðjung þess þorskafla sem fiskaðist að jafnaði fyrir daga kvótakerfisins.

Viðbrögð ráðherra við niðurskurðartillögum Hafró voru að fara vel yfir stöðu mála og leita víðtæks samráðs og gaumgæfa hvernig taka skuli á málum. Sjávarútvegsráðherra minntist einnig á að hann hefði falið Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að gera sérstaka úttekt á þjóðhagslegum áhrifum af breyttri aflareglu. Það þarf ekki skýrslur frá Hagfræðistofnun til að sýna fram á að því færri þorskar sem berast á land þeim mun minni tekjur verða af sjávarútvegi.

Deilt er um hvort ráðgjöf Hafró um niðurskurð á afla sé til þess fallin að byggja upp stofninn. Við sem höfum gagnrýnt það höfum bent á að einstaklingsvöxtur er í sögulegu lágmarki og þess vegna ekki til nokkurs að vernda fisk sem ekki er að vaxa að ráði. Það er ekki heldur hægt að sjá beint orsakasamhengi á milli stórs hrygningarstofns og mikillar nýliðunar. Á þetta hafa fjölmargir bent, s.s. Rögnvaldur Hannesson fiskihagfræðingur. Skýrsla ICES, Alþjóðahafrannsóknaráðsins, frá árinu 2006 greinir frá nýlegum merkingaverkefnum sem sýna svart á hvítu að veiði úr þorskstofninum við Ísland er margfalt minni en stofnlíkan Hafró gefur til kynna.

Það er grafalvarlegt að sjávarútvegsráðherra hefur ekki haft fyrir því að fara yfir gagnrýni málsmetandi fiskifræðinga, s.s. Jóns Kristjánssonar, á núverandi líffræðilegar forsendur kvótakerfisins þrátt fyrir fagurgala um að nú eigi að leita samráðs. Með fullri virðingu fyrir Hagfræðistofnun og þeim góðu störfum sem þar eru unnin hlýtur að vera nærtækara að fela Líffræðistofnun Háskólans að fara yfir forsendur á því hvort minnkað veiðihlutfall sé líklegt til þess að auka nýliðun.

Íslendingar hljóta að gera þá kröfu til ráðherra að hann fari yfir öll rök í málinu og leiti sérstaklega svara hjá sérfræðingi sem hefur verið fenginn til ráðgjafar hjá Færeyingum með mjög góðum árangri.

*Höfundur er fyrrverandi alþingismaður.*

# Ótrúlegt verð á flötum skjám

Allt úrvalið fæst í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum.



32" LCD
69.990 kr
Ótrúlegt verð



79.990 kr
Verð áður 89.990,-

**United HD 27" LCD skjár** LTV27W63
- Upplausn 1280x720 punktar
- Progressive scan
- HD ready
- 2x6w nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir



59.990 kr
GOTT VERÐ

**Philips HD 20" LCD skjár**
20PF4121
- Upplausn: 640x480 punktar
- Crystal clear og progressive Scan
- Skerpa: 500:1 og svartími: 16ms
- Sjónsvið (H/V): 160/120° og birtustig: 450 cd/m2
- 20w stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround
- Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- DVI-i tengi (styður VGA, XGA)
- Borðstandur fylgir

DiBOSS Digital LCD TV

**DIBOSS 32" LCD skjár**
LT32A2HM
- 32" LCD skjár
- 1366x768 punkta upplausn
- HD Ready
- Skerpa 800:1 og svartími: 8ms
- Birta 500cd/m2
- 2x7w Nicam stereó hljóðkerfi



89.990 kr
Verð áður 99.990,-

**United 32" LCD skjár** LTV32W63
- Upplausn: 1366x768 punktar
- HD ready
- Progressive scan
- Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp
- Fjarstýring
- Passar fyrir VESA200 veggfestingar (fylgja ekki)
- Stærð í cm (bxhxd): 91,7x51,7x11



109.990 kr
GOTT VERÐ

**Philips 32" LCD skjár** 32PFL5322
• 32" HD 16:9 LCD sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • Pixel Plus HD myndtækni • HD Ready • Skerpa: 4.000:1 og svartími: 8ms • Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 500 cd/m2 • Active control og contrast plus • 2 x 20w nicam stereó hljóðkerfi með incredible surround • 2 scart (með RGB), 2 HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • Textavarp með 1.000 síðna minni • Svefnrofi og fjarstýring • Borðstandur með snúningi fylgir • Passar fyrir VESA200x100 veggfestingar (fylgja ekki) • Mál í cm (bxhxd): 80,5x54,6x11,5 og þyngd: 15,5kg

37" LCD
99.990 kr
Ótrúlegt verð



DiBOSS Digital LCD TV

**DIBOSS 37" LCD skjár**
LT37JHM
- 37" LCD skjár
- 1366x768 punkta upplausn
- HD Ready
- Skerpa: 800:1 og svartími: 9ms
- Birtustig: 500 cd/m2
- 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi

Gildir til 21. júní eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Miðbærinn og heimilislausir

**UMRÆÐAN**
Gistiskýli


ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON

Nokkrir íbúar við Njálsgötu 74 hafa lýst yfir áhyggjum af því að opna á þar heimili fyrir heimilislausa fíkla. Rætt er um partístand, sprautunálar, ágenga róna og glæpamenn nánast inná gafli. Nálægð við leikskóla í þéttri byggð eykur á áhyggjurnar.

En hverjir verða hinir nýju nágrannar? Að uppistöðu verða það þeir sem lengst hafa verið í Gistiskýlinu í Þingholtstræti 25 en þar hefur Velferðarsvið rekið úrræði sem um áratuga skeið hefur verið í sátt við nágrennið. Um er að ræða sjúka menn, suma mjög veika. Margir búnir að gefast upp á lífinu, einangraðir og búnir að rjúfa fjölskyldutengsl. Að mínu mati hefur samfélagið ekki sinnt þessum mönnum vel. Um það hef ég skrifað í blöð og rætt margoft í sölum borgarstjórnar og í velferðaráði. Hraktir og smáðir hafa þeir þvælst á milli grena borgarinnar, sofið í hitaveitustokkum og ókyntu húsnæði, vistaðir hjá trúboðum sem eru í raun skilaboð um að þeir séu syndugir menn en ekki sjúklingar og ratað síðan inn á Gistiskýlið sem er, eins og nafnið bendir til, fyrst og fremst næturskýli en ekki heimili.

### Samfélag án aðgreiningar

Fyrir 30 árum gaf mikill hugsjónamaður glæsilegt hús og fallegt í sjálfu millahverfinu á Laugarásveginum. Hann vildi að fólkið sem var vistað á geðveikrahælinu Kleppi fengi tækifæri til að fá brú út í samfélagið. Fram að þeim tíma var geðsjúkt fólk lokað inni á hælum og það sá enga leið út. Nú er öldin önnur og sambýli geðfatlaðra eru um alla borg og þeim á eftir að fjölga. Borgin hefur nú tekið við því verkefni frá ríkinu að útvega fjölda vistmanna Klepps heimili víðs vegar í borginni. Ætli það verði átakalaust?

Nútíma samfélag vinnur á þennan hátt gegn aðgreiningu. Við höfum skólastefnu sem kennd er við skóla án aðgreiningar. Það þýðir t.d að börn með þroskafrávík geta í dag gengið í venjulegan skóla. Hreyfihamlaðir, sjónskertir, og heyrnarskertir hafa fengið aukin tækifæri til að taka þátt í samfélaginu. Er ekki komið að því að við brjótum síðasta vígið og tökum á móti fíkniefnaneytendum?

### Af hverju miðbærinn

Það er staðreynd að útigangsmenn sækja í miðbæi borga og það er líka staðreynd að nær allir heimilislausir Íslendingar halda til í miðborg Reykjavíkur. Fyrir því eru sennilega margar ástæður en líklega er mannfjöldi miðbæjarins aðalástæðan. Mannfjöldinn er grundvöllur bísans. Að staðsetja úrræði sem þetta of langt frá miðbænum bæri ekki tilætlaðan árangur. Þó að heimilislausir fíkniefnaneytendur væru færðir hinum megin á landið væru þeir allir komnir aftur í miðbæinn innan skamms. Heimilislausir fíkniefnaneytendur eru og verða í miðborginni. Það þurfa aðrir að vita sem velja að búa þar.

Við þetta verða íbúar Þingholtanna varir. Á hverjum morgni ganga illa haldnir neytendur í gegnum hverfið til að fara á Landspítalann og fá þar lyf og aðra þjónustu til að halda daginn út. Gestir Gistiskýlisins í Þingholtsstræti 25 fylla húsið á hverri nóttu. Alkóhólistar búa í áfangahúsum á Barónsstíg, Snorrabraut, Miklubraut og víðar og svo eru það náttúrulega grenin.

### Greni eða heimili

Ef við hugsum þetta bara út frá hagsmunum venjulegra íbúa í miðbænum þá er það alveg ljóst að málum er mun betur komið með lausnum á við umrætt heimili á Njálsgötunni og Gistiskýlið. Ef ekkert er að gert sitja menn upp með fjölgun grena eins á Hverfisgötunni og víðar í miðbænum. Þegar ég bjó á Njálsgötunni var eiturlyfjagreni í nálægu húsi. Þar gátu skollið á partí sem stóðu dögum saman með tilheyrandi hávaða og tryllingi.

Þegar upp er staðið standa íbúar miðborgarinnar frammi fyrir tveim kostum. Í fyrsta lagi að ekkert verði gert og grenum fjölgi. Og í öðru lagi að hið opinbera gangi í málið og bjóði þessum einstaklingum upp á sómasamlegt heimili þar sem fagmenn eru til staðar allan sólahringinn. Starfsfólk sem mun leggja metnað sinn í að nágrannar verði ekki fyrir truflun, hvað þá skaða af neinu tagi. Þannig heimilum þarf að fjölga og það má ekki gleyma konunum sem margar þurfa á sömu aðstoð að halda. Ég er sannfærður um það að heimilið á Njálsgötu 74 verður eitt friðsamasta húsið í hverfinu og mundi glaður bjóða slíka nágranna velkomna. Þarna verða aldrei partí og ef eitthvað kæmi upp á gæti ég snúið mér til ábyrgra aðila um úrlausn mála.

*Höfundur er 1. varaborgarfulltrúi VG og á sæti í Velferðarráði.*

# Búlgaría og Rúmenía

**UMRÆÐAN**
Innflytjendamál


PAUL NIKOLOV

Þegar ríkisstjórnin tilkynnti að því yrði frestað til ársins 2009 að heimila íbúum Búlgaríu og Rúmeníu að koma til landsins og vinna eins og aðrir íbúar Evrópusambandsins og EES-svæðisins, sagði Jóhanna Sigurðardóttir, ráðherra velferðarmála, í Blaðinu: „Við erum að nýta okkar þetta frestunarákvæði, en þeir hafa heimild til að koma hingað í gegnum þjónustusamninga og starfsmannaleigur.“

Þetta þykir mér skrýtið – í vor lofaði Samfylkingin að atvinnuleyfi yrðu afhent einstaklingum en ekki fyrirtækjum. Sérstaklega finnst mér skrýtið að Jóhanna skyldi minnast á starfsmannaleigur. Við þurfum ekki að líta lengi í kringum okkur til að sjá hver árangurinn er þegar fólk kemur hingað í gegnum starfsmannaleigur: fólk sem er misnotað og vinnur ekki í samræmi við íslenska kjarasamninga – sem skaðar líka laun Íslendinga. Í sumum tilfellum vinnur fólk sem hingað kemur í gegnum starfsmannaleigur sem þrælar. Vill þessi ríkisstjórn þrælahald frekar en sanngjarnt og lögfylgjandi vinnuafl sem er gott fyrir landið allt?

En það sem vakti athygli mína var þegar Jóhanna bætti við: „Við höfum svigrúm til að fresta þessu til lengri tíma, eða til 2014. En við munum endurmeta stöðuna fyrir þann tíma og getum þá athugað hvort ástæða sé til þess að nýta frestinn enn frekar.“ Ég vil gjarnan fá að vita hvaða ástand það er sem ríkir núna sem kallar á þessa hindrun. Síðan Ísland var opnað fyrir 10 nýjum ESB löndum í maí 2006 hefur atvinnuleysi minnkað. Sparaði ekki meðalheimilið 123 þúsund krónur á síðasta ári vegna þátttöku útlendinga á íslenskum vinnumarkaði? Hvaða ástand ríkir hér sem gerir það góða hugmynd að koma í veg fyrir að fólk sem vill koma hingað fái að koma?

Staðreyndin er sú að fólk sem kemur hingað frá ESB-ríkjunum þarf að finna starf innan 6 mánaða eða fara á brott. Hver er þá áhættan? Af hverju eru við að segja við Rúmena og Búlgara að þeir megi ekki nýta réttindi sín sem ESB-ríkisborgarar? Þessi

*Í sumum tilfellum vinnur fólk sem hingað kemur í gegnum starfsmannaleigur sem þrælar. Vill þessi ríkisstjórn þrælahald frekar en sanngjarnt og lögfylgjandi vinnuafl sem er gott fyrir landið allt?*

ríkisstjórn segist vilja taka vel á móti þeim sem hingað koma. En tilgangslaus frestun gerir ekkert fyrir það fólk eða Ísland. Þvert á móti – þegar við krefjumst þess að fólk sem hefur unnið sér inn aðild að ESB komi hingað í gegnum starfsmannaleigur, bitnar það bæði á innflytjendum og Íslendingum. Að taka vel á móti þeim sem hingað koma er spurning um pólitískan vilja: annaðhvort viljum við gera það, eða ekki.

*Höfundur er fyrsti varaþingmaður Vinstri-grænna í Reykjavík norður.*






**Fiskverslunin** Fiskiprinsinn í Hlíðarsmára 8 í Kópavogi er með tilboð sem hljóðar upp á Humarsúpu prinsins auk eins kílós af humri á 2.000 krónur. Prinsinn hefur opið frá tólf til tvö á laugardögum.

**Kringlukast** verður í verslunarmiðstöðinni Kringlunni fram á laugardag. Þar er veittur 20 til 50 prósenta afsláttur af nýjum vörum.

**Strandpartí** stendur yfir í Top Shop og má fá sundfatnað, strandkjóla, sólgleraugu og sumarskó með 25 prósenta afslætti. Partíið stendur yfir fram á sunnudag og um að gera að líta við og gera góð kaup fyrir sumarið.





## Nýr veitingastaður



HREFNA SÆTRAN MATREIÐSLUKONA HYGGST OPNA VEITINGAHÚS Í ÁGÚST.

Matreiðslukonan Hrefna Sætran opnar nýjan veitingastað í gamla Ísafoldarhúsinu við Aðalstræti í byrjun ágúst. Áhersla verður lögð á íslenskt hráefni en horft verður til austurs í matargerðinni.

Hrefna nam fræðin á Apótekinu og hefur síðastliðin ár starfað á hinum geysivinsæla veitingastað Sjávarkjallaranum en hætti þar í byrjun júní.

Nánar á www.freisting.is





Kaffið frá Ricardo Rosales er aftur komið til okkar. Eins og í fyrra er þetta kaffi ljúft og hunangsmjúkt með ávæning af kakói og kryddi.

Fæst í öllum helstu matvöruverslunum og á kaffihúsum Kaffitárs:

-Kringlunni -Bankastræti -Þjóðminjasafni -Listasafni Íslands -Reykjanesbæ -Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Kaffitár - leggur heiminn að vörum þér







Kristín Jóhannesdóttir, hótelstjóri á Hótel Ólafsvík, hefur búið í Ólafsvík frá barnsaldri og stýrt hótelinu í tvö ár.

# Vill sjá fleiri Íslendinga

***Kristín Jóhannesdóttir hefur verið hótelstjóri á Hótel Ólafsvík í tvö ár og segir ferðamannastrauminn til Ólafsvíkur hafa aukist á þeim tíma en myndi gjarnan vilja sjá fleiri Íslendinga á hótelinu.***

„Við erum með stúdíóíbúðir sem fjölskyldur sækja dálítið í enda hentar það vel fyrir hjón með börn því þá geta þau séð um sinn eigin morgunmat og slíkt,“ segir Kristín og bætir því við að á hótelinu séu 48 herbergi og þar af nítján stúdíóíbúðir.

Allt hótelið var tekið í gegn árið 2005 og því mjög nýlegt og snyrtilegt. „Við erum með veitingasal sem tekur allt að hundrað manns í sæti og bar með stórri verönd þar sem er útsýni yfir höfnina í Ólafsvík. Það er mjög notaleg stemning hérna og fólki líður almennt mjög vel hér,“ segir Kristín sem hefur búið í Ólafsvík frá barnsaldri.

„Við erum með tilboð í sumar fyrir hópa þar sem boðið er upp á kvöldverð, gistingu og hvalaskoðun og stílum þar sérstaklega inn á Íslendingana,“ segir Kristín.

Kristín lætur lesendum Fréttablaðsins í té uppskrift að skötuselsrétti sem hefur verið mjög vinsæll á veitingastað hótelsins. Vann Kristín hann í samstarfi við matreiðslumann hótelsins, Davíð Guðmundsson. Uppskriftina má sjá á síðu 2.

*sigridurh@frettabladid.is*


Innréttingar í öll herbergi heimilisins.

Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.



JKE DESIGN

*Óteljandi möguleikar*

Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

Veldu möguleika

**Fryst vínber** eru prýðilegir klakar sem nota má í ýmsa drykki. Svo má líka borða berin eins og brjóstsykur.






# Besta kaffi veraldar

***Árlega er besta kaffi hvers lands valið í alþjóðlegri kaffikeppni. Keppninni er ætlað að verðlauna kaffibændur sem leggja mikið í ræktun sína. Kaffitár hefur ýmsar verðlaunategundir á boðstólum.***



Aðalheiður upplýsir viðstadda um kaffið góða. Kaffitár stóð fyrir kaffismökkun á ýmsum kaffitegundum sem þóttu skara framúr þetta árið. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Cup of Excellence, eða Úrvalsbollinn, er alþjóðleg kaffikeppni þar sem besta kaffið í hverju framleiðslulandi fyrir sig er verðlaunað. Keppnin er nokkurra ára gömul en markmið hennar er að hvetja kaffibændur til dáða og verðlauna þá fyrir þá ástríðu sem margir þeirra leggja í ræktun sína. Um leið er þeim gefinn kostur á að fá betra verð fyrir kaffibaunir sem meira er lagt í.

Keppnin fer þannig fram að kaffibændur í hverju landi fyrir sig senda inn sínar bestu kaffibaunir í eiginlega landskeppni. „Þátttakendur geta verið allt að 600 og sumt af kaffinu er einfaldlega ódrekkandi þannig að sérstök heimadómnefnd velur 60 til 80 bestu kaffibaunirnar,“ segir Aðalheiður Héðinsdóttir, forstjóri Kaffitárs. „Síðan koma tuttugu dómarar alls staðar að úr heiminum saman í þrjá daga í viðkomandi landi og velja það allra besta. Leitast er við að hafa dómarana sem ólíkasta því smekkur til dæmis Japana og Evrópubúa á kaffi er ekki eins.“

Margir eru um hituna þegar kemur að því að tryggja sér kaffibaunir frá þeim kaffibændum sem fengið hafa flest stig hjá dómnefndinni. Þar sem baunirnar eru sérstaklega valdar eru þær í takmörkuðu upplagi og eðlilega dýrari en aðrar kaffibaunir. „Kaffibaunirnar eru seldar á net-uppboði sem er áhrifarík leið til að verðlauna allra bestu kaffibændurna fyrir einstaklega vel unnin verk og ástríðu sína,“ segir Aðalheiður. „Við höfum boðið í og fengið nokkrar af topptegundunum frá Brasilíu, Kolumbíu, Níkaragúa og Gvatemala, en þetta kaffi verður svo selt hjá okkur í Kaffitári, okkur, kaffiáhugamönnum og kaffibændunum til góða.“

*tryggvi@frettabladid.is*










## uppskrift Kristínar }

### Ofnbakaður skötuselur vafinn beikoni

FYRIR FJÓRA

600 gr skötuselur
12 stk. grillspjót
10 sneiðar beikon
Sítrónupipar án salts
Skötuselshalarnir vel himnusnyrtir og skornir í stærð á við tómat. Skötuselnum velt upp úr sítrónupipar og beikonsneið vafið utan um. Meðalstóru grillspjóti stungið í gegn til að halda beikoninu.

**STEINSELJUOLÍA:**
1 poki steinselja
200 ml ólívuolía
3 geirar hvítlaukur
Maldon-salt
Steinseljan sett í matvinnsluvél ásamt hvítlauk og ½ tsk af Maldon-salti. Ólívuolíunni hellt saman við og unnið í eina mínútu eða þar til fallegur grænn litur er kominn á olíuna.

**ENGIFERGLJÁI:**
1 lítil flaska Sweet Plumsauce (fæst í Mai Thai á Laugavegi)
50 gr engifer
2 stk. rauðlaukur
6 stk. lime
Engiferið (um það bil 3 msk) hreinsað og rifið niður í skál. Rauðlaukurinn fínsaxaður út í og lime-safinn kreistur út í. Látið standa í tvo klukkutíma og þá er 200 ml af Sweet Plumsauce hellt saman við.

**SUÐRÆNT SALAT:**
1 poki Rucola salat
Kirsuberjatómatar
1 stk lárpera (avocado)
Pepperoni-ostur
Ruccolasalatið skolað og sett í skál. Kirsuberjatómatarnir skornir í tvennt, lárperan skorin í þunnar sneiðar, pepperoni-osturinn skorinn í litla teninga og öllu blandað saman.

Með réttinum er gott að bera fram hrísgrjón eða kartöflur í hvers kyns útfærslu.



**Felgúútsala** er um þessar mundir hjá Barðanum í Skútuvogi og Sólningu í Kópavogi, Njarðvík og á Selfossi. Þar má fá nýjar og notaðar felgur á niðursettu verði.



## Sumarblóm á tilboði

SUMARBLÓM ERU NÚ Á TILBOÐI Í GARÐHEIMUM.

Sumarblóm fást nú á tilboðsverði í Garðheimum, Stekkjarbakka 6. Stjúpur, margarítur, snædrífur, tóbakshorn og dalíur eru á lækkuðu verði. Einnig tilboð af 17. júní blómakörfum og -vöndum með vasa. Athugið að verslunin verður opin frá kl. 10.00 til 19.00 á þjóðhátíðardaginn.

Sumarblóm fást á tilboði í Garðheimum.

## Tilboð á hjólum

GAP SELUR GLÆNÝ HJÓL



Fjallahjólabúðin GAP í Faxafeni er með tilboð á fjallahjólum í dag, föstudag og á laugardag. Þar verður seldur fullur gámur af glænýjum Mongoose-hjólum á ótrúlegu verði. Einnig verða tilboð á hjálmum og öðrum aukahlutum fyrir hjólið.



Hjalti í bolnum sem var einfaldlega of fyndinn til að kaupa hann ekki. Stígvélin eru áþekk þeim sem eru á leið til landsins.

MYND: HEIÐA DÓRA JÓNSDÓTTIR

# Þrjátíu þúsund fyrir bleikan fótboltabol

***Hjalti Stefán keypti sér bleikan fótboltabol. Þegar upp var staðið kostaði bolurinn rúmar 30 þúsund krónur.***

Tónlistarmaðurinn Hjalti Stefán Kristjánsson segir farir sínar ekki sléttar í viðskiptum sínum við ítalska knattspyrnufélagið Palermo. „Ég var úti á Ítalíu og sá þennan fallega bleika fótboltabol sem Palermo spilar í,“ segir Hjalti. „Mér fannst allt of fyndið að eitthvað lið spilaði í bleikum lit og því varð ég að kaupa bolinn.“

Bolurinn kostaði ekki mikið en hann kostaði Hjalta aftur á móti mikið. „Þetta var á götumarkaði og það hefur einhver séð hvar ríki túristinn setti troðna veskið sitt í vasann eftir að hann borgaði bleika fótboltabolinn og ákveðið að stela veskinu,“ segir Hjalti. „Það voru rúmar þrjátíu þúsund krónur í veskinu og því varð bolurinn á endanum dýr.“

Hjalti er á ferð og flugi núna, bæði með hljómsveit sinni Hrauni sem nýlega gaf út plötuna „I can't belive it's not happiness,“ og leikhópnum Lottu. Þar spilar hann í Dýrunum í Hálsaskógi en verkið verður sýnt víða um land undir berum himni.

Annirnar hafa samt ekki hindrað Hjalta í að gera það sem hann telur vera bestu kaup ævi sinnar. „Ég var að kaupa kúrekastígvél og spora á eBay,“ segir Hjalti. „Þetta kostar mig rétt þrjú þúsund krónur. Ég er reyndar ekki búinn að fá dótið ennþá en ég er viss um að þetta eru frábær kaup.“

Við skulum vona að svo verði og að einhver óprúttinn netverji hafi ekki náð í kreditkortanúmer Hjalta og náð sér í auðfengnar 30 þúsund krónur. *tryggvi@frettabladid.is*




FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

## Sólarsölutilboðspakki

NÚ ERU SUMARTILBOÐ Í ORMSSON.

Nú eru tilboð á LCD- og plasmasjónvarpstækjum í verslunum Ormsson um land allt. Sem dæmi má nefna að 32 tommu LCD-sjónvarpstæki frá Samsung kostar 149.900 kr, 40 tommu LCD-sjónvarpstæki frá Samsung er á 249.900 krónur, 42 tommu og 50 tommu plasma sjónvarpstæki frá Samsung á 239.900 og 319.900 krónur. Er þá fátt upptalið.



Samsung-sjónvarpstæki á tilboði í Ormsson.




ÚTILEGU KORTIÐ 2007

Með Útilegukortinu gefst eigenda þess og fjölskyldu, möguleiki á að gista á 27 tjaldsvæðum og greiða aðeins einu sinni fyrir það. Kortið gildir fyrir húsbíla, hjólhýsi, tjaldvagna, fellihýsi eða tjöld. Engin takmörk eru á því hversu oft má koma á hvert tjaldsvæði. Útilegukortið gildir fyrir tvo fullorðna og börn undir 16 ára aldri. Útilegukortið kostar aðeins 9.900 kr.

Þú færð Útilegukortið á www.utilegukortid.is, helstu útivistarverslunum og á sölustöðum N1 um allt land.

www.utilegukortid.is | utilegukortid@utilegukortid.is




SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

# SIRKUS




**Heiða heldur í leiklistarnám til New York** BLS. 14

15. JÚNÍ 2007

- Róbert með 900 hestafla Porsche
- Keypti hús í miðri kosningabaráttu
- 7 óléttar leikkonur valda usla...









# 10 VALDAMESTU Á ÍSLANDI

**Sirkus skoðar hverjir ráða raunverulega öllu á Íslandi** BLS. 8 OG 10














PIPAR • SÍA • 71167

## FRAMTÍÐARHEIMILIÐ ER KOMIÐ Í PRODOMO

*Prodomo er ný verslun sem býður nýjustu hönnun í ljósum og rafbúnaði og háþróaðan stjórnbúnað fyrir lýsingu, tónlist, mynd og hita.*

*Hlíðasmári 1 / 200 Kópavogur*
*Sími 520 4545 / www.prodomo.is*
*prodomo@prodomo.is*

PRODOMO

blogg.visir.is/sirkus

# blogg

## Á flottasta Porsche-jeppa landsins



Hinn 28 ára gamli **Jón Sigurðsson**, sem er aðstoðarforstjóri FL Group, ekur um á flottasta Porsche Cayenne jeppa landsins nú um stundir. Jón fékk bílinn frá vinnuveitendum sínum nú í mars en hann er af gerðinni Cayenne Turbo með rúmlega 600 hestafla vél. Bíllinn er svartur að lit og þykir að sögn kunnugra vera öflugri en sams konar bíll sem Róbert Wessman, forstjóri Actavis, keypti sér fyrir tveimur árum. Sá bíll kostaði um 20 milljónir og herma heimildir að bíll Jóns hafi ekki kostað undir 25 milljónum þegar allir aukahlutir eru taldir með.



## Baltasar og Lilja selja Næpuna



Hjónin **Baltasar Kormákur** og **Lilja Pálmadóttir** hafa auglýst til sölu neðri hluta Skálholtsstígs 7 sem í daglegu tali kallast Næpan. Um er að ræða neðri hæð og kjallara, alls um 226 fermetrar, en á hæðunum tveimur fyrir ofan býr Guðjón Már Guðjónsson, einatt kenndur við Oz. Baltasar og Lilja vilja fá 79 milljónir fyrir eign sína en húsið er eitt það merkilegasta í Reykjavík. Það var byggt árið 1903 af Magnúsi Stephensen og flutti hann inn í það eftir að hann lét af störfum sem landshöfðingi. Setuliðið hafði bækistöð í húsinu á stríðsárunum og síðar rak Náttúrulækningafélag Íslands matstofu þar eftir því sem fram kemur í Fasteignablaði Moggans í morgun. Söguelskendur ættu að skoða þetta hús.

## Með gervisvani á tjörninni



**Jóhannes Jónsson**, einatt kenndur við Bónus, stendur í stórræðum þessa dagana við byggingu á glæsivillu í Vaðlaheiðinni með stórkostlegu útsýni yfir Akureyri. Landareignin er ekki síður glæsileg, með mikilli og langri innkeyrslu og fagurri tjörn þar sem svanir og endur una glöð við sitt. Ljósmyndari Sirkuss komst þó að því um daginn á ferð sinni um Norðurland að ekkert lífsmark er með svönunum tveimur og öndunum á tjörninni. Jóhannes sagði við blaðamann Sirkus að hann hefði ekki hugmynd hvernig stæði á því að gervisvanir og -endur svömluðu um í tjörninni hans. „Ég er ekki búinn að fá húsið afhent. Það verður að spyrja verktakana að þessu," sagði Jóhannes.

# Bolli verkfræðingur í fangavörslu á Litla-Hrauni

Bolli Thoroddsen, varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi formaður Heimdallar, er byrjaður að vinna sem fangavörður á Litla-Hrauni. Hann kláraði verkfræði frá Háskóla Íslands með sóma í febrúar og ákvað að skella sér í fangavörsluna í sumar frekar en að vinna á einhverri verkfræðistofu.

„Það er til nóg af fólki til að reikna út burðarþol," segir Bolli og hlær. „Það vantar sárlega fangaverði og þetta var eitthvað sem mig langaði til að gera. Ég hef verið með annan fótinn í stjórnmálum og þau snúast um hvernig hægt sé að gera samfélagið betra. Afbrot eru hluti af þjóðfélaginu og ef einstaklingar villast af leið er mikilvægt að þeir eigi greiða leið inn í þjóðfélagið á nýjan leik. Mig langaði til að kynna mér þennan málaflokk, sótti um starf og fékk það," segir Bolli.

Hann byrjaði í starfinu fyrir tveimur vikum og segir að hann hafi uppgötvað það sér til mikillar gleði að aðbúnaður fanga væri almennt góður. „Það sem kom þó mest á óvart er að samskipti fanga og fangavarða einkennast af vinsemd og gagnkvæmri virðingu. Það er nauðsynlegt til að menn eigi möguleika að koma út sem betri menn," segir Bolli.



**LÆRDÓMSRÍKT** Bolli segist hafa sótt um vinnu sem fangavörður til að kynnast þessum málaflokki betur. SIRKUSMYND/GVA



**ALLIR VINIR** Bolli segir gagnkvæma virðingu og vinsemd ríkja á milli fanga og fangavarða.

Laun fangavarða hafa töluvert verið í umræðunni undanfarið enda ekki um hálaunastarf að ræða og Bolli játar því að hann sé ekki í þessu launanna vegna. „En ég sé ekki eftir því að hafa valið mér þetta sumarstarf. Þetta verður lærdómsríkur tími," segir Bolli.



SJÖ LEIKKONUR ERU ÓLÉTTAR OG VALDA LEIKHÚSSTJÓRUNUM HÖFUÐVERK

# HINAR VERÐA AÐ VERA ÞÆGAR

Sjö leikkonur sem hafa verið áberandi í íslensku leikhúslífi undanfarinár, eiga von á barni og verða ekki með á komandi leikhúsári. Fimm þeirra, Arnbjörg Hlíf Valsdóttir, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Nanna Kristín Magnúsdóttir, Marta Nordal og Álfrún Örnólfsdóttir, eru fastráðnar í Borgarleikhúsinu en tvær, Unnur Ösp Stefánsdóttir og Hildigunnur Þráinsdóttir, eru með lausa samninga. Sirkus ræddi við Guðjón Pedersen, leikhússtjóra Borgarleikhússins, sem verður fyrir mikilli blóðtöku næsta vetur.

„Ég vil byrja að taka það fram að þetta er ekki mér að kenna," segir Guðjón og hlær. „En að öllu gríni slepptu þá er alveg ljóst að það er heilmikið púsluspil að koma saman næsta leikári. Ég ætla ekki að segja það hafi skapast neyðarástand en þetta er sérkennileg staða sem birtist manni á vordögum svo ekki sé fastar að orði kveðið. Einu stundina eru þær inni á skrifstofunni minni að biðja um bestu hlutverkin en þá næstu eru þær óléttar," segir Guðjón.



**PÚSLUSPIL** Guðjón Pedersen, leikhússtjóri Borgarleikhússins, er hamingjusamur fyrir hönd hinna barnshafandi kvenna en segir það mikið púsluspil að raða í hlutverk fyrir næsta leikár.

Hann hefur gert sitt til að ná tökum á aðstæðum og segist hafa brýnt þær sem eftir eru til að vera þægar í sumar. „Brigitta Birgisdóttir er til að mynda að fara að gifta sig í sumar og ég bað hana um að vera rólega á brúðkaupsnóttina. Ég má bara ekki við meiru," segir Guðjón sem þarf líka að horfa á eftir tveimur karlmönnum, leikaranum Birni Inga Hilmarssyni og Kára Gíslasyni, forstöðumanni ljósadeildar, í fæðingarorlof.

„Ég er hlynntur því að við fjölgum mannkyninu og hamingjusamur fyrir hönd stúlknanna en þetta er fjári mikið púsluspil sérstaklega þar sem við verðum með mörg verk frá fyrra ári á sýningarskránni næsta vetur," segir Guðjón.

oskar@frettabladid.is

# Actavis-forstjóri keypti 900 hestafla Porsche sportbíl

Róbert Wessman, forstjóri Actavis, er mikill áhugamaður um hraðskreiða bíla eins og komið hefur kom í Sirkus. Róbert á einn öflugasta Porsche-jeppa landsins sem er sérsmíðaður og rúm 750 hestöfl en hann bætti um betur á dögunum og keypti sér rétt rúmlega 900 hestafla Porsche 911 Turbo frá Bandaríkjunum. Bíllinn, sem er árgerð 1995, var sérsmíðaður upp í 900 hestöfl af Bandaríkjamanni og herma heimildir Sirkuss að Róbert hafi borgað um fimm milljónir fyrir bílinn. Þetta tryllitæki mun þó sjálfsagt aldrei koma til landsins því Róbert fer oft til útlanda til að keyra á kappakstursbrautum og verður Porscheinn væntanlega notaður til slíks aksturs. Hann hentar að minnsta kosti ekki vel á vegum Íslands.



**EINN SÁ KRAFTMESTI** Porsche Cayenne jeppi Róberts er hlaðinn aukabúnaði og einn dýrasti og kraftmesti Porsche-jeppi landsins.



**ELSKAR HRAÐA** Actavis-forstjórinn Róbert Wessman vill keyra hraðskreiða



**900 HESTÖFL** Bíllinn sem Róbert keypti er 900 hestöfl sem er með því kraftmesta sem gerist í fólksbílum.


tvö líf

Holtasmári 1 · © 517 8500

Þú færð flottustu óléttufötin hjá okkur.
Stærðir xs-xxl einnig mikið úrval í stærðum 46-54

Opnunartími: Mán- fös 11-18 • Laugardaga 11-16





180 cm / kr. 98.500
240 cm / kr. 139.900




**ný** sending
af flottum
sjónvarps**skenkum!**

opið 11 - 15

Reykjavík / Oslo

exó

Fákafen 9 - Sími: 568 2866 - exo@exo.is - www.exo.is

## topp 20

BT · SKÍFAN

**7. - 14. júní**

1. **100 íslensk 80's lög** Ýmsir
2. **Life In Cartoon Motion** Mika
3. **Cortes 2007** Garðar Thór Cortes
4. **Óskalög sjómanna (2CD)** Ýmsir
5. **Pottþétt 43** Ýmsir
6. **Volta** Björk
7. **Jógvan** Jógvan
8. **Fnykur** Samúel J. Samúelsson
9. **Vorvísur** Tríó Björns Thoroddsen og Andrea Gylfa
10. **Hver er sinnar kæfu smiður** Laddi
11. **Forever** Gus Gus
12. **Á söngferðalagi** Skoppa og Skrítla
13. **Please Don´t Hate Me** Lay Low
14. **Era Vulgaris** Queens of the Stone Age
15. **Memory Almost Full** Paul McCartney
16. **Eurovision 2007** Ýmsir
17. **Great Northern Whalekill** Mínus
18. **Back To Black** Amy Winehouse
19. **FutureSex/LoveSounds** Justin Timberlake
20. **Carry On** Chris Cornell

ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON, VARAFORMAÐUR SAMFYLKINGAR, GERIR MARGT Í EINU.

# Keypti draumahúsið í miðri kosningabaráttu

Það er ekki hægt að neita því. Við hjónin erum nýbúin að kaupa okkur hús í Rauðagerði. Við vorum búin að skoða lengi en duttum síðan niður á þetta draumahús og ákváðum að kýla á það," segir þingmaðurinn Ágúst Ólafur Ágústsson sem fjárfesti í 270 feremtra einbýlishúsi í Rauðagerðinu 30. apríl síðastliðinn, þegar kosningabaráttan stóð sem hæst. Heimildir Sirkuss herma að Ágúst Ólafur hafi borgað 70 milljónir fyrir húsið.



**FJÖLSKYLDAN Það á ekki eftir að væsa um þau Ágúst Ólaf, Þorbjörgu og dætur þeirra tvær, Elísabetu Unu fimm ára og Kristrúnu tveggja ára, í nýja húsinu.** SIRKUSMYND/DANÍEL



**DRAUMAHÚSIÐ Fullkomið hús fyrir fjölskylduna og Ágúst Ólafur lét ekki eitt stykki kosningabaráttu koma í veg fyrir að hann tryggði sér húsið.** SIRKUSMYND/VALLI

„Það er rétt að það var allt á fullu fyrir kosningarnar en það er einhvern veginn þannig að þegar mest er að gera þá gerir maður mest," segir Ágúst Ólafur.

Hann og Þorbjörg Gunnlaugsdóttir, eiginkona hans, hafa búið í litlu og sætu 120 fermetra einbýlishúsi á Framnesvegi undanfarin ár en ákváðu að stækka við sig. „Það var kominn tími. Það er líka gaman að flytja í gjörólíkt hverfi og breyta til. Við höfum ekki trú á öðru en að okkur eigi eftir að líða jafnvel þarna og í vesturbænum," segir Ágúst Ólafur en fjölskyldan fær húsið ekki afhent fyrr en í ágúst.



**LÍTILL GULLMOLI Ágúst Ólafur og fjölskylda munu sakna sæta hússins á Framnesvegi.**

Aðspurður sagðist Ágúst Ólafur klárlega eiga eftir að sakna hússins á Framnesvegi sem fer brátt á sölu. Ég mæli með því. Þetta er yndislegt hús - lítill gullmoli í vesturbænum," segir Ágúst Ólafur og hlær.

oskar@frettabladid.is






**SAMNINGUR Í HÖFN Hér sjást Konráð og Henrik Christiansen handsala samninginn um kaupin á átta fasteignasölum Livingstones.**

## Kaupir átta fasteignasölur í Danmörku

Fasteignasalinn Konráð Konráðsson hefur fest kaup á átta fasteignasölum í Kaupmannahöfn og nágrenni. Sölurnar hafa starfað undir merkjum Livingstones en munu í framtíðinni tilheyra RE/MAX-fasteignasölukeðjunni. Í samtali við Sirkus segir Konráð hann hafi tryggt sér leyfið fyrir RE/MAX í Danmörku og það hefði tvímælaust verið þægilegri kostur að gera þetta á þennan hátt frekar en að byrja frá grunni í Kaupmannahöfn. „Það er ákveðin reynsla inni á þessum fasteignasölum og þekking á danska markaðnum og hún er mikilvæg. Fasteignamarkaðurinn í Danmörku hefur verið mjög erfiður undanfarið en starfsfólk var mjög jákvætt þegar það fékk þessar fréttir. Það virtust allir fagna þessum breytingum enda tel ég þetta vera góðan tímapunkt til að byrja með nýtt og ferskt vörumerki," segir Konráð sem á einnig RE/MAX Lind í Kópavogi ásamt nokkrum félögum sínum. Auk þess er í burðarliðnum stofnun RE/MAX í Mosfellsbæ.

Konráð flutti til Danmerkur í nóvember á síðasta ári og hefur frá þeim tíma verið að undirbúa akurinn. Hann er þó öllum hnútum kunnugur í Danmörku því hann bjó þar í níu ár á sínum yngri árum. „Ég bjó í Álaborg og tala dönskuna eins og innfæddur. Það hjálpar mikið," segir Konráð og hlær.



# Öryggi og þægindi alla leið RECARO barnabílstólar.



Einstakir stólar 9- 36kg sem vaxa með barninu, fjaðrandi álgrind
örtrefja áklæði, hátalarar í höfuðpúða, úrval aukahluta.





Afar öruggur. fyrir 9- 36kg  með sérstakri hliðarvörn, örtrefja ákæði.

# Glæsileg Disney sólskyggni í bílinn



Cars sætishlíf með
borði og vösum




Cars sólskyggni
McQueen



Cars sólskyggni
McQueen+Matter



Cars sólskyggni
McQueen+Luigi



Andrés sólskyggni



Andrés+ höfrungar



Andrés+Andréssína




Nemo+Dóra



Princess




Princess

# Sunshine kids aukahlutir




Easy View
Stór og góður spegill sem hægt er að snúna 360° auðvelt að festa -afar skýr




Lock-Tite
Smella til að halda öryggisbeltum saman.
aðeins ætlað 5p öryggisbeltum fyrir stóla upp að 18kg.




Super Mat
Motta til að setja undir barna-bílstól.



Stuff´n Scuff
Vörn fyrir framstólinn með vösum, festist á höfuðpúðann.




Side-Rider
Clip-On karfa - úr mjúku efni sem gefur vel eftir. Hægt að smella eða krækja. Passar á öll sæti.

## Útsölustaðir:

Bílasmiðurinn hf
Bíldshöfða 16
sími .5672330
www.bilasmidurinn.is

Baby Sam
Smáralind og Skeifunni
sími : 568 2200

Fífa barnavöruverslun
Bíldshöfði 20
( Húsgagnahöllin )

Barnafataverslunin Spez
Hafnarstræti 106
sími . 461133
Akureyri

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
sími . 4604300
Akureyri

Bílasala Suðurlands
Fossnesi 14
sími . 4808000
Selfossi



SENJÓRÍTUKJÓLLINN „Þetta er nýjasta uppáhaldið mitt. Ég fann hann á heildsölu sem ég versla við fyrir búðina og varð alveg veik og hef ekki séð eftir því. Svo keypti ég skó í stíl, maður má ekki klikka á því.“ /MYND HÖRÐUR



APPELSÍNUGULI JAKKINN „Ég er tiltölulega nýbyrjuð að ganga aftur í gallabuxum og finnst þessar mjög flottar. Ég keypti leðurjakkann á Spáni og fékk mér líka túrkísbláan og annan grænan.“ /MYND HÖRÐUR



VAN HELSING KÁPAN „Þetta er uppáhaldskápan mín. Ég keypti hana í San Francisco á sínum tíma og finnst hún rosalega flott.“ /MYND HÖRÐUR

GUÐBJÖRG HERMANNSDÓTTIR, FYRRVERANDI FEGURÐARDOTTNING ÍSLANDS, REKUR TÍSKUVÖRUVERSLUNINA SIRRÝ Í GRINDAVÍK.

# ALDREI VERIÐ TÍSKUFRÍK

fötin mín

Það hafði blundað í mér lengi að gera eitthvað sjálf. Ég var að hugsa um að opna eitthvað nýtt en þegar mér bauðst þetta tók ég mér viku til að hugsa málið. Ég þurfti ekki lengri tíma,“ segir Guðbjörg Hermannsdóttir fyrrverandi Ungfrú Ísland sem rekur verslunina Sirrý í Grindarvík. Guðbjörg tók við versluninni í apríl og hún segir reksturinn ganga vel. „Mér finnst þetta æðislegt, fjölbreytt og það að hitta fólk á vel við mig. Mér þykir gaman að gera nýja hluti og takast á við ný viðfangsefni svo ég er alveg að fíla mig í þessu,“ segir Guðbjörg sem hafði starfað áður í versluninni. „Ég er samt engin tískufrík og hef aldrei verið. Þetta er því ákveðið verkefni sem ég er að takast á við,“ segir hún og bætir við að hún hafi fljótt gert sér grein fyrir að hún yrði að versla inn allskyns föt og einnig föt sem hún myndi ekki ganga í. „Ég veit hvað er í tísku hverju sinni þótt ég fylgi sjálf ekki alltaf tískunni. Því panta ég það sem ég veit að mun ganga,“ segir hún og bætir við að hún hlakki til að fara erlendis í verslunarferðir fyrir búðina. Guðbjörg ákvað að vera með leikhorn fyrir börn í versluninni auk þess sem hún býður gestum upp á kaffi og jafnvel með því. „Ég þekki hvernig börn eru í verslunum og fannst því nauðsynlegt að bjóða þeim upp á smá afþreyingu þegar þau koma með mömmum sínum. Pabbarnir geta líka sest niður og slakað á og fengið sér kaffi ef þeir eru ekki að nenna að versla,“ segir hún hlæjandi og bætir við að hún hafi fengið frábærar viðtökur. „Ég er bara rétt að byrja og þetta legst vel í mig.“ indiana@frettabladid.is



DJÚSÍ GALLINN „Ég nota þetta mikið heima, þetta eru þægileg föt en samt töff og ég get druslast í þessu.“ /MYND HÖRÐUR



SUMARDRESS Guðbjörg í kvartbuxum og gulum skóm og bol. „Þetta dress er rosalega þægilegt og guli liturinn er minn litur.“ /MYND HÖRÐUR





Hypnôse ilmurinn frá Lancôme er nú fáanlegur í 30ml glasi í öskju ásamt fallegri tösku og 100ml húðmjólk

Aðeins er greitt fyrir ilminn

Líttu við á næsta Lancôme útsölustað


# Hannar föt fyrir Ilse Jacobsen

Þetta er mikill heiður. Ilse Jacobsen er mjög þekkt í Skandinavíu og selur vörur sínar um allan heim,“ segir Helga Ólafsdóttir fatahönnuður sem nýlega var valin önnur af tveimur fatahönnuðum fyrir merkið Ilse Jacobsen sem er líklega þekktust fyrir gúmmístígvélin flottu. „Ragnheiður, sem er eigandi Ilse Jacobsen „concept“-búðarinnar á Íslandi, nefndi við mig að Ilse væri að leita að hönnuðum fyrir nýja fatalínu sem hún væri með í startholunum. Ég var nýkomin úr fæðingarorlofi og ákvað að skella ferilskránni minni til Ilse. Ég lærði í Danmörku og hafði alltaf langað að flytja þangað aftur og þegar ég fékk svar til baka um að hún vildi hitta mig ákvað ég að slá til,“ segir Helga sem sér ekki eftir því í dag. „Ég mætti til hennar korteri fyrir jól svo það var ekki bakað mikið af jólakökum á mínu heimili þau jólin. Í staðinn sat ég og teiknaði og skissaði og mætti svo til hennar með möppuna mína þar sem hún sat með stóran bunka af umsóknum. Ilse var mjög jákvæð en svo kom stóra spurningin, áttu ekki tvö börn og mann? Hvað með þau? Ég hafði ekki hugsað svona langt en tók hinn týpíska Íslending á þetta og sagði bara: það reddast,“ segir Helga sem flýgur reglulega milli Íslands og Danmörku.

Von er á fötunum í verslanir í byrjun næsta árs en Helga og hinn hönnuðurinn, Line Rumhult, eru að hanna sumarlínuna fyrir árið 2008. „Stóra sýningin verður svo 7. ágúst, þá verður fata- og skólína kynnt með öllum þeim látum sem fylgja, þetta er ótrúlega spennandi,“ segir Helga og bætir við að hún eigi ótrúlega góðan mann sem standi 150 prósent á bak við hana. „Annars gæti ég þetta ekki. Það er hins vegar allt hægt ef viljinn er fyrir hendi og það hafa allir stutt mig í þessu.“ indiana@frettabladid.is



Helga Ólafsdóttir fatahönnuður




PI PAR • SÍA • 70589

## Jón Ásgeir Jóhannesson

Hefur byggt upp slíkt stórveldi í viðskiptalífinu að annað eins þekkist varla. Ítök hans eru nánast alls staðar og fólk þarf eiginlega að leggja mikið á sig til að komast hjá því að eiga viðskipti við fyrirtæki sem hann á."

„Klárlega einn af valdamestu mönnum landsins."

„Hefur bein og óbein áhrif á lífskjör tugþúsunda Íslendinga, neytendur og starfsfólk og svo á afkomu ótrúlegs fjölda fólks af öðru þjóðerni sem starfar hjá öllum þeim fyrirtækjum sem hann tengist. Sá sem hefur áhrif á pyngju fólksins ræður miklu. Það sem einkennir Jón Ásgeir er að hann fer vel með þau miklu völd sem hann hefur, hann er góðhjartaður milljarðamæringur sem lætur gott af sér leiða."

„Jón Ásgeir og Baugsfjölskyldan ásamt öðrum ráða því sem þau vilja ráða, einnig því hverjir stjórna landinu og ráðstafa gæðum þess."

„Samanlagt á hann og Björgólfur Thor nánast í hverju einasta stórfyrirtæki á Íslandi. Þeir eru í þeirri aðstöðu að geta ráðið því í gegnum eignarhluta sinn hvort fyrirtæki lifi eða lognist út af og hafa þar með bein áhrif á lífsviðurværi tugþúsunda Íslendinga. Óbein áhrif þeirra eru líka gríðarleg, því fyrirtæki þeirra eru orðin einhverjir stærstu styrktaraðilar ýmissa lista- og líknarmála."

„Enginn kemst með tærnar þar sem Jón Ásgeir hefur hælana á matvöru-, tísku- og fjölmiðlamarkaði. Hann er þannig langvaldamesti maður íslensks menningarlífs. Ítök hans í mörgum stærstu fyrirtækjum landsins, til dæmis Baugi, FL Group og Glitni, skipa honum sess sem einn af tveimur eða þremur valdamestu mönnum viðskiptalífsins. Að teknu tilliti til umsvifa hans á hinum ýmsu sviðum þjóðlífsins er hann valdamesti maður landsins."

„Jón Ásgeir - vegna eignarhalds hans og þeirra Baugsmanna bæði innanlands og utan, ég tala nú ekki um hlut þeirra í fjölmiðlum."

„Hvunndagshetjur sem eru milljarðamæringar. Ítök þeirra í viðskiptalífinu eru ótrúleg og umsvif þeirra ná langt út fyrir landsteinana. Þeir hafa jafnframt verið virkir í pólitískri umræðu sem síst hefur verið til þess að draga úr völdum þeirra."

„Ekki bara valdamesti maður í verslun og þjónustu heldur einnig í fjölmiðlum. Hann hefur haft gríðarleg áhrif á heildsalastéttina sem hér var valdamikil á árum áður en er nú nánast horfin. Þá er hann sterkur á fjölmiðlasviðinu. Fjölmiðlar í hans eigu færu tæpast að sverta mannorð hans, kafa djúpt í einkalífið eða gera rannsókn á viðskiptaferli hans, eins og sumir aðrir hafa orðið fyrir í fjölmiðlum hans."

„Aðaleigandi stærsta fyrirtækis þjóðarinnar og rekur sömuleiðis stærsta fjölmiðlaveldið í einkaeigu. Hefur haft ótrúleg áhrif á íslenskt samfélag; fyrirmynd annarra í útrásinni, en um leið tákngervingur íslenskra kaupsýslumanna sem lifa hátt og vita vel af ríkidæmi sínu."

„Þræðir Jóns Ásgeirs liggja hvarvetna um íslenskt samfélag og hann er ekki feiminn við að beita sér. Hann fer einnig sínu fram, eins og sjá má á því að hann lætur sem nýlegur dómur yfir honum sé ekki til og gerist stjórnarformaður félags sem er skráð á markað. Og kemst upp með það."

„Ríkur og framkvæmdaglaður og spilar stórt hlutverk í íslensku samfélagi sem fylgja mikil völd þó ekki ótakmörkuð. Hefur kannski einhver pólitísk völd eins og margir ríkir menn, veit ekki um það, en aðallega hefur hann peningavöld. Getur líka keypt íbúðina dýru í Skuggahverfinu."

„Ætlar fjárfestingarfyrirtæki sínu Baugi Group að verða stærsta í heimi í verslunarrekstri innan fimm ára. Og menn trúa að honum takist það, bíða bara spenntir. Kraftmikill maður þar á ferð. Ennfremur er hann í öðru sæti á lista breska tískutímaritsins Drapers Fashion magazine yfir áhrifamesta fólkið í breskum tískuiðnaði. Á toppi listans eru ekki tískuhönnuðir heldur bissnessmenn. Þegar breska pressan er farin að skipa Íslending í toppsæti yfir áhrifamikla menn, þá ertu valdamikill."

„Líklega sá auðmaður Íslands sem getur haft mestu áhrifin á daglega neyslu landans með fjölbreyttu eignasafni sínu í fyrirtækjum sem nánast allir Íslendingar eiga í einhverjum viðskiptum við á hverjum degi. Jón Ásgeir sem stærsti eigandi Baugs er án efa valdamesti maður Íslands og getur með einföldum aðgerðum haft mikil áhrif á kaupmátt Íslendinga ef hann kærir sig um."




**„Augljósar ástæður. Það sem hann hefur fram yfir aðra menn sem eiga jafnmikinn pening er að hann á beint eða óbeint fyrirtæki sem hafa mikil áhrif á daglegt líf fólks, eins og fjölmiðla og matvörubúðir."**

# JÓN ÁSGEIR VALDAMESTUR

SIRKUS LEITAÐI TIL 22 MÁLSMETANDI EINSTAKLINGA Í LEIT AÐ VALDAMESTA FÓLKI LANDSINS. BAUGSFEÐGAR, BJÖRGÓLFSFEÐGAR OG STJÓRNMÁLALEIÐTOGAR ÞYKJA ÞEIR VALDAMESTU AÐ MATI ÞEIRRA SEM GÁFU ÁLIT SITT. AÐEINS TVÆR KONUR KOMAST Á LISTA ÞEIRRA TÍU VALDAMESTU.

## Geir H. Haarde forsætisráðherra

Eðli málsins samkvæmt hafa allar ákvarðanir hans, eða manns í hans embætti áhrif á daglegt líf okkar til lengri eða skemmri tíma. Nú er bara að vona að hann fari betur með það vald en Davíð Oddsson gerði á sínum tíma."

„Tvímælalaust valdamesti maður landsins. Sem forsætisráðherra og formaður stærsta stjórnmálaaflsins eru völd hans geysileg, óumdeild og viðurkennd. Hann stýrir þjóðarskútunni og mun sennilega gera það næstu tólf árin eða svo. Hversu vel honum tókst að taka við völdunum af Davíð Oddsyni, án þess að valda nokkrum usla, sýnir hversu lunkinn og greindur hann er. Þar að auki bræðir bros hans hvern sem er og vinsældir hans eru miklar."

„Geir, sem formaður í stærsta stjórnmálaflokki landsins, þess flokks sem hefur ráðið för í ríkisstjórn í 16 ár samfellt, er líklegast valdamesti maður landsins enda í þeirri aðstöðu að geta framkvæmt nokkurn veginn það sem hann vill. Að auki hafa hans ákvarðanir líklegast áhrif á hvað flesta landsmenn, afkomu þeirra og velferð."

„Formaður Sjálfstæðisflokksins hefur í krafti stöðu sína meiri völd en nokkur annar í stjórnmálum hérlendis. Geir Haarde hefur styrkt stöðu sína hratt undanfarið og er óvéfengdur. Þótt ekki fari mikið fyrir honum eru völd hans litlu minni en Davíðs þegar ítök hans voru hvað mest. Geir hefur það fram yfir Davíð að passa að misbjóða ekki þjóðinni með valdbeitingu sinni. Hann veit enn að vald hans er í umboði fólksins."

„Hefur náð ótvíræði stöðu sem leiðtogi Sjálfstæðisflokksins og markað sér sérstöðu sem leiðtogi flokksins í metnaðarfullu stjórnarsamstarfi. Hefur sjálfstraust til að vera í samstarfi á jafnréttisgrundvelli í ríkisstjórn."



„Forsætisráðherra, skárra væri það ef maðurinn teldist ekki til valdamestu einstaklinga landsins."

„Hefur á stuttum tíma náð miklum völdum sem forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins. Er kominn með alræðisvald yfir Valhöll og flokknum almennt, án þess að margir geri sér í raun grein fyrir því."

„Formlega er Geir valdamesti maður landsins enda forsætisráðherra. Hann er í bestu stöðunni til þess að ná sínum hugmyndum fram þó hann þurfti stundum að sannfæra einhverja í kringum sig. Enginn hefur meiri pólitísk völd."

„Sem forystumaður ríkisstjórnarinnar hlýtur hann að teljast valdamesti maður landsins. Hann nýtur mikillar virðingar og óskoraðs trausts."



## Davíð Oddsson seðlabankastjóri

Þrátt fyrir að stýra ekki lengur hinu opinbera, hefur hann engu að síður kverkatak á efnahagslífinu. Hans álit vegur væntanlega þyngst þegar stýrivextir eru ákveðnir og áhrifa af þeim ákvörðunum gætir út um allt samfélag, hjá öllum."

„Getur hæglega hækkað við sig launin með dyggum stuðningi Sjálfstæðismanna sem sitja í nýkjörinni meirihlutastjórn."

„Davíð hefur verið valdamesti maður Íslands í á annan áratug og stýrir nú efnahagsmálum í gegnum Seðlabankann. Hann er sterkur bakvörður Sjálfstæðisflokksins þótt hann sé ekki í framvarðarsveitinni lengur. Völd hans fara þó minnkandi, a.m.k. á yfirborðinu á meðan Geirsarmurinn styrkir sig í sessi."

„Jafnvel þó að hann sé formlega hættur í pólitík sjást enn merki um hræðslu við að ganga gegn skoðunum hans innan úr Sjálfstæðisflokknum. Fáir gætu haft jafnmikil áhrif án þess að segja eða gera nokkurn skapaðan hlut."

## Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings

Stjórnarmaður stærsta fjármálafyrirtækis Íslands, einn af frumkvöðlum íslensku útrásarinnar og sannkallað athafnaskáld sem skortir sannarlega ekki sjálfstraustið."

„Stýrir stærsta og verðmætasta fyrirtæki landsins. Honum hefur tekist að byggja það upp í hæstu hæðir á örskömmum tíma. Hans verk sýna vel þá krafta sem leystust úr læðingi í íslensku efnahagslífi með einkavæðingu bankanna. Faðir hans var ráðherra svo að baki honum liggja pólitískir þræðir sem nýtast honum vel."

„Ræður því sem hann vill ráða."

„Almennt vel liðinn og þykir ótrúlega snjall viðskiptamaður. Vel tengdur inn í pólitíkina; með góð tengsl inn í Sjálfstæðisflokkinn, Framsóknarflokkinn og Samfylkinguna og gæti gengið inn í sambærilega stöðu hjá mörgum erlendum stórbönkum á morgun ef hann hefði minnsta áhuga á því."



„Æðsti stjórnandi langstærsta fyrirtækis landsins hefur mikil völd í fjármálaheiminum hér á landi og þótt víðar væri leitað þar sem útrás fyrirtækisins er gríðarleg."

FRAMHALD Á BLS. 10





# heilsa&útivist

FÖSTUDAGUR 15. JÚNÍ 2007



FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR




Sumarblóm í miklu úrvali

Trjágróður af öllum gerðum
Ráðgjöf og tilboðagerð

GRÓÐRARSTÖÐIN Mörk

Stjörnugróf 18 • Sími 581 4550 • Fax 581 2228
www.mork.is mork@mork.is

FABRIKAN

# Allir góðviðrisdagar nýttir

**Strandblak er íþrótt sem nýtur sífellt meiri vinsælda á Íslandi. Karl Sigurðsson keppti nýlega í strandblaki fyrir hönd Íslendinga á Ólympíuleikum smáþjóða í Mónakó en hann er einn af forsprökkum íþróttarinnar hér á landi.**

Strandblak hefur ekki lengi verið stundað á Íslandi en þó hafa verið haldin Íslandsmót í því síðustu þrjú ár. „Eftir Ólympíuleikana 2004 var mikið fjallað um strandblak í fjölmiðlum og okkur langaði að prófa að fara af stað með það hér á landi. Kópavogsbær var til í að fara í þetta með okkur og við settum upp nokkra velli hérna í Fagralundi í Kópavogi,“ segir Karl.

Síðan þá hefur standblaksvöllunum fjölgað og nú eru komnir upp vellir í Reykjavík, Hafnarfirði, Hveragerði og á Þingeyri að sögn Karls. „Þeir sem eru í strandblaki hafa flest allir verið að stunda blak, en þetta eru mjög skyldar íþróttir þó að þær séu ekki eins. Ég var búinn að vera í blaki í tuttugu ár þegar ég kynntist strandblakinu og mér finnst það, eins og mörgum öðrum miklu skemmtilegri íþrótt. Strandblak er í rauninni helmingi erfiðari íþrótt þar sem eru bara tveir í liði með næstum því jafn stóran völl og í blaki og við erum að hoppa í sandi, þannig að allar hreyfingar og allt verður mikið erfiðara,“ segir hann.

Karl segist verða var við að sífellt fleiri vilji prófa að spila strandblak. „Mikið er um að krakkar sem eru ekki að æfa séu að koma og leika sér á völlunum hjá okkur á kvöldin og við erum bara ánægð með það,“ segir hann og hlær.

Mikill áhugi er fyrir því hjá iðkendum strandblaks að koma sér upp húsi til þess að hægt sé að stunda það allt árið að sögn Karls. „Við notum náttúrulega hvert tækifæri til að spila á sumrin og það má eiginlega segja að hver einasti góðviðrisdagur sé nýttur,“ segir hann.

Á Ólympíuleikum smáþjóða sem voru nýlega haldnir í Mónakó áttu Íslendingar nokkra fulltrúa í strandblaki og var Karl sjálfur meðal keppenda. „Árið 2005 sendum við karlalið til Andorra en núna fór bæði kvenna og karlalið. Okkur gekk mjög vel og stelpurnar náðu frábærum árangri og voru í þriðja sæti. Að vera á ströndinni í Mónakó í 30 til 35 stiga hita með öskrandi flotta tónlist og fullt af áhorfendum var náttúrulega ólýsanlegt. Ég myndi segja að það hafi verið toppurinn á ferlinum,“ segir Karl og hlær.


Karl segir strandblak skemmtilega en erfiða íþrótt.

emilia@frettabladid.is

● **BAKIÐ STYRKT**



Léttar líkamsæfingar geta byggt upp vöðva í baki og maga til að styðja við hrygginn og viðhalda teygjanleika. Auðvelt er að koma göngutúr eða hlaupum að í hinu daglega skipulagi. Sund er sérstaklega gott fyrir bakið, því það styrkir vöðvana á meðan vatnið styður við líkamann. Með röngum sundtökum er hægt að þróa með sér vöðvabólgu og bakverki og því ekki úr vegi að leita sér aðstoðar eða sækja sundnámskeið.




**Hef opnað sálfræðiþjónustu að Suðurlandsbraut 10 og sálfræðilega ráðgjöf á Internetinu**

**Veiti sálfræðilega meðferð og ráðgjöf fyrir:**
- einstaklinga m.a. við kvíða, fælni, óöryggi, sorg, áföllum, kulnun, streitu.
- fjölskyldur m.a. við samskiptaerfiðleikum, gildin í fjölskyldunni, framtíðarsýn.
- fyrirtæki m.a. fyrirtækja- og starfsviðmót, stjórnun breytinga.

**Handleiðsla fyrir stjórnendur og fagfólk.**

**Held námskeið og veiti handleiðslu í Life-Navigation með Internetinu og Skype um hvernig**
- takast má við það óvænta í lífinu
- vaxa sem einstaklingur og njóta lífsins

**Ágústína Ingvarsdóttir sálfræðingur í fyrirtækja-, vinnu- og klínískri sálfræði cand psych**
Tímapantanir í síma 663 8927 eða í netpósti agustina@life-navigation.com • Geymið auglýsinguna

**Minnistöflur**
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is



FOSFOSER MEMORY
Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi

**Birkiaska**
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is



BETUSAN


# Eðlilegasta hreyfing mannsins

**Ganga er elsta líkamsrækt mannsins. Hún er öflug fitubrennsla, hressir bæði líkama og sál og kostar ekki neitt. Sölvi Fannar Viðarsson segir göngu eitt öflugasta vopnið í baráttunni við aukakílóin.**

Steinn Steinarr komst svo að orði í ljóði sínu Grautur og brauð: „Og einn fékk þar of lítið og annar meira en nóg, og einn lést af fylli, en hinn úr sulti dó.“ Þetta hefur sjaldan átt betur við en í dag en offita er sífellt að verða stærra vandamál í vestrænum velmegandi heimi.

Sölvi Fannar Viðarsson, heilsuráðgjafi í World Class Laugum, er einn þeirra sem hefur tröllatrú á göngu sem einu helsta vopninu í baráttunni við hrakandi heilsufar. Hann segir hana eina öflugustu líkamsræktina sem fólki standi til boða enda afrakstur þróunar milljóna ára og okkur í blóð borin.

„Við sem tegund erum búin að vera til í fjórar milljónir ára og á þeim tíma höfum við gengið að mestu á tveimur fótum. Mér þykir það því algjörlega rökrétt að það sé eiginlegasta hreyfing mannsins að ganga,“ segir Sölvi Fannar. „Í 99,9 prósent af þróunarsögu okkar hafa ekki verið til bílar, hjól eða önnur slík farartæki. Við höfum alltaf gengið.“

Sölvi Fannar hefur vissulega mikið til síns máls. „Ganga er ein öflugasta fitubrennslan sem völ er á. Við getum gengið mjög lengi og þannig viðhaldið brennslunni mjög lengi, sérstaklega þegar við erum komin í gott form og farin að geta gengið hratt,“ segir Sölvi Fannar. „Ganga stælir læri og kálfa og líka efri hluta líkamans í kraftgöngu.“

Sölvi Fannar mælir því með að gengið sé sem oftast, og í raun hvenær sem því verði við komið. Ef færi gefst að standa upp í vinnunni og ganga, þó ekki nema nokkra metra úti við, hressir það bæði líkama og sál og auki vinnuafköstin í samræmi við það.

„Stærsta líkamsræktarstöðin er náttúran sjálf. Þar þarf ekki kort og þar er allur útbúnaður fyrir hendi,“ segir Sölvi Fannar. „Í staðinn fyrir að henda sér í sófann eftir vinnudaginn ætti fólk að prófa að fara í stuttan göngutúr, bara í tíu til tuttugu mínútur, og sjá hvaða áhrif það hefur á líðanina.“


Sölvi Fannar segir göngu eina bestu líkamsræktina sem völ er á og að hún, ásamt hollu mataræði og jákvæðu hugarfari, fari langt með að koma fólki í gott form.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

tryggvi@frettabladid.is

# Æfðu frítt í sumar!



Ef þú festir kaup á Life Fitness líkamsræktartæki í sumar þarftu ekki að byrja að greiða af því fyrr en í október og lánið (euro/visa) er vaxtalaust í allt að 12 mánuði frá kaupdegi.

Life Fitness eru afar vönduð tæki fyrir þá sem vilja ná upp þreki án þess að leggja of mikið á liðamótin. Þau eru nú loksins fáanleg fyrir heimilið.

**Nýttu þér tilboð okkar og vertu í formi í sumar!**

ARGUS / 07-0467

Life Fitness

þrekhjól, hlaupabrautir, þrekþjálfar og æfingastöðvar

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

Opið 10-18 mán.-fös. og 11-15 lau. / www.hreysti.is



Björg Magnúsdóttir fær sér rauðvín fyrir hjartað á síðkvöldum og telur mikilvægt að vera í kringum skemmtilegt fólk. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Að umgangast skemmtilegt fólk hlúir að andlegri heilsu

Björg Magnúsdóttir er kraftmikil ung kona. Hún er háskólanemi, blaðamaður á Blaðinu og lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

„Varðandi næringarlega heilsu mína drekk ég mikið af hinu unaðslega, íslenska vatni," segir Björg, aðspurð hvað hún geri sér til heilsubótar. „Ég hendi líka í mig ómældu magni af exótískum ávöxtum sem móðir mín kær hefur skorið ofan í mig frá fæðingu. Svo fæ ég mér reglulega rauðvínsglas á síðkvöldum, fyrir hjartað."

Líkamleg hreyfing hefur minnkað með árunum að sögn Bjargar en hún segist þó fara út að skokka eða ganga reglulega. „Einu sinni þótti ég liðtæk í knattspyrnu með stórliðinu FH og átti auðvitað góða spretti í kúluvarpi og spjótkasti vel fyrir aldamót."

„Annars þykir mér mikilvægt að huga að andlegri heilsu. Að henni verður best hlúð með lífsmottói mínu sem miðar að því að umgangast einungis skemmtilegt fólk. Ég hef fulla trú á að það muni fleyta mér langt í lífinu." *thorunn@frettabladid.is*






## Óhollt að sofa út um helgar

Unglingar sem sofa út um helgar gætu átt það á hættu að upplifa flugþreytu á mánudegi. Samkvæmt nýjustu rannsóknum geta þeir sem fara seint að sofa um helgar og sofa út næsta dag ruglað lífsklukkunni, rétt eins og fólk gerir þegar það ferðast til annarra landa. Dæmigert svefnmynstur unglinga er þannig að þeir sofna of seint á virkum dögum en reyna svo að bæta upp svefninn um helgar með því að sofa lengur. Þetta hefur þau áhrif að þeir eru þreyttir á mánudögum og einbeitingin í lágmarki sem hefur áhrif á námsárangurinn. Best er að fara alltaf að sofa á sama tíma og vakna á sama tíma. *-keþ*



## Sýklalyf auka hættu á asma

Sýklayf sem gefin eru börnum á fyrsta æviárinu auka gífurlega líkurnar á því að þau fái asma fyrir sjö ára aldur. Þetta er niðurstaða rannsóknar sem gerð var í háskólanum við Manitoba í Winnipeg í Kanada.

„Börn sem höfðu fengið sýklalyfjameðferð oftar en fjórum sinnum voru tvisvar sinnum líklegri til að þróa með sér asma," segir Anita Kozyrskyj sem stýrði rannsókninni ásamt samstarfsmönnum sínum. *-keþ*

NÝTT

*Bylting í meðferð á fótsveppi …*

# LAMISIL ONCE

## *Eina fótsveppalyfið sem drepur fótsveppinn eftir notkun í einungis eitt skipti*







*FÆST ÁN LYFSEÐILS*

Lamisil Once 1% húðlausn inniheldur 10 mg af terbínafíni (sem hýdróklóríð). Lamisil Once er einskammta meðferð við fótsvepp (tinea pedis). Ekki má nota Lamisil Once ef til staðar er ofnæmi fyrir terbínafíni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins. Lamisil Once er eingöngu ætlað til útvortis notkunar. Lyfið er eingöngu ætlað til húðmeðferðar á fótum. Lamisil Once á ekki að nota á meðgöngu nema brýna nauðsyn beri til. Konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Lamisil Once. Börn og unglingar undir 18 ára aldri eiga ekki að nota lyfið þar sem reynslu skortir af slíkri notkun. Lyfið á einungis að bera á einu sinni. Best er að bera Lamisil Once á húðina eftir sturtu eða bað. Lyfið verður að bera á báða fætur, jafnvel þótt einkenni sjáist einungis á öðrum fæti. Þetta tryggir algjöra eyðingu sveppsins. Hann getur leynst víðar á fótum þótt ekki sjáist nein merki um hann. Lamisil Once er mild lausn og ertir sjaldnast húðina. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarnar sem fylgja hverri pakkningu. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

# Hoppað sér til heilsubótar



Sogæðakerfi, lungu, grindarbotn, vöðvar og sálartetur hafa gott af trampólínæfingum.

**Æfingar á trampólíni eru ekki bara fyrir börn heldur hafa fullorðnir sérlega gott af þeim líka, hvort sem hoppað er á stóru eða litlu trampólíni, innanhúss eða utan. Áreynslan brennir hitaeiningar og styrkir sogæðakerfi líkamans.**

Hér á eftir koma nokkrar hugmyndir að einföldum og skemmtilegum aðferðum til að koma líkamanum í form á trampólíni.:

1. Grunnhopp. Þessi æfing getur verið jafn erfið eða auðveld og þú vilt, allt eftir því hversu mikið þú setur í hana. Stattu á miðju trampólíninu með fæturna örlítið gleiða. Á þess að lyfta fótunum upp skaltu svo dúa á trampólíninu og einbeita þér að því einu að halda góðu jafnvægi. Eftir því sem öryggið eykst skaltu lyfta fótunum og hækka hoppin.

2. Grunnganga. Þessi æfing hentar sérlega vel til upphitunar eða niðurkælingar. Komdu þér í góða stöðu og byrjaðu að „ganga“ en gættu þess að lyfta bara hælunum af trampólíninu. Sveiflaðu höndunum í takt við „gönguna“.

3. Grunnskokk. Þessi æfing er góð til að hækka blóðþrýstinginn. Farðu í grunnstöðu með fæturna örlítið í sundur og lyftu þeim upp til skiptis í um tíu sentimetra hæð. Hreyfðu hendurnar í senn líkt og þú værir að skokka.

4. Gleðihoppið. Þessi æfing er töluvert meira krefjandi en hinar þrjár en mjög skemmtileg og hressandi. Stattu á miðju trampólíni og hoppaðu upp en á meðan þú ert í loftinu áttu að færa fæturna í sundur og klappa saman höndum yfir höfðinu eins og sprellikarl.

*mhg@frettabladid.is*





**Opna kerfið** Þinn tími er kominn!

1. Almenn þjálfun, þol, styrkur og liðleiki
2. Púltími, hressileg upphitun, ýmist á palli eða gólfi, styrktar- og liðleikaþjálfun
3. Pallatími, samsett spor, mikil brennsla
4. Lóðatími, upphitun ýmist á palli eða á gólfi, unnið með þyngd og mótstöðu, lóð, stangir, teygjur
5. Liðleikaþjálfun, upphitun, styrktar- og slökunarteygjur
6. Yoga
7. Bræðingur, líkamsrækt með dansívafi, salsa, mambo, samba, jazz, funk og stuð
8. MRL - Magi, rass og læri
9. Stöðvaþjálfun, fjölbreyttir vaxtamótunartímar

**Nú geturðu gerst áskrifandi að líkamsrækt JSB**
*Betra verð í áskrift, aðeins 3.990 kr. á mánuði*

**Glæsilegur nýr tækjasalur!**
**Barnagæsla - Leikland JSB**

**Vertu velkomin í okkar hóp!**

Stundatafla fyrir Opna kerfið

| | mán | þri | mið | fim | fös | lau | sun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 06:30 | 4. | 5. | 1. | 1. | 8. | | |
| 07:30 | 1. | 1. | 4. | 9. | | | |
| 08:30 | | 4. | 1. | 1. | 1. | | |
| 09:30 | | | | | | 1. | |
| 10:30 | | | | | | 7. | |
| 11:30 | | | | | | | |
| 12:15 | 2. | 1. | 1. | | 7. | | |
| 13:30 | 1. | | | 1. | | | |
| 14:30 | | | | | | | |
| 15:30 | | | | | | | |
| 16:30 | 3. | 1. | 1. | 4. | 1. | | |
| 17:30 | 1. | 1. | 8. | 1. | | | |
| 18:25 | | | 1. | | | | |

*Ath. númerin útskýra tímana*

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun




**Það er krefjandi líkamsþjálfun að stunda hjólaskíði og skíðagöngur.**
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Fara á hjólaskíði þegar snjóinn vantar

Hópur áhugafólks um skíðagöngu hefur stofnað nýtt félag á höfuðborgarsvæðinu til þess að stuðla að aukinni þátttöku almennings í íþróttinni.

„Hugmyndin er sú að með því að hafa félag hér á höfuðborgarsvæðinu verði það málsvari þess að fá bætta aðstöðu á skíðasvæðum, til dæmis í Bláfjöllum og Skálafelli,“ segir Þóroddur F. Þóroddson, einn af forsprökkum félagsins. Einnig vill félagið fá troðnar brautir, bæði á skíðasvæðum og eins innan höfuðborgarsvæðisins þegar veður leyfir.

Þóroddur segir slíkt ekki þurfa að kosta mikið. „Þetta getur allt orðið til þess að fólk stundi þessa hollu íþrótt, sem gönguskíðin eru, meira.“

Í framhaldi af þessu ætlar félagið svo að reyna að stuðla að fræðslu og leiðsögn fyrir almenning. Þóroddur segir marga eiga gönguskíði en aldrei hafa fengið tilsögn. Þetta megi auðveldlega bæta. Einnig stendur hugur til að standa fyrir almennings- og keppnisgöngu í íþróttinni eins og gert er annars staðar á landinu.

Þeir hörðustu stunda svo hjólaskíði þegar snjóinn vantar. Það er gert til þess að viðhalda þjálfuninni enda þarf að vera í góðu formi ef ganga á langar leiðir. „Þetta er besta líkamsþjálfun sem hægt er að komast í,“ segir Þóroddur að lokum. *- þeb*




GÖNGUM HREINT TIL VERKS!

UMHVERFISMERKIÐ SVANURINN

**Stór hluti af okkar framleiðslu prentast á umhverfismerktan pappír eða viðurkenndan pappír af *umhverfismerkinu Svaninum.***

**Svansmerktur pappír / viðurkenndur pappír uppfyllir ströng skilyrði sem pappírsframleiðendur þurfa að uppfylla. Krafan er að minnst 15% trefjanna komi frá skógum sem hafa vottun um sjálfbæra nýtingu eða 50% hráefnis sé endurnýttur.**

**Við hjá *GuðjónÓ – vistvænni prentsmiðju* höfum ákveðna stefnu varðandi nýtingu á pappír og náðst hefur góður árangur með að auka nýtingarhlutfall pappírs við prentun, í afskurði og frágangi.**

**Mikilvægt er að öll flokkun pappírs sé mjög nákvæm. Þess vegna skilum við frá okkur góðum hvítum gæðapappír sem nýtist aftur til pappírsframleiðslu og lituðum pappír sem nýtist til endurvinnslu í grófari pappírsafurðir.**

GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



NÝJAR VÖRUR
NÝTT KORTATÍMABIL
Bolir
Skyrtur
Buxur
Vesti
Flíspeysur
Softshell peysur
Nærfatnaður
Zip-off buxur
Stuttbuxur
Kvartbuxur
Regnfatnaður
Isotex buxur
Istotex jakkar
Gönguskór
Sandalar
Göngustafir
Bakpokar
Svefnpokar
Smávara
ofl.ofl.
-50% TILBOÐ
NÝ BARNAFÖT
Verð áður Verð nú
Bolir kr. 1.990,- kr. 995,-
Skyrtur kr. 2.990,- kr. 1.495,-
Flíspeysur kr. 2.990,- kr. 1.495,-
Softshell peysur kr. 6.490,- kr. 3.245,-
Zip off buxur kr. 4.990,- kr. 2.495,-
Regnjakkar kr. 5.990,- kr. 2.990,-
Regnbuxur kr. 2.990,- kr. 1.495,-
Opið
Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16
REGATTA
GREAT OUTDOORS ™
ÚTIVIST&SPORT
verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta
Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322




# MILLJÓNA VERÐBIL

## ... á nýjum 2007 Volvo Dísel.



*Sýningarbíll á staðnum.*

**Volvo XC90**

Eigum nokkra bíla á lager. 5 og 7 manna með og án topplúgu.

**Litir:** Silfur - Dökkgrár - Svartur - Dökkblár.

**Staðalbúnaður**

ABS hemlar - Aksturstölva - Armpúði - Álfelgur - Fjarstýrðar samlæsingar - Geislaspilari - Hiti í sætum - Hleðslujafnari - Hraðastillir - Höfuðpúðar aftan - Innspýting - Kastarar - Líknarbelgir - Loftkæling - Rafdrifnar rúður - Rafdrifnir speglar - Spólvörn - Stöðugleikakerfi - Útvarp - Vökvastýri - Þakbogar - Þjófavörn.

*Auk þess búnaðar sem nefndur er hér fyrir ofan er allur sá búnaður sem er staðalbúnaður hjá umboðinu.*

**DÆMI UM AUKABÚNAÐ UMFRAM STAÐALBÚNAÐ SEM ER Í EINUM ÞESSARA BÍLA ( Á PAKKA VERÐI ):**

"Designe Line" Pakki = Hliðarrúður aftan dökkar + Áklæði leður + Álinnrétting = 159.000,- "Viðbót við Design Line" Áklæði leður soft SOVEREIGN = 96.000,- "Mobillity Line" Pakki = GSM sími innbyggður með fjarstýringu í stýri + Loftpúði farþegamegin að framan (aftengjanlegur) = 95.000,- "SE+Line" = Álfelgur "18 + Xenon ljós + þvottakerfi á aðalljós + Geislaspilari 6 diska (framhlaðið) + Sportmælar í mælaborði með klukkuskífum + Minni fyrir ökumannssæti og útispegla + Rafdrifið ökumannsæti = 250.000,- "Viðbót við SE Line" - rafdrifið framsæti fyrir farþega = 25.000,- "Viðbót við SE Line" - Gasljós Xenon með beygjustýringu = 25.000,- Álfelgur "18 Camulus (viðbót) = 109.000,- Málmlitur = 39.000,- Viðarinnrétting = ? Loftkæling í aftursæti í C - pósti = 140.000,- Vökvastýri með hraðaþyngingu = 42.000,- Bakkskynjari = 39.000,- Speglafrítt gler í fram og hliðarrúðum = 59.000,- 7 sæta útgáfa = 170.000,- Vélarhitari með tímastilli = 148.000,- Rafdrifin glersóllúga = 140.000,- Leiðsögubúnaður (áætlað) um 320 þúsund. Aukahlutir umfram staðalbúnað að verðmæti Kr. 1.856.000,-

**Listaverð með þessum búnaði: frá 8.300 þús. til 8.450 þús.**

## Okkar verð: frá 7.250 til 7.390 þús.

## *Mismunur alveg milljón...*

S P A R I bíll

**www.sparibill.is**

Skúlagötu 17 · Sími: 577 3344

- jh -




# Nicorette Fruitmint
# Bragð sem kemur á óvart

Nicorette Fruitmint er mjúkt að innan, hefur stökkt yfirborð og frískandi bragð með gómsætri blöndu af ávöxtum og myntu.

nicorette

**Þín ákvörðun**
**Þín leið**
**Þitt Nicorette**

1) Í bragðprófun meðal 100 reykingamanna var Nicorette Fruitmint borið saman við helsta keppinautinn - Fruit nikótíntyggigúmmí. Nicorette Fruitmint var talið bragðbetra nikótíntyggigúmmí. RSSL Pharma, 2005. Markaðsathugun gerð fyrir Pfizer. Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.** Handhafi markaðsleyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ. **www.nicorette.is**



## Björgólfur Thor Björgúlfsson

Björgólfur Thor og hans fjölskylda ræður því sem hún vill ráða, einnig því hverjir „stjórna“ landinu og ráðstafa gæðum þess. Svarið miðast við að völdin felist í peningum.“

„Eins og Jón Ásgeir er hann í þeirri aðstöðu að geta ráðið í gegnum eignarhlut sinn hvort fyrirtæki lifa eða lognast út af og hefur þar með bein áhrif á lífsviðurværi tugþúsunda Íslendinga. Óbein áhrif þeirra eru líka gríðarleg, því fyrirtæki þeirra eru orðin einhverjir stærstu styrktaraðilar ýmissa lista- og líknarmála.“

„Hann ræður yfir næststærsta og fjórða stærsta banka landsins. Ítök hans hafa ekki komið að fullu fram innanlands. Enn sem komið er eru umsvif hans helst erlendis og á íslenskan mælikvarða eru þau stjarnfræðileg. Hann hefur valdið, en eina spurningin er hvort hann hafi viljann til að virkja það að fullu á þessum litla leikvelli.“

„Tvímælalaust valdamesti maður landsins í krafti auðlegðarinnar. Að vísu beitir hann þeim völdum afar hóflega, enda kvarta sumir undan því að hann mætti rækta heimalandið betur, en áhuginn erlendis virðist oft eiga hug hans allan. En ef hann einsetur sér eitthvað má mikið vera ef það gengur ekki eftir.“

„Er töluvert ríkari en Donald Trump. Hefur áræðnina sem þarf til þess að hafa völd sem hann sækist eftir. Peningavöld og pólitísk völd eru ekki lögð að jöfnu en hvort tveggja eru völd. Hann hefur völd til þess að kaupa 230 milljón króna íbúð, án innréttinga, í nýju Skuggahverfi.“

„Þegar maður skipar 249. sæti yfir ríkustu menn í heimi, samkvæmt Forbes-listanum, og er frá landi þar sem búa 300 þúsund manns, þá hlýtur sá að vera fremstur meðal jafningja, og gott betur. Samhliða því hljóta menn gríðarleg völd og vonandi virðingu.“



## Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins

Með skrifum sínum hefur hann gríðarleg áhrif á skoðanir fólk. Völd og áhrif fjölmiðlanna eru meiri en flestir gera sér grein fyrir.“

„For better or worse“ er haugur af fólki sem tekur bara mark á Morgunblaðinu. Styrmir er sá ritstjóri/fréttastjóri sem klárlega beitir sér með beinustum hætti. Hann hefur bein áhrif á skoðanir þessara þúsunda sem líta á Morgunblaðið sem biblíu lífsins.“

## Inga Jóna Þórðardóttir

Sem kona forsætisráðherrans hefur hún mikil völd á bak við tjöldin. Sýndi ótrúlega stjórnkænsku þegar hún vék fyrir Birni Bjarna í borginni sem varð síðan upphafið að pólitísku andláti Björns og gerði úti um hann sem keppinaut Geirs. Sennilega eru völd hennar mjög vanmetin, því hún er mjög klókur stjórnmálamaður sem hefur mikil völd í íslenskum stjórnmálum.“

„Það er reyndar eiginmaður hennar sem hefur hin formlegu völd í hendi sér en engum dylst áhrifavald Ingu Jónu sem einnig er með víðtæk tengsl inn í menningar- og viðskiptalíf auk sinnar miklu pólitísku reynslu. Það er fyrir hennar tilstilli sem vaktaskiptin í Valhöll hafa verið jafn fljót og afdráttarlaus og raun ber vitni.“



## Björgólfur Guðmundsson

Áhrifamikill og fyrirmynd í íslensku viðskiptalífi. Hefur ítök víða en fer vel með vald sitt.“

„Er á sama tíma valdamesti aðili viðskiptalífsins og einn helsti styrktaraðili menningarelítunnar.“

„Björgólfur hefur, eins og Jón Ásgeir, komið sér í þá stöðu að hafa sterka stöðu á fjármálamarkaðnum og í fjölmiðlum. Hann er m.a. einn stærsti eigandi Árvakurs, sem gefur út Morgunblaðið og Blaðið. Skrýtið að valdamiklir auðmenn vilji eiga fjölmiðla þótt þeir séu í raun ekki besta fjárfesting sem hugsast getur.“

„Auðmaðurinn Björgólfur beitir aurum sínum víða til áhrifa. Sem aðaleigandi Landsbankans og Moggans hefur hann gríðarleg áhrif svo ekki sé talað um öll þau völd sem hann hefur víða annars staðar t.d. meðal Sjálfstæðismanna. Hann hefur t.d. verið að dunda sér á bak við tjöldin við að kaupa upp fasteignir í miðborginni. Það er ljóst að gaurinn getur gert nánast það sem honum langar til og er nógu ríkur til að geta gert allt sem honum dettur í hug.“

„Einn valdamesti einstaklingurinn hér á landi í krafti auðs síns og tengsla við áhrifamenn í samfélaginu. Nýtur þess líka að vera lítt umdeildur, opinberlega að minnsta kosti. Ekki er þó víst að áhrifa hans muni gæta mikið lengur, því tengslanet hans nær til þeirra afla í samfélaginu, sem eru sökum aldurs að víkja fyrir sér yngra fólki.“





## Jóhannes Jónsson

Hvunndagshetjur sem eru milljarðamæringar. Ítök þeirra í viðskiptalífinu eru ótrúleg og umsvif þeirra ná langt út fyrir landsteinana. Þeir hafa jafnframt verið virkir í pólitískri umræðu sem síst hefur verið til þess að draga úr völdum þeirra. Það er sérstakt að viðskiptamaður á borð við Jóhannes í Bónus sé reglulegur gestur í pólitískum spjallþáttum.“

„Mennirnir eiga næga peninga til að kaupa upp heilu löndin, áhrif þeirra komu bersýnilega í ljós nú fyrir síðustu alþingiskosningar hvað varðaði yfirstrikanir á nafni Björns Bjarnasonar eftir auglýsingu frá Jóhannesi í Bónus.“



## Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Stýrir næststærsta stjórnmálaflokki á Íslandi, fyrrverandi farsæll borgarstjóri og er nú orðinn annar tveggja oddvita ríkisstjórnar Íslands. Hún er sterk fyrirmynd og er sú kona sem hefur náð hvað lengst í pólitíkinni og er líklega bara rétt að byrja.“

„Brýtur sögulegt blað á hverjum degi og gefst aldrei upp þótt á móti blási. Talar ætíð fyrir hönd almannahagsmuna, kvennapólitíkus fram í fingurgóma og býður karlveldinu byrginn frá morgni til kvölds.“

„Hefur brotið blað í sögu flokks síns og hefur tekið sæti í ríkisstjórn sem fyrsti leiðtogi stórs jafnaðarmannaflokks. Hefur náð miklum samhljómi í eigin hópi og náð að mynda traust samstarf við höfuðkeppinautinn í stórri ríkisstjórn. Fyrsta konan sem leiðir flokk í ríkisstjórn.“

## Þau voru líka nefnd:

### Hannes Smárason

„Hefur á skömmum tíma byggt upp eitt öflugasta og mest spennandi fjárfestingafélag landsins. Með þessu hefur hann sýnt hvað í honum býr. Og það er alveg heljarins hellingur. Í krafti fjármagnsins sem fyrirtækið sem hann stýrir ræður yfir – og hæfileika hans – eru honum flestir vegir færir. Það hefur sýnt sig og sannast margoft.“

### Ólafur Ragnar Grímsson

„Forsetinn er nokkuð vinsæll og hefur sannað völd sín gagnvart þinginu. Er vinsæll meðal auðmanna og nýtur virðingar í viðskiptalífinu þar sem hann getur haft áhrif á ákvarðanir manna ef hann sér ástæðu til. Ólafur er því líklega sá forseti Íslands í langan tíma sem hefur raunveruleg völd. Völd sem hann hefur hefur sýnt að hann hikar ekki við að beita sýnist honum svo.“

### Dorrit forsetafrú

„Fær erlendar stórstjörnur til að sækja íslenska listviðburði sem er frábær lyftistöng fyrir land og þjóð.“

### Ingibjörg Pálmadóttir

„Stýrir Baugsveldinu á bak við tjöldin, ekki nóg með að hún sé kærasta eins valdamesta manns á Íslandi, Jóns Ásgeirs, heldur er hún einnig komin af einni valdamestu fjölskyldu landsins sem tengd er við Hagkaup.“

### Kristín Jóhannesdóttir

„Flott og áhrifamikil bisnesskona. Hefur hógværa og trausta áru sem fleytir henni langt. Samt örugglega dálítill kafbátur.“

### Þórunn Sigurðardóttir

„Líklega ein valdamesta manneskjan í íslensku menningarlífi. Hefur lyft grettistaki við eflingu Listahátíðar og náð einstökum tengslum milli lista og atvinnulífs. Er svona menningarhátíðagúrú okkar Íslendinga.“



### Þorgerður Katrín Gunnardóttir

„Því fylgja mikil völd að halda utan um öll skóla- og fræðslumál heillar þjóðar og einnig að vera varaformaður stærsta stjórnmálaflokks landsins sem einnig er í forystu í ríkisstjórn.“

### Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins

„Getur án efa kippt í spotta ef honum sýnist svo.“

### Þórólfur Sveinsson framsóknarmaður

„Er með puttana víða í hinum ýmsu stjórnum en vill lítið sem ekkert vera í sviðsljósinu.“

### Þorsteinn Metúsalem Jónsson, stjórnarformaður Glitnis

„Gríðarlega áhrifamikill og þau völd sem hann fer með sem stjórnarformaður Glitnis gera hann að miklum áhrifamanni um víða veröld, bæði í fjármálageiranum, sjávarútvegsgeiranum og nú einnig í orkugeiranum þar sem Glitnir hefur náð ákveðnu forskoti með aðkomuni að Geysir Green Energy. Þeir sem hafa kynnst Þorsteini vita að hann er drengskaparmaður, gegnumheill og velviljaður. Hann er vel að því kominn sem honum hefur hlotnast í lífinu.“

### Þorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttablaðsins

„Þeir sem stýra stóru blöðunum tveimur geta með skrifum sínum haft gríðarleg áhrif á skoðanir fólks. Völd og áhrif fjölmiðlanna eru meiri en flestir gera sér grein fyrir. Tengslanet þessara tveggja eru gríðarlega stór og hræða marga.“

### Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands

„Hefur margt í hendi sér en mætti láta af þvergirðingshætti og leyfa samkynhneigðum að ganga í hjónaband frammi fyrir guði og mönnum. Bundinn á klafa fortíðar en er líklega nútímlegur undir niðri. Gæti markað djúp spor í söguna og nútímavætt íslenska kirkju – ef hann dustaði af sér rykið.“

### Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins

„Einn æðsti maður ESB, þaðan sem við fáum, hvort sem okkur líkar betur eða verr, stóran hluta okkar löggjafar, vegna veru okkar í Evrópska efnahagssvæðinu.“

### Íslenska og erlenda konan í umönnunarstétt

„Perlur samfélagsins, vinnukonur kerfisins sem halda samfélaginu gangandi frá degi til dags. Á lúsarlaunum en vinna þó mikilvægustu störfin; völd þeirra liggja í fjölda þeirra, alúð og virðingunni sem þær bera fyrir fólkinu sem þær annast. Virðingarleysið gagnvart þeim er þó algjört og sést best á launaseðlinum þeirra.“



### Katrín Anna Guðmundsdóttir, talskona Femínistafélags Íslands

„Um leið og hún og femínistar leggjast gegn einhverju tilteknu málefni, svo sem klámráðstefnunni, sem halda átti hér á landi, þorir enginn að andmæla. Katrín Anna má líka eiga það að hún er jafnan mjög málefnaleg í sínum málflutningi; rökstyður sín sjónarmið vel og er vel treystandi til að hafa mikil völd.“

ÁLITSGJAFAR: **Haukur Holm,** fréttamaður Stöð 2. **Katrín Júlíusdóttir** aþingiskona. **Hulda Sif Hermannsdóttir,** fréttakona Rúv. **Jakob Frímann Magnússon** tónlistarmaður. **María Sigrún Hilmarsdóttir,** fréttakona Rúv. **Oddný Sturludóttir** borgarfulltrúi. **Atli Gíslason** alþingismaður. **Brynhildur Ólafsdóttir,** fréttakona Stöð 2. **Jón Trausti Reynisson,** ritstjóri Ísafoldar. **Árni Páll Árnason** alþingismaður. **Elín Arnar,** ritstjóri Vikunnar. **Ágúst Ólafur Ágústsson** þingmaður. **Dagmar Ýr Stefánsdóttir,** fréttakona N4. **Björn Ingi Hrafnsson,** formaður borgarráðs. **Elín Albertsdóttir** blaðamaður Blaðinu. **Andrés Magnússon,** blaðamaður Viðskiptablaðsins. **Hjördís Rut Sigurjónsdóttir** ,blaðamaður DV. **Sölvi Tryggvason,** Ísland í dag. **Helgi Vífill Júlíusson,** blaðamaður Viðskiptablaðsins. **Freyr Einarsson** sjónvarpsstjóri Sirkuss. **Rósa Guðbjartsdóttir** bæjarfulltrúi og varaþingmaður **Arna Schram** blaðamaður

# Fljúgum hærra !

SPRON Verðbréf halda áfram að hækka flugið og eru enn sem fyrr með langhæstu ávöxtun sambærilegra sjóða á markaði eða **15,3%.**

**Peningamarkaðssjóður SPRON** hefur það markmið að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hann hentar því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en njóta samt stöðugrar ávöxtunar. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er algjörlega óbundin.

Kynntu þér málið nánar á **spronverdbref.is**



**SPRON Verðbréf**
**Peningamarkaðssjóður SPRON**
**15,3% ávöxtun***




75 ára | spron VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við 31.ágúst 2006 til 31.maí 2007, uppreiknað á ársgrundvelli.

Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is. Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum. Tölur samkeppnisaðila eru unnar úr gögnum frá www.sjodir.is.

Himinn og haf / SÍA - 9070541

# Hollywo



## Gleymdi buxunum

Leikkonan breska Sienna Miller hefur löngum verið leiðandi í tískuheiminum þótt hún þyki afar umdeild. Ekki fékk hún mörg stig fyrir þennan klæðnað sem hún birtist í á labbinu úti á götu með vini sínum. Sienna virðist hreinlega hafa gleymt að fara í buxur nema þær leynist þarna einhvers staðar undir skyrtunni. Hún þarf samt ekkert að skammast sín því hún er flott í öllu.

## Stjörnurnar mættu með hundana

Stjörnur og hundavinir voru áberandi á hundafatatískusýningu sem haldin var í New York á dögunum. Bethany Frankel úr The Apprentice mætti í bikiníinu einu fata á tískusýningu í New York á dögunum. Bethany, sem hefur gert það gott sem kokkur eftir þátttöku sína í raunveruleikaþættinum, virðist eitthvað hafa misskilið boðið en lét sem ekkert væri og sló á létta strengi. Aðrir frægir gestir voru meðal annars leikkonan Hayden Panettiere úr Heroes sem mætti með sæta hundinn sinn. Hayden er líklega þekktust fyrir hlutverk sitt í sápuóperunni The Guiding Light en hefur verið að slá hægt og rólega í gegn í Hollywood. Nýjasti piparsveinninn, hinn ítalskættaði Lorenzo Borghese var einnig á meðal gesta og mætti með lítinn hvítan hund upp á arminn.







STJÖRNURNAR SKINU SKÆRT Á FRUMSÝNINGU **SHREK 3** Í LONDON.

# Cameron Diaz í miklu stuði

**Cameron Diaz og Justin Timberlake sýndu og sönnuðu að þau eru góðir vinir þrátt fyrir sambandsslitin þegar þau birtust saman á frumsýningu teiknimyndarinnar Shrek 3 í London. Leikkonan var í miklu stuði á opnuninni og gaf aðdáendum sínum góðan tíma á milli þess sem hún gantaðist við meðleikara sína. Cameron og Justin höfðu verið saman frá árinu 2003 þegar fréttir skyndilega bárust af skilnaði þeirra. Mikill stjörnufans prýðir teiknimyndina Shrek en auk Cameron og Justins ljá Antonio Banderas, Mike Myers og Rupert Everett söguhetjunum raddir sínar.**



**GÓÐIR VINIR** Ekki er annað hægt að sjá en að Cameron og Justin Timberlake séu góðir vinir þótt þau hafi slitið fjögurra ára sambandi sínu.



**SÆT SAMAN** Shrek ásamt Cameron sem ljær prinsessunni rödd sína.



**MIKE MYERS** Leikarinn gaf aðdáendum sínum góðan tíma.




G-STAR RAW
REYKJAVIK STORE
LAUGAVEGI 86-94, S: 511-2007
**Opið föstudaga 10-18.30**
**og laugardaga 10 -18**
**Frí bílastæði í kjallara hússins.**
**Nýtt: OPIÐ Á FIMMTUDÖGUM TIL KL.20.**
G-STAR RAW DENIM · RAW DEFENDER · RAW DENIM 3301 · marc newson · g-star.com




PEPSI MAX
LEITIN AÐ STRÁKUNUM
ÁRITUN Í HAGKAUP SMÁRALIND
LAUGARDAG KL. 15.00
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**helgin**

## Uppáhalds... ...staðurinn minn

„Það eru auðvitað Tungurnar þar sem ég er alinn upp, einkanlega Laugarásinn sem er lítið þorp rétt við Skálholt og næst þar á eftir afréttarlönd þessa sama hrepps. Utan Biskupstungna er það Bleiksmýrardalur fyrir norðan.“



**Bjarni Harðarson alþingismaður**

„Kjarri vaxin brekka í Borgarfirði sem við eigum sjálf! Þar er gott að sofa, lesa og hlusta á árniðinn og horfa á fuglana. Og að sjálfsögðu með manninum mínum og börnunum öllum fjórum.“



**Ólöf Nordal alþingiskona**

„Uppáhaldsstaður minn á Íslandi er líklega Kerið í Grímsnesi. Mér finnst það svo merkilegt, svona gríðarstór gígur ofan í jörðina með þessum stórkostlegu litbrigðum, rauðamölin og tærgrænt vatn í botninum. Það er einhversskonar heilagleiki yfir staðnum. Ég verð öll hátíðleg og finnst ég þurfa að hvísla, eins og ég væri stödd í kirkju.“



**Þórdís Elva Þorvaldsdóttir leikkona**

„Mamma, amma og langamma fæddust allar og ólust upp á Krossum í Staðarsveit. Mínar kvenlegu rætur eru órjúfanlegar þessum stað og þegar ég kem vestur þá er ég - bara ég. Krossar standa utan alfaraleiðar og sæta þarf flóði og fjöru til að komast á staðinn sem stendur á fjörukambi sunnanvert á miðju Snæfellsnesi. Á Krossum hitti ég fjölskyldu mína lífs og liðna, þess vegna eru Krossar minn uppáhaldsstaður.“



**Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi**

**sirkus**

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm.
**Ritstjórn** Óskar Hrafn Þorvaldsson oskar@frettabladid.is, Indíana Ása Hreinsdóttir, indiana@frettabladid.is **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is,
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000
**Sölustjóri** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is

# Útför Ástu Lovísu var vel heppnuð og falleg

Ásta Lovísa Vilhjálmsdóttir var borin til grafar á mánudaginn. Útför hennar fór fram frá Hallgrímskirkju og mættu á bilinu 500 til 600 manns til að kveðja þessa miklu baráttukonu, sem lést eftir erfitt stríð við krabbamein, í hinsta sinn.

Vilhjálmur Vilhjálmsson, faðir Ástu Lovísu, sagði í samtali við Sirkus í gær að útförin hefði verið gullfalleg og mjög vel heppnuð. „Þetta var eins og maður óskaði sér. Presturinn Þorvaldur Víðisson stóð sig frábærlega og ekki er heldur hægt að sleppa því að minnast á Pál Óskar Hjálmtýsson. Hann er einstakur listamaður á heimsmælikvarða og söngur hans fullkomnaði þessa fallegu en jafnframt erfiðu stund,“ segir Vilhjálmur.





**ERFIÐ STUND** Það ríkti mikil sorg við Hallgrímskirkjuna á mánudag enda erfitt að kveðja ástvin. SIRKUSMYND/PJETUR

**KISTAN BORIN ÚT** Hér sjást nánustu ættingjar Ástu Lovísu bera kistuna út í bíl. Fremstir eru Vilhjálmur faðir hennar og Daði bróðir hennar. SIRKUSMYND/PJETUR

AÐALHEIÐUR ÓLAFSDÓTTIR ÆTLAR AÐ FREISTA GÆFUNNAR Í BANDARÍKJUNUM

# Í leiklistarskóla í New York

Söngkonan Aðalheiður Ólafsdóttir, betur þekkt sem Heiða úr Idolinu, er á leiðinni til New York þar sem hún ætlar að stunda nám við leiklistarskóla næstu tvö árin. „Jú, það er rétt. Ég fór í áheyrnarprufur í tveimur skólum og komst inn í þá báða. Ég valdi þann sem mér fannst áhugaverðari,“ segir Heiða í samtali við Sirkus.

Hún segir að leiklistarbakterían hafi blundað lengi í henni en hún hafi hins vegar aldrei gengið svo langt að sækja um inngöngu í Leiklistarskólann hér heima. „Ég hef alltaf haft áhuga á þessu með söngnum en það er fyrst núna sem ég geri eitthvað í þessu. Það verður líka skemmtilegt að prófa að búa í nýju landi og ekki skemmir fyrir að það sé New York,“ segir Heiða.

Námið, sem tekur tvö ár, er þó ansi stíft og það verður því lítill frítími fyrir Heiðu. „Ég verð ekkert í Sex and the City-fílingnum með Cosmo á kantinum. Þetta verður hörkutörn sem er fínt því þá hef ég ekki tíma til að fá heimþrá. Ég vonast þó til að fá gott jólafrí þannig að ég komist heim,“ segir Heiða.

Hún hefur verið áberandi í íslensku tónlistarlífi allt frá því að hún lenti í öðru sæti í Idol Stjörnuleit árið 2005. Nú mun hún hins vegar gera hlé á tónlistarferlinum á meðan leiklistarnámið stendur yfir. „Ég er búin að starfa sem söngkona í tvö ár og það hefur verið frábær tími,“ segir Heiða.

*oskar@frettabladid.is*



**NEW YORK, NEW YORK** Það er ekki ókeypis að stunda nám í New York og vinnur Heiða nú í söludeild BM Vallár til að safna fyrir náminu.

# SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUS HELDUR ÁFRAM. SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSONAR SLÓ RÚNAR FREY GÍSLASON ÚT Í SÍÐUSTU VIKU. HÉR MÆTIR SIGMUNDUR LEIKARANUM HALLDÓRI GYLFASYNI.

1. Hvaða bandaríska tónlistarkona heldur tónleika í Laugardalshöll 2. september?
2. Hver skrifaði bókina Sá yðar sem syndlaus er?
3. Hver er sendiherra Íslands í Svíþjóð?
4. Hver leikur Snæfríði í Stundinni okkar?
5. Hver er höfundur söngleiksins Legs?
6. Hver er knattspyrnustjóri West Ham?
7. Hver er söngvari Trabant?
8. Hver leikstýrði Mýrinni?
9. Hver var fyrsta Idol-stjarna landsins?
10. Hver lék JR í Dallas?









### Sigmundur Ernir

1. Pink.
2. Man ekki.
3. Guðmundur Árni Stefánsson.
4. Arnbjörg Hlíf Valsdóttir.
5. Hugleikur Dagsson.
6. Curbishley.
7. Veit ekki.
8. Baltasar Kormákur.
9. Karl Bjarni Guðmundsson.
10. Larry Hagman.

### Halldór Gylfason:

1. Norah Jones.
2. Simon Rusty.
3. Guðmundur Árni Stefánsson.
4. Ísgerður Elfa.
5. Hugleikur Dagsson.
6. Alan Curbishley.
7. Ragnar Kjartansson.
8. Baltasar Kormákur.
9. Kalli Bjarni.
10. Larry Hagman.

Halldór sigrar með heilum níu stigum gegn sex stigum Sigmundar. Sigmundur skorar á Loga Bergmann sem mun vonandi mæta Halldóri í næstu viku. Fylgist með!

Svör:1. Norah Jones. 2. Ævar Örn Jósepsson. 3. Guðmundur Árni Stefánsson. 4. Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir. 5. Hugleikur Dagsson. 6. Alan Curbishley. 7. Ragnar Kjartansson. 8. Baltasar Kormákur. 9. Kalli Bjarni.10. Larry Hagman.


BYLGJAN 989
NINGS
Sumarleikur
Við drögum tvisvar í viku í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni.
Á föstudögum: Borgarferð fyrir 2 til Evrópu með Icelandair, 10 manna matarveislu frá Nings og sumaráskrift að Séð og Heyrt.
Á miðvikudögum: 6 mánaða kort í World Class Laugum, sumaráskrift að Séð og Heyrt, bensín úttekt frá Olís og sumarglaðning frá Vífilfelli.
Og í lok sumars drögum við út flottan Volkswagen Golf með sportpakka til afnota í heilt ár.
Sumar tilboð
ATH! TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI
krónur 1295 á mann
krónur 2590 fyrir tvo
EF ÞÚ HRINGIR OG SÆKIR FYLGIR 2L. COKE MEÐ TILBOÐINU
Coca-Cola
Eggjanúðlur með grænmeti,
Svínakjöt og grænmeti í drekasósu
Kjúklingur og grænmeti í ostrusósu
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu,
Drögum í lok sumars...
Volkswagen Golf til afnota í eitt ár frá Heklu
Coca-Cola
Drögum vikulega í allt sumar...
Sumarglaðning frá Vífilfelli
WWW.ICELANDAIR.IS
Drögum vikulega í allt sumar...
Evrópuferð fyrir 2 með Icelandair
NINGS
Drögum vikulega í allt sumar...
Matarveisla frá Nings fyrir 10 manns
LAUGAR
Drögum vikulega í allt sumar...
6 mánaða kort í World Class Laugum
SÉÐ OG HEYRT
Drögum vikulega í allt sumar...
Sumaráskrift að Séð og heyrt
olís
Drögum vikulega í allt sumar...
Bensín úttekt frá Olís
Klikkaðir Aukavinningar
Biomega reiðhjól
biomega
Hrönn Sigurðardóttir
Bikarmeistari í vaxtarækt 2006 og Íslandsmeistari í vaxtarækt 2007 velur heilsurétti Nings
Magnús Bess
Margfaldur Íslandsmeistari í vaxtarækt velur heilsurétti Nings
Þú færð þátttökuseðil þegar þú kaupir mat á Nings, fyllir hann út og þú ert með í leiknum.
NINGS
NINGS
NINGS
Golf
NINGS
SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12, VIÐ GULLINBRÚ SÍMI: 588 9899 OG KAUPVANGSSTRÆTI AKUREYRI SÍMI: 440 6600




Captiva

## Áberandi glæsilegur

Chevrolet **Captiva** er sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og útkoman er áberandi glæsilegur bíll. **Kraftmikil túrbó dísilvél** með 5 þrepa sjálfskiptingu. Þú getur valið **um 5 eða 7 manna bíl** og því fer vel um alla fjölskylduna. Chevrolet er á Tangarhöfðanum og við tökum vel á móti þér.

Bílabúð Benna | Tangarhöfða 8-12 | Sími 590 2000 | www.benni.is | Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00

**Umboðsmenn**: Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala Austurlands, Egilsstöðum

CHEVROLET

# Bætum framkvæmd kosninga

**UMRÆÐAN**
Kosningakerfi

Í kjölfar alþingiskosninganna 12. maí síðastliðinn hafa sprottið nokkrar umræður um framkvæmd kosninga. Sem formaður og ritari kjörstjórnar Kópavogs viljum við taka þátt í þeirri umræðu og benda á hvað betur má fara.

**Ein kosningalög**
Samkvæmt lögum sem samþykkt voru á Alþingi á liðnum vetri greiðir ríkissjóður kostnað vegna almennra kosninga en sveitarfélög sjá um framkvæmd þeirra. Rökrétt framhald þessa fyrirkomulags væri að ein lög giltu um kosningar og að eitt ráðuneyti hefði málefni kosninga með höndum. Nú gilda þrenn lög um almennar kosningar þ.e. sveitarstjórnar-, alþingis- og forsetakosningar og falla undir tvö ráðuneyti þ.e. félagsmála- eða dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Það væri til einföldunar að um kosningar giltu ein lög undir yfirstjórn eins ráðuneytis, til dæmis forsætisráðuneytis.

**Þjóðskrá gefi út rafræna kjörskrá**
Þjóðskrá vinnur og prentar kjörskrá úr íbúaskrá og sendir sveitarfélögum. Formlega gefur þó hvert sveitarfélag út kjörskrá og úrskurðar um kjörskrárkærur þrátt fyrir að vera hætt að halda sérstakar íbúaskrár. Einfaldast væri því að Þjóðskrá væri formlegur útgefandi kjörskrár og hefði endanlegt úrskurðarvald í kærumálum. Kjörskrá er gefin út á pappír. Í ljósi þess að flestir kjörstaðir eru í skólum á öðrum nettengdum stöðum væri heppilegast að kjörskrá sé rafræn á vef Þjóðskrár og að kjörstjórnir geti í gegnum vefsamskipti merkt við þegar kjósendur kjósa. Þá gæti kjósandi kosið á hvaða kjörstað sem er á því svæði sem kjörseðill spannar (sveitarfélag/kjördæmi), allt uppgjör í lok kjördags yrði rafrænt og grundvöllur skapaður til að greina upplýsingar um kosningaþátttöku þjóðfélagshópa á mun fjölbreyttari hátt en nú er. Slíkt fyrirkomulag myndi einnig auka allt öryggi við framkvæmd kosninga.


HAUKUR INGIBERGSSON


JÓN ATLI KRISTJÁNSSON

**Utankjörfundarkosning og nauðsynlegar breytingar**
Fjöldi þeirra sem kjósa utan kjörfundar eykst stöðugt, fólk er á ferð og flugi. Það þunglamalega kerfi sem nú er, þarf að endurskoða frá grunni. Einfalda þarf kosninguna, sem í reynd fer fram um allan heim, tryggja að atkvæði komist til skila og þau ónýtist ekki. Sú leið sem við sjáum í þessu er að nota tölvutæknina í ríkari mæli en gert er í dag.

Kjósa má utankjörfundar fram á kjördag auk þess sem kjósandi, sem kosið hefur utankjörfundar, getur komið á kjörstað á kjördag og kosið á ný. Vinna við utankjörfundaratkvæði getur því ekki hafist í kjördeildum fyrr en eftir að kjörfundi lýkur. Þetta leiðir til tafa í uppgjöri og talningu og eykur villuhættu hjá þreyttu starfsfólki. Eðlilegt er að utankjörfundarkosningu ljúki ekki síðar en að kvöldi dags fyrir kjördag og að sá sem greitt hefur atkvæði utankjörfundar geti ekki komið á kjörstað á kjördag og kosið á ný. Utankjörfundarkosning hefst 8 vikum fyrir kjördag. Framboðsfrestur er þar til 3 vikum fyrir kjördag. Óeðlilegt og jafnvel villandi er að kosning hefjist áður en vitað er hver framboð og frambjóðendur eru. Ekki síst á þetta við um sveitarstjórnarkosningar þar sem ýmiskonar samstarf um framboðslista og listabókstafi á sér stað eða um óhlutbundna kosningu er að ræða. Í sveitarstjórnarkosningum 2006 voru a.m.k. 19 listabókstafir notaðir.

*Höfundar eru formaður og ritari yfirkjörstjórnar í Kópavogi.*

**BRÉF TIL BLAÐSINS**

## Hver á að gæta bróður síns?

**Sigurlaug Sveinsdóttir húsmóðir skrifar um gistiheimili fyrir heimilislausa:**

Hver á að gæta bróður síns?
Eftir að hafa lesið yfirlýsingu andstæðinga fyrirhugaðs heimilis að Njálsgötu 74, heimili fyrir heimilislausa karlmenn sem eiga hvergi höfði sínu að halla: Hvað er það sem þjáir nágranna Njálsgötu 74? Að minnsta kosti ekki náungakærleikur eða skilningur. Að við erum ekki öll lánsöm.
Litla sanna sögu læt ég fylgja fólki til íhugunar. Á milli áranna 1960-70 byggðist upp hverfi í Austurbæ Kópavogs. Við hjónin vorum með í þessari uppbyggingu. Á móti okkur eru hin svokölluðu Sigvaldahús sem flestir Kópavogsbúar kannast við. Hrauntunga var virkilega falleg gata. Íbúarnir lögðu rækt við garða sína og þarna bjó ungt og barnmargt fólk. Allt andaði friði og spekt. Mikið var af köttum í hverfinu.
Skyndilega fer hverfið í uppnám. Ástæðan: Kunningi okkar í næsta húsi vildi stækka við sig og hafði selt húsið sitt sambandi Reykjanesbæjar fyrir fatlaða. Í þá daga var engin svokölluð grenndarkynning en við fengum bréf frá bæjarstjórn um að þessu húsi yrði breytt í heimili fatlaðra frá Kópavogshæli. Mikil reiðialda og hræðsla reið yfir hverfið. Persónulega lét ég mér fátt um finnast. Ég tek það fram að á þessum árum vann ég á Kópavogshæli og hafði ekkert nema gott um íbúa þess að segja.
Dag einn kemur ung stúlka með undirskriftalista, sem átti að fara fyrir bæjarstjórn. Fólk bar fyrir sig margar ástæður fyrir því að það vildi ekki fá hælisbúa í nágrennið. Ég man sérstaklega eftir einni ástæðu: Verð á húseignum myndi falla. Ég man að ég reiddist. Ég var þá þegar sjálf með sex börn í minni umsjá. Ég sagði stúlkunni að ég myndi taka á móti þessum nágrönnum með glöðu geði og hvað húsið okkar varðaði ætluðum við að búa þarna í nánustu framtíð. Ég tók undirskriftalistann og reif hann í sundur. Ég sagði við ungu stúlkuna, sem átti ekki orð yfir þessari manneskju: Ég mæli með að þið hugsið þetta mál fumlaust og af skynsemi, því hver á að gæta bróður síns?





Dagsetningar: júlí: 12.-15. | 19.-22. | 26.-29. ágúst: 02.-05. | 09.-12. | 16.-19. | 23.-26.

*Ferðaklúbbur MasterCard*
*- hvert langar þig?*

GB Ferðir bjóða félögum í Ferðaklúbbi MasterCard glæsilegar helgarferðir til Berlínar á frábæru verði allar helgar í júlí og ágúst. Í boði eru tvö af glæsilegustu hótelum Berlínar; glæsihótelið Ritz Carlton Berlin og Marriott Berlin, bæði 5 stjörnur þó verðið sé með eindæmum gott. Hótelin eru bæði í nýlegum byggingum á besta stað í borginni, við Potzdamer Platz.

**Marriott Berlin**
Almennt verð kr. 69.900-
MasterCard verð kr. 59.900-

**Ritz Carlton Berlin**
Almennt verð kr. 79.900-
MasterCard verð kr. 69.900-

Bókanir á www.gbferdir.is og í síma 534 5000. Takmarkað framboð.
Innifalið í verði: Flug, flugvallaskattar gisting í 3 nætur með morgunverði og aðgengi að heilsulind hótelsins. Ekki innifalið: Ferðir til og frá flugvelli.

WWW.ICELANDAIR.IS Samstarfsaðili GB ferða

GB FERÐIR
www.gbferdir.is

**SIGURJÓN SIGHVATSSON ER 55 ÁRA Í DAG.**

*„Ég hef ekki enn fundið henni stað en hann verður örugglega mjög áberandi.“*

***Sigurjón Sighvatsson kvikmyndaframleiðandi um Barbiedúkku í íslenskum prjónabúningi frá árinu 1986 sem hann keypti á eBay í fyrra. Dúkkan var í upprunalegum umbúðum og henni fylgdi vegabréf, peningar og Íslandskort.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 15. JÚNÍ 1990

## Dick Tracy sýnd í Bandaríkjunum

Á þessum degi árið 1990 var kvikmynd byggð á teiknimyndasögum Chester Gould um lögreglumanninn Dick Tracy, í leikstjórn leikarans Warrens Beatty, frumsýnd um gjörvöll Bandaríkin.

Áður höfðu sjónvarpsþáttaraðir og kvikmyndir um Dick Tracy verið framleiddar. Voru fyrstu þættirnir gerðir á fjórða áratugnum, nokkrum árum eftir að teiknimyndasögur Chester Gould höfðu birst í fyrsta sinn í blaðinu Chicago Tribune.

Engu var til sparað við gerð kvikmyndarinnar um Dick Tracy 1990. Skærustu stjörnur skemmtanaiðnaðarins voru ráðnar til að leika í myndinni, þeirra á meðal Al Pacino, Dustin Hoffman og Madonna. Þá fengu helstu tæknibrellu-, búninga- og förðunarmeistarar Hollywood það hlutverk að endurskapa litríka veröld teiknimyndasagnanna.



**ÚR DICK TRACY: MADONNA SEM BREATHLESS MAHONEY**

Framleiðendurnir tjölduðu öllu til, enda vonuðust þeir líka til að myndin næði álíka vinsældum og Batman, sem var frumsýnd árinu áður og skilaði ótrúlegum hagnaði. Dick Tracy var ögn dýrari í framleiðslu en skilaði ekki eins miklu í kassann og vonast var til.

Í kjölfarið stefndi Warren Beatty á að gera framhald af myndinni, en aldrei varð neitt af því. Málið strandaði á lagalegum deilum Beattys og Tribune Company um höfundarréttinn að Dick Tracy. Þeirri deilu er engan veginn lokið og framtíð framhaldsmyndarinnar því óráðin, þótt líkur á að Beatty geri aðra mynd séu afar litlar.

**MERKISATBURÐIR:**

- **1667** Læknirinn Jean-Baptiste Denys gefur fyrsta manninum blóð.
- **1752** Benjamin Franklin sannar að eldingar eru rafmagn.
- **1836** Arkansas verður eitt af fylkjum Bandaríkjanna.
- **1956** Hinn fimmtán ára gamli John Lennon býður Paul McCartney að ganga til liðs við hljómsveit sína The Quarrymen, sem varð seinna að Bítlunum.
- **1996** Söngkonan Ella Fitzgerald andaðist á heimili sínu í Beverly Hills.
- **2002** Söngvarinn Mick Jagger er aðlaður af Elísabetu annarri Englandsdrottningu.

## Fær spænsk verðlaun

Bandaríski tónlistarmaðurinn Bob Dylan fær spænsku heiðursverðlaunin Prinsinn of Asturias afhent í október næstkomandi. Formaður dómnefndarinnar sagði að Dylan væri „lifandi goðsögn í tónlistinni og leiðtogi þeirrar kynslóðar sem lét sig dreyma um að breyta heiminum“. Á meðal þeirra sem hafa áður unnið þessi sömu verðlaun, sem þykja afar virt, er leikstjórinn Woody Allen.

Dylan, sem er 66 ára, fór á topp bandaríska vinsældalistans í fyrsta sinn í þrjátíu ár með síðustu plötu sinni Modern Times. Þar með varð hann elsta núlifandi manneskjan sem tókst að koma plötu beint í efsta sætið.



**BOB DYLAN** Tónlistarmaðurinn Bob Dylan verður heiðraður á Spáni í október.



**AFMÆLI** Pétur Gunnarsson rithöfundur ætlar ekki að gera neitt sérstakt í tilefni dagsins, þar sem hann segir heljarinnar afmælisveislu hafa verið slegið upp fyrir sig um daginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

**PÉTUR GUNNARSSON:** FAGNAR SEXTUGSAFMÆLI Í DAG

# Egó-blaðra á afmælisdaginn

Pétur Gunnarsson rithöfundur með meiru er sextugur í dag. Hann segir þó ekkert hafa verið skipulagt í tilefni af því, enda hafi heljarinnar afmælisveislu verið slegið upp fyrir hann um daginn.

„Það er ekkert skipulagt enda lít ég svo á að afmælisveislan sé afstaðin, þar sem þing sem tengist afmælinu mínu var haldið í Háskóla Íslands í síðasta mánuði,“ segir Pétur Gunnarsson rithöfundur. „Þingið stóð frá morgni til kvölds og sægur af fyrirlesurum kom fram. Svo var teiti eftir það, þar sem vinir og kunningjar komu saman. Ekki amalegt það, enda lít ég svo á að þetta hafi verið stórkostlegt afmælisboð.“

Að sögn Péturs standa ekki neinir afmælisdagar sérstaklega upp úr, að undanskildum bernskuminningum um það þegar mjólkurbíllinn færði honum pakka í sveitina á sumrin. Annars hendi afmælisdagar alla einu sinni á ári og þá fái þeir tækifæri til að halda egóinu á lofti. Fá svona litla egó-blöðru afhenta.

„Flestir vita nú að afmælisdagar breyta í raun ekki nokkrum sköpuðum hlut í lífi manns, þó það sé alltaf gaman að láta gera vel við sig. Borða góðan mat og taka upp pakka. Svo er ekki verra að fá bók í afmælisgjöf,“ segir Pétur, án þess að vilja nefna hvaða skáld séu í mestu uppáhaldi. Sá listi sé einum of langur til að rifja upp undir stýri.

Þegar blaðamaður hafði samband við Pétur var hann nefnilega á þeytingi úti á landi og vissi ekki hvar hann yrði á afmælisdeginum. Aðspurður hvort um vinnuferð væri að ræða, sagðist höfundurinn alltaf vera með hugann við skáldskapinn og viðurkenndi að nýtt verk væri í bígerð. Hann vildi þó ekki fyrir neina muni gefa upp um hvers konar verk væri að ræða, en sem kunnugt er liggur eftir hann fjöldi skáldsagna, ljóða, prósa, handrita, þýðinga, söngtexta, ritgerða og greina.

„Maður segir aldrei fyrir fram til um innihald verka sinna, einfaldlega vegna hjátrúar,“ segir Pétur leyndardómsfullur í bragði. „Það er jafn hallærislegt og að ræða íþróttaleikni fyrirfram. Svoleiðis umræða skiptir í raun engu máli, heldur leikurinn sjálfur og úrslitin. Rétt eins og endanleg útkoma verksins. Eigum við ekki bara að segja að það komi vonandi fljótlega í ljós.“

**roald@frettabladid.is**



†

*Okkar ástkæri,*

**Þorleifur Guðfinnur Guðnason**

fyrrum bóndi á Norðureyri við Súgandafjörð, sem lést miðvikudaginn 6. júní sl. verður jarðsunginn frá Suðureyrarkirkju laugardaginn 16. júní kl. 14.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Marianne Jensen**
**Ævar Einarsson.**



†

*Okkar kæri*

**Marinó Þórðarson**

frá Borgarnesi, Hrafnistu Hafnarfirði,

andaðist að morgni 8. júní. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskapellu mánudaginn 18. júní kl. 13.00.

**Andrés Gilsson og fjölskylda.** **Valgerður Hrefna Gísladóttir**



†

*Okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og kveðjur við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Elisar Stefáns Andréssonar**

vélstjóra, Bogahlíð 14, Eskifirði,

**Aðalheiður Ingimundardóttir**

| | |
|---|---|
| **Ingimundur Elisson** | **Halla Jóhannesdóttir** |
| **Guðni Þór Elisson** | **Lára Metúsalemsdóttir** |
| **Andrés Elisson** | **Svana Guðlaugsdóttir** |
| **Njóla Elisdóttir** | **Jón G. Ragnarsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Svanhvít Ingvarsdóttir**

Syðri-Leikskálaá,

lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga 11. júní. Jarðsett verður frá Þóroddsstaðakirkju mánudaginn 18. júní kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| **Ingibjörg Jónasdóttir** | **Haukur Gunnlaugsson** |
| **Sigurrós Soffía Jónasdóttir** | **Óskar Gunnlaugsson** |
| **Þórólfur Jónasson** | **Ester Gísladóttir** |
| **Sveinn Valdimar Jónasson** | |

**barnabörn, makar og barnabarnabörn.**



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Steingrímur Helgi Atlason**

fyrrv. yfirlögregluþjónn, Hjallabraut 43 Hf.

sem lést 6.júní sl. verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju miðvikudaginn 20 júní kl 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Blindrafélag Íslands og Félag krabbameinssjúkra barna.

| | |
|---|---|
| **Einar Steingrímsson** | **Steinunn Halldórsdóttir** |
| **Atli Steingrímsson** | **Erla Ásdís Kristinnsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Sandalarnir í fríið

verð frá 699kr



Sandalar 1.499kr
Verð áður 1.999,-



Skór 1.499kr
Verð áður 2.499,-



Sandalar 699kr



Sandalar 2.999kr
Verð áður 3.499,-



Sandalar 2.999kr



Skór 2.999kr
Verð áður 4.999,-



Sandalar 1.699kr



Sandalar 1.699kr



Sandalar 1.699kr



Sandalar 2.999kr
Verð áður 3.499,-



Sandalar 2.999kr
Verð áður 3.499,-



Sandalar 2.999kr

Gildir til 18. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




# STUÐ MILLI STRÍÐA Tilraunadráp

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** GEFUR MÁVUM BRAUÐMOLA VIÐ REYKJAVÍKURTJÖRN



Ég hef allt frá því að ég man eftir mér verið hrifinn af mávum. Kannski er það vegna þess að ég er utan af landi og oft lék ég mér niðri við höfn og sá hversu listilega þeir geta orðið sér úti um æti og bjargað sér úr ólíklegustu aðstæðum. Eftir að ég flutti í höfuðborgina hef ég stöku sinnum rölt niður að tjörn og rifjað upp gömul kynni við þessa klunnalegu en þó sjarmerandi fugla.

Mér stóð því ekki á sama þegar borgaryfirvöld í Reykjavík hófu annað sumarið í röð herferð til að „hreinsa“ borgina af mávum með skipulegri „eyðingu“ þeirra, svo notuð séu orð tiltektarmannanna sjálfra. Borgarfulltrúinn Gísli Marteinn Baldursson hefur flokkað máva með tyggjóklessum og glerbrotum – óþrifnaði sem verði að hreinsa höfuðborgina af. Af lýsingunum að dæma er ekki auðvelt að greina að hér sé fjallað um lifandi verur.

Auðvitað eru skiptar skoðanir um ágæti máva og ég get vel skilið að ekki séu allir jafn hrifnir af þeim og ég. Svo er hins vegar um margt annað og réttlætir með engu að skotvopn séu hafin á loft í nafni tiltektar. Nýjustu tíðindin af þessari þráhyggjukenndu baráttu komu um daginn þegar greint var frá tilraunaverkefni, sem gengur út á að gefa mávum eitraða brauðmola og snúa þá svo úr hálslið þegar þeir eru sofnaðir. Aðgerðin er sögð sársaukalaus. Ég sé ekki alveg í hverju „tilraunin“ felst og bíð líka spenntur að heyra af niðurstöðum hennar.

Þetta átak Gísla Marteins minnir mig á atriði úr Fóstbræðrum. Afi gamli var orðinn vandamál og eftir miklar vangaveltur þótti besta lausnin að aka með hann út fyrir bæinn og skjóta hann. Ég held að við séum frekar illa stödd hér á okkar litla Íslandi þegar vandamálin eru leyst að sið Kananna með skotvopnum. Ég veit ekki með aðra en ég ætla niður að tjörn um helgina að gefa mávum brauðmola og leggja þeim þannig lið í stöðugri lífsbaráttu sinni.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# Tilboð í 2 daga

Nýtt tákn um gæði



sóltilboð

sýningarbílar
reynsluakstursbílar
takmarkað magn

**Ford Fusion Trend 1,6i 5 dyra sjálfskiptur***
Kaupverð 1.900.000 kr.
**Tilboðsverð 1.799.000 kr.**
**Lægri afborgun, mánaðarleg 25.740 kr.**
**Engin útborgun**
**Engir ábyrgðarmenn**

AVANT
Avant fjármögnun
100%, innifalið lántökugjald
84 mán. jafngreiðslulán

## Bara í 2 daga

# Gerðu góð kaup í dag. Sérstakt sóltilboð á sýningar- og reynsluakstursbílum Ford

Nú er sumarið loksins komið. Einnig í Brimborg. Þú nýtir þér árlegt sóltilboð á sýningar- og reynsluakstursbílum Ford og gerir bestu kaup ársins á Ford. Komdu strax í Brimborg. Tilboðið gildir aðeins í 2 daga.

Aðeins 20 bílar eru í boði á þessum frábæru kjörum Brimborgar og Avant: Ford Fiesta, Ford Fusion, Ford Focus og Ford Mondeo. Vertu fyrri til. Vertu í hópi þeirra bestu. Farðu í fríið á Ford.

## Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt veljir þú bíl frá Brimborg. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér sýningar- eða reynsluakstursbíl Ford á sóltilboði Brimborgar.

AVANT

Í samvinnu við Brimborg býður Avant þér sérstök kjör á sýningar- og reynsluakstursbílum Ford. Farðu í frí á Ford í samvinnu við Brimborg og Avant.



sóltilboð

sýningarbílar
reynsluakstursbílar
takmarkað magn

**Ford Focus Trend Plus 1,6i 5 dyra 5 gíra***
Kaupverð: 2.150.000 kr.
**Tilboðsverð: 1.999.000 kr.**
**Lægri afborgun, mánaðarleg 28.710 kr.**
**Engin útborgun**
**Engir ábyrgðarmenn**

AVANT
Avant fjármögnun
100%, innifalið lántökugjald
84 mán. jafngreiðslulán



sóltilboð

sýningarbílar
reynsluakstursbílar
takmarkað magn

**Ford Fiesta Trend 1,4i 5 dyra 5 gíra***
Kaupverð: 1.680.000 kr.
**Tilboðsverð: 1.580.000 kr.**
**Lægri afborgun, mánaðarleg 22.630 kr.**
**Engin útborgun**
**Engir ábyrgðarmenn**

AVANT
Avant fjármögnun
100%, innifalið lántökugjald
84 mán. jafngreiðslulán



sóltilboð

sýningarbílar
reynsluakstursbílar
takmarkað magn

**Ford Mondeo Ghia 2,0i 5 dyra sjálfskiptur***
Kaupverð 2.950.000 kr.
**Tilboðsverð 2.750.000 kr.**
**Lægri afborgun, mánaðarleg 38.960 kr.**
**Engin útborgun**
**Engir ábyrgðarmenn**

AVANT
Avant fjármögnun
100%, innifalið lántökugjald
84 mán. jafngreiðslulán

# Tilboð í 2 daga

Aðeins 20 bílar eru í boði á þessum frábæru kjörum

**Tilboðið gildir aðeins í 2 daga.
Komdu núna í Brimborg.
Aðeins 20 bílar í boði.**

Sumarið er í Brimborg

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Uppgefin mánaðarleg afborgun miðast við Avant fjármögnun, jafngreiðslulán í 84 mánuði sem er háð breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Hér er um 100% fjármögnun að ræða. Lántökugjald er innifalið. Gengiskarfa lánsins er 50% JPY og 50% CHF. Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 18 ára og er fasteignaeigandi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum, af Fiesta eru álfelgur og af Focus eru álfelgur og þokuljós.

**Kl. 10.00**
*Sýningu Sigurðar Guðjónssonar í D-sal Hafnarhússins, Listasafni Reykjavíkur, lýkur næstkomandi sunnudag. Sigurður sýnir hljóðinnsetningu og vídeóverk en list hans hefur mótast af ástríðu tónlistarmannsins, hnyttni sagnamannsins og auga kvikmyndatökumannsins. Sýningarstjóri er Yean Fee Quay.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Þúsund og einn Kínverji

Það eru engir venjulegir kínverskir túristar sem nú ráfa um borgina Kassel í Þýskalandi, þeir eru hluti af listaverki. Vefútgáfa Deutsche Welle greinir frá óvenjulegu verki myndlistarmannsins Ai Wei-Wei sem vakið hefur mikla athygli á „documenta“ hátíðinni sem nú stendur yfir í Kassel.

WeiWei lét flytja þúsund og einn landa sinn til borgarinnar, fólk úr öllum stéttum kínversks samfélags sem nú hefst við á sérsmíðaðri heimavist en er annars frjálst ferða sinna innan borgarmarkanna. WeiWei aulýsti eftir þátttakendum á bloggsíðu sinni í febrúar og innan þriggja daga höfðu rúmlega þúsund Kínverjar skráð sig í þessa ókeypis ferð til Þýskalands en margir þeirra ferðast nú í fyrsta sinn utan heimalands síns.


**ÞÝSKALANDSÆVINTÝRIÐ** Þátttakendur í listaverki Ai WeiWei una hag sínum vel á heimavistinni. Þeim fylgdi einnig þúsund og einn stóll. NORDICPHOTOS/GETTY

Verkið „Ævintýri“ er dýrasta verkið á hátíðinni en áætlaður kostnaður við það er rúmar 260 milljónir íslenskra króna. Markmið WeiWei með þessari „rannsókn“ hans er að veita Vesturlandabúum tækifæri til þess að kynnast núverandi samfélagsástandi í Kína.

Hópnum hefur verið skipt upp í fimm hluta sem dveljast að meðatali átta daga í borginni. Munu þeir án efa setja svip sinn á borgina en í Kassel búa aðeins 250.000 manns. WeiWei kveðst ekki vita hvernig heimamenn muni taka gestunum en segist býsna forvitinn að komast að því.



### > Ekki missa af...

óborganlegum lestri **Halldórs Kiljan Laxness** á **Atómstöðinni** sem nú er flutt dag hvern í menningarþættinum **Víðsjá** á Rás eitt, laust eftir kl. 17. Hafa **glöggir** menn hvatt til þess að hlustendur hafi einnig textann fyrir framan sig því skáldið átti það til að **ritskoða** sjálfan sig.

## Minnið er gleymið

Erla Þórarinsdóttir opnar sýningu í Gallerí Anima, Ingólfsstræti 8, föstudaginn 15. júní. Sýningin ber yfirskriftina O+.

Í kynningu sýningarinnar segir: „Upphafið er sameiginlegt og mynd er minning, eða svo virðist það vera. O+ er blóðflokkur, sérstakur og sameiginlegur; við blóðgjöf geta allir þegið O+. Myndin leitar uppruna síns, minnið er gleymið og merkingin orðalaus.“

Verk Erlu eru máluð og svo silfurlögð þannig að silfrið myndar skúlptúral form sem ummyndast í ljósi tímans.

Sýningin stendur til 1. júlí og er galleríið opið miðvikudaga til laugardaga kl. 14-17. **- khh**


**MYNDLIST** Erla Þórarinsdóttir sýnir í Anima.

## NÝJAR BÆKUR

Út er komin hjá Bjarti ljóðabókin **Á stöku stað – með einnota myndavél** eftir **Árna Ibsen**. Árni fékk heilablóðfall fyrir tveimur árum og hefur verið alvarlega veikur síðan. Ljóðin skrifar hann eftir að hann áttar sig á að hann muni ekki ferðast framar og dregur upp ljóslifandi myndir af nálægum og fjarlægum stöðum. Árni Ibsen er fæddur árið 1948 og hefur verið afkastamikið leikskáld og ljóðskáld. Meðal leikrita hans má nefna Skjaldbakan kemst þangað líka, Himnaríki, Elín Helena og Ef ég væri gullfiskur, sem hafa verið sýnd hér á landi við miklar vinsældir og ferðast víða um heim. Hann hefur gefið út fjórar ljóðabækur: Four Words for Raworth, Kom, Úr hnefa og Vort skarða líf. Þá hefur hann einnig verið afkastamikill þýðandi, hefur þýtt yfir þrjátíu leikrit og mikið af ljóðlist. Árni hefur gegnt fjölda trúnaðarstarfa og var lengi formaður Leikskáldafélags Íslands. Hildur Kristjánsdóttir, eiginkona Árna, og sonur hans Teitur aðstoðuðu hann við að ganga frá ljóðunum til prentunar.



Bjarni **Bernharður** hefur sent frá sér nýja ljóðabók sem ber hinn skelegga titil **Blóm / The Shadowline – Klæðnaður fyrir miðnætti**. Í ljóðum sínum leiðir Bjarni Bernharður lesandann um ýmsar veraldir og vitundarstig, hann bregður upp óvæntum myndum og tengingum, og má öðrum þræði kenna ljóðin við súrrealisma, án þess það sé endilega meðvituð stefna skáldsins, enda lítt upp á stefnur komið – notar einfaldlega það sem þarf. Skáldið leiðir lesandann um sálardjúp og draumheima, upp á heiðar, inn í skóga og gegnum öngstræti og húsasund inn í þann þjóðfélagslega veruleika þar sem gefa þarf stríðsæsingamönnum og gróðapungum á baukinn. Veröldin einkennist af óreiðu og vá en líka fegurð og yfir djúpum vötnum svífur bjartsýni, enda spretta blóm á bökkum þótt níðhamar gnæfi yfir. Bókin sem er 63 bls. kemur út hjá Ego Útgáfunni og fæst í Eymundsson Austurstræti, og Máli og menningu, Laugavegi.



**Gísli Pálsson** prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands er höfundur bókarinnar **Lífsmark: Mann(erfða)fræði** sem nú er komin út hjá Háskólaútgáfunni. Framfarir á sviði erfðafræði hafa stóraukið skilning okkar á mannslíkamanum, heilbrigði og sjúkdómum. Mannfræðingar halda því fram að þessar framfarir hafi umtalsverða félagslega og menningarlega þýðingu þar sem þær feli í sér róttækar breytingar á sjálfsskilningi fólks. Höfundur bókarinnar sýnir fram á að mannfræði varpar nýju og forvitnilegu ljósi á mannerfðafræði og líftæknina sem á henni er reist. Leidd eru rök að því að til að átta sig á þeim líffélagslegu umskiptum sem eiga sér stað um þessar mundir og til að skilja flókið samspil erfða, lífveru og umhverfis sé nauðsynlegt að segja skilið við tvíhyggju náttúru og samfélags og setja spurningarmerki við erfðahyggju og hugmyndir um einangraða stofna. Mörg verkefni mannerfðafræðinnar eru afar umdeild meðal vísindamanna, hagsmunahópa og almennings og telja má ólíklega að áhugi á þeim minnki ef marka má sívaxandi þýðingu líftækni og líflæknisfræði og þær áhyggjur af þjóðfélagslegum toga sem oft tengjast svonefndri nýrri erfðafræði. Bókin er einnig gefin út á ensku af Cambridge University Press.




# Allt varð þá að yndi

**Yrkingar Þórbergs Þórðarsonar eru forvitnilegur hluti höfundarverks hans sem ekki hefur verið hampað mjög. Nú hyggjast tveir ungir menn hefja kveðskap skáldsins upp á annað plan og semja lög við vísur hans í sumar. Þeir kalla sig Vini Láru.**


**POPPA ÞÓRBERG UPP** Einar Aðalsteinsson og Halldór Armand Ásgeirsson hafa dálæti á Þórbergi Þórðarsyni og segjast deila ímugusti hans á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Einar Aðalsteinsson og Halldór Armand Ásgeirsson hafast nú við í Austurbæjarskóla við grúsk sitt og tónsmíðar. Þeir eru báðir miklir Þórbergsmenn og telja honum ekki sýndur nægur sómi. „Við höfum báðir haft töluverðan áhuga á verkum Þórbergs en fengum hann fyrir alvöru þegar við komumst að því að Þórbergur hataði Akureyri,“ segir Einar grafalvarlegur og bætir við: „Það eigum við sameiginlegt – við eigum líka voðalega erfitt með Akureyri.“ Halldór áréttar að Þórbergur hafi verið mjög óvenjulegur maður. „Við erum svolítið hrifnir af því hversu skrítinn hann var. Svo ber ekki mikið á honum, hann er dálítið vanmetinn. Hann hefur til dæmis ekki fengið að njóta sín í skólakerfinu miðað við hversu magnaður stílisti hann var.“

### Sósusálmur og fleira

Þórbergur er einna kunnastur fyrir bækur sínar Íslenskan aðal, Ofvitann og Bréf til Láru en höfundarverk hans er afar ævisögulegt, raunar samfelld heimild um einstakan mann og hugarheim hans auk þess sem Þórbergur var sagnaritari og þjóðháttafræðingur af lífi og sál.

„Við erum annars vegar með bókina Eddu þar sem finna má fjölda kvæða og vísna eftir Þórberg og við höfum þegar samið nokkur lög við þau,“ útskýrir Einar og bætir því við bljúgur að þeir félagar vonist til þess að þeir séu ekki að gera skáldinu neinn grikk með framtakinu. „Síðan fengum við gamlar upptökur þegar Þórbergur er orðinn alveg eld-eldgamall og syngur þar eigin lög við vísurnar – þar er til dæmis „Sósusálmurinn“ og fleira skemmtilegt sem við ætlum að stúdera og útsetja.“ Aðdraganda þessa rekja félagarnir til málþings sem haldið var á nýstofnuðu Þórbergssetri í Suðursveit í vetur en þar voru þeir fengnir til þess að semja lög við kvæði Þórbergs. Það gekk með afbrigðum vel og hefur verið rætt um að gefa út hljómdisk með kveðskapnum og lögunum.

### Virk endurvinnsla

Vinir Láru eru báðir nemendur í Menntaskólanum við Hamrahlíð en segjast ekki hafa gert sig mjög gildandi á tónlistarsviðinu áður. „Ég er reyndar í rokkhljómsveit,“ segir Halldór hæversklega og upplýsir að bandið það, Alræði öreiganna, hafi nýlega gefið út disk með rokkútgáfu sinni á tónverkinu um Pétur og úlfinn. „Þá var Einar sögumaður,“ bætir hann við. Virk endurvinnsla ungu mannanna á menningararfinum heldur því áfram með Þórbergs-ævintýrinu en sá verður færður í poppgallann. „Já, þetta er popptónlist, hún getur reyndar orðið fullrómantísk á köflum,“ segir Einar og hlær við. Halldór tekur undir það og fullyrðir að þeir séu báðir rosalega rómantískir menn. „Við reynum að hafa þetta hugljúft og sykursætt,“ segir hann og Einar útskýrir að þeir séu undir miklum áhrifum frá strákasveitinni Hanson sem tryllti lýðinn laust fyrir síðustu aldamót.

„Kveðskapur Þórbergs er voðalega kaldhæðinn,“ áréttar Halldór enda voru yrkingar Þórbergs síst hefðbundnar. Oftar en ekki voru ljóð hans skopstæling á kveðskaparhefðum sem honum hugnaðist lítt. „Þar má til dæmis lesa æðisgengnar náttúrulýsingar þar sem allt er hafið upp til skýjanna til þess eins að vera rifið niður aftur. Við höfum mjög gaman af kaldhæðninni,“ bætir hann við og gefur lítið fyrir tal um stundatísku einlægninnar sem virðist ríkjandi þessi misserin. „Ég held að kaldhæðnin klárist aldrei, hún er ótæmandi brunnur,“ segir hann sannfærandi.


**STÍLISTINN OG GRÁGLETTNA SKÁLDIÐ** Vinir Láru vonast til þess að þeir geri Þórbergi Þórðarsyni ekki grikk með tónsmíðum sínum.

### Fiðrildi í dag

Vinir Láru eru einn af Skapandi sumarhópum Hins hússins sem árlega setja svip sinn á mannlífið í Reykjavík. Þeir félagar hyggjast dúkka upp með Þórbergslög í farteski sínu í sumar, t.d. á vikulegum uppákomum í miðbænum sem kallast „Föstudagsfiðrildi“ en hin fyrsta verður haldin í dag og hefst fjörið í miðbænum kl. 12. Fjórtán hópar munu starfa undir merkjum þeim í sumar en vettvangur sá hefur reynst mikil uppvaxtarstöð fyrir listamenn þjóðarinnar sem margir hverjir hafa stigið þar sín fyrstu skref.

Miðbæjargestir eru hvattir til að hafa augun og eyrun hjá sér í dag því það er aldrei að vita nema þá heyrist sungið undurblítt úr vísnasarpi Þórbergs.

**kristrun@frettabladid.is**


Tuborg og MasterCard kynna í samstarfi við Concert
CHRIS CORNELL
SOUNDGARDEN / TEMPLE OF THE DOG / AUDIOSLAVE
Í fyrsta skipti á sviði, flytur Chris Cornell ásamt hljómsveit, alla smellina frá Soundgarden, Temple of the Dog og Audioslave!
Laugardaginn 8. september
LAUGARDALSHÖLLINNI
Miðasala hefst 21. júní kl. 10:00
MasterCard forsala hefst 20. júní kl. 10:00
TUBORG
LÉTTÖL
MasterCard
20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi
Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs MasterCard, www.kreditkort.is/klubbar
FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR
Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði
CONCERT

Afhending Grímuverðlaunanna í kvöld!
Sýningar haustsins komnar í sölu á www.leikhusid.is
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

ÁST
Í samstarfi við Vesturport
15. júní kl. 20
Síðasta sýning
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR
LADDI 6-TUGUR
Mið 20/6 kl. 20 UPPS.
Fim 21/6 kl. 20 UPPS.
Fös 22/6 kl. 20 UPPS.
Lau 23/6 kl. 20
Sun 24/6 kl. 20 UPPS.
Fim 28/6 kl. 20
Síðustu sýningar
SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Í kvöld kl. 20 UPPS.
Síðasta sýning
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

HINSEGIN DAGAR Í REYKJAVÍK
GAY PRIDE
Styrktardansleikur
Á Kaffi Reykjavík
Laugardaginn 16. júní
DJ Bling leikur fyrir dansi
Fögnum þjóðhátíð og styrkjum Hinsegin daga

# Harkaleg deila í uppsiglingu



**SAGNFRÆÐI** Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur.

Á miðvikudagskvöld birtist á vefritinu Kistunni grein eftir Sigurð Gylfa Magnússon sagnfræðing. Þar greinir Sigurður frá viðskiptum sínum við dómnefnd í Háskóla Íslands sem tók til skoðunar tvær bækur Sigurðar sem hann lagði fram í fyrra til mats sem doktorsverkefni. Dómnefndin sem skipuð var Lofti Guttormssyni prófessor, Gunnþórunni Guðmundsdóttur aðjúnkt og Einari Hreinssyni sagnfræðingi sendi frá sér álit fyrir stuttu þar sem ritum Sigurðar er hafnað og þau harðlega gagnrýnd.

Þessa niðurstöðu kveðst Sigurður hafa heyrt úti í bæ og honum hafi við eftirgrennslan borist álitið frá óskyldum aðilum áður en honum var birt það. Nefndarmenn hafi því brugðist trúnaði. Í grein sinni tínir Sigurður fleira til um störf heimspekideildar og sagnfræðiskorar sem hann telur ámælisvert. Þar nefnir hann að þeir Loftur Guttormsson hafi eldað grátt silfur um árabil. Sigurður hafi gagnrýnt sagnfræðiskor lengi og þar hafi Loftur helst verið til andsvara. Sigurður segir að sér hafi ekki verið tilkynnt formlega að Loftur sæti í nefndinni og hann því ekki getað nýtt andmælarétt sinn.

Sigurður Gylfi hefur um langt árabil verið gagnrýninn og staðið í deilum við starfsbræður sína. Hann heldur fram einsögurannsóknum, rannsóknum sem beinast að þröngri sneið í tíma og stað. Rit hans Fortíðardraumar (2004) og Sjálfssögur (2005) lýsa þessari rannsóknarstefnu. Í vor kom frá honum safn ritgerða Sögustríð, en hann telur sig standa í stríði við ríkjandi stefnu í rannsóknaraðferðum innan Háskóla Íslands. Gengur hann svo langt í greinargerð sinni á Kistunni að halda því fram að ósk sín um að dómnefnd á vegum sagnfræðiskorar legði mat á rit sín hafi í raun verið próf á hlutdrægni sem ríki þar á bæ. Hann hafi ekkert með doktorspróf frá Háskólanum að gera enda sé hann doktor frá Ameríku og eigi að auki tilbúna doktorsritgerð í handraðanum um alþýðumenningu á Íslandi.

Dómnefndin er óvenju harðorð í umsögn sinni en álit hennar má lesa í heild í kjölfar greinar Sigurðar á Kistunni. Þar segir m.a. að ritin tvö séu sjálfstæð verk og dugi ekki saman sem grundvöllur. Talað er um „alvarlega vankanta“ á framlagi erlendra fræðimanna til einsögurannsókna; umfjöllun um fyrri rannsóknir sé „gloppótt og full af illa studdum fullyrðingum“. Talað er um „alhæfingar sem standast ekki“, skilgreiningar á hugtökum séu „ómarkvissar“. „Óskýrleiki í framsetningu og ófullnægjandi úrvinnsla setur víða mark á textann, jafnvel heila kafla.“ Margt fleira er tínt til og rökstyður dómnefndin álit sitt rækilega.

Sigurður bregst til varna. Greinargerð hans fylgir bréf lögmanns hans Daggar Pálsdóttur. Þar er þess krafist að dómnefndarálit sé dæmt ógilt og ný og óvilhöll nefnd skipuð. Annars verði Háskólinn sóttur til saka á öðrum vettvangi.

Deilur um dómnefndarálit hafa áður borist út fyrir veggi Háskólans. Ásakanir um trúnaðarbrest virðast í þessu tilviki eiga við rök að styðjast og eru alvarlegar.

Deildarráð hefur óskað rökstuðnings frá sagnfræðiskor fyrir vali á Lofti Guttormssyni í dómnefndina. Var fundað í skorinni 11. júní sl. en rökstuðningur var ekki frágenginn en það mun gert næstu daga.

pbb@frettabladid.is

Sýningar á söguloftí

MR. SKALLAGRÍMSSON
Júní: 15. kl.18 Uppselt
20. kl.20 laus sæti,
29. kl.20 laus sæti
Júlí: 1. kl.15, 1. júlí kl.20 Laus sæti
5. kl.20 laus sæti, 13. kl.20 laus sæti, 14. kl.15, 14. kl. 20
Ágúst: 11. kl.20, 12. kl.20, 18. kl.20, 19. kl.20, 30. kl.20, 31.kl.20 laus sæti

SVONA ERU MENN (KK og Einar)
Aukasýning 16. júní kl. 20

Leikhústilboð í mat:
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is
LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

## NÝJAR BÆKUR




**Vorhefti tímaritsins Sögu** er komið út og er þar kastljósinu beint að erlendum menningarstraumum sem legið hafa um þjóðlífið: framrás kristinna stofnana á miðöldum, útbreiðslu vestrænnar djass- og rokktónlistar til alþjóðlegs sósíalisma. Guðni Th. Jóhannesson og Jón Þ. Þór ræða við sagnfræðinginn Anthony Beevor. Eggert Þór Bernharðsson rekur þróun dægurtónlistar hér á landi frá 1940 til 1963. Orri Vésteinsson ræðir um pólitíska þróun á 10. öld og rýnir í merkingu örnefnisins hof. Jón Ólafsson færir rök fyrir að Komintern hafi lagst gegn stofnun sósíalistaflokks 1938. Steinunn Kristjánsdóttir skrifar um skipulagt kristniboð og tilviljunarkennda kristnivæðingu samfélagsins og endurspeglun þess í tveimur uppgröfnum kirkjum. Lára Magnúsardóttir fjallar síðan um lagagildi skriftaboða. Loks færir Árni Hjartarson rök fyrir því að þekking á eldfjöllum og eldvirkni í fornum írskum sögum af sjóferðum heilags Brendans, sem skráðar voru á 9. öld, sé upprunnin á Ítalíu en ekki Íslandi. Auk þess eru í heftinu ítarlegur dómur um ævisögu Mao auk fleiri ritdóma og ritfregna.

KRINGLU KRÁIN
Karma í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum




Förum varlega í akstri um Ísland og höfum hugfast að ferðalagið er jafnmikil upplifun og áfangastaðurinn. Landið hefur upp á ótalmargt að bjóða og aldrei að vita hverju þú missir af þegar farið er um í óðagoti. Stillum hraðanum í hóf, göngum vel um landið okkar og komum heil heim.

UMFERÐARSTOFA
Ferðamálastofa www.ferdalag.is

**Ljósmyndasamkeppni**
Á **ferdalag.is** finnurðu ýmiss konar upplýsingar sem tengjast ferðalögum um Ísland. Kynntu þér fáséðar perlur utan alfaraleiðar og sjáðu með eigin augum. Safnaðu ljósmyndum og sendu inn í ljósmyndasamkeppnina okkar. Sú stendur í allt sumar og vegleg verðlaun eru í boði.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

12 13 14 **15** 16 17 18

### Föstudagur

#### TÓNLEIKAR

☐ 14.00 Tónlistarhátíðin **Rökkurlopi** á **Kaffi Hljómalind** við Klapparstíg. Fram koma **Margrét Guðrúnardóttir**, **Símon Birgisson**, **Jazzsveitin Dúi** og **Bryndís Jakobsdóttir**.

☐ Hljómsveitirnar **Skátar** og **Bloodgroup** á tónleikaferð. Tónleikar á **Capone** ásamt **Helga og hljóðfæraleikurunum, Miri, The Ones**, **Brutal Princess** og **Eyþór Inga** og **Unni Birnu**. Tónleikar þessir eru styrktartónleikar fyrir **Aflið** sem eru systursamtök **Stígamóta** á Akureyri og rennur allur ágóði til samtakanna. Aðgangseyrir á tónleikana eru 1.500 kr.

#### OPNANIR

☐ 17.00 **Hafdís H. Håkansson** opnar myndlistarsýningu í **Eden** í **Hveragerði**. Hafdís er félagi í íslenska sjónmenntaskólanum sem **Gunnar S. Magnússon** stofnaði í Reykjavík árið 1994. Sýningin er fjölbreytt en þar má sjá olíumálverk á striga og akrílmyndir unnar með blandaðri tækni. Sýningin stendur til 27. júní.

#### SKEMMTANIR

☐ 22.00 Hljómsveitin **Á móti sól** leikur á **Gauki á Stöng**.

#### SÝNINGAR

☐ 11.00 Í **Gerðarsafni** í **Kópavogi** stendur yfir sýningin **The Provincialists / Útkjálkamenn**. Þar sýna fjórir norrænir listamenn: **Ane Lan**, **Astri Luihn**, **Madeleine Park** og **Þórdís Alda Sigurðardóttir**. Listamennirnir vinna með ýmsum aðferðum og útfrá ólíkum hugmyndum en eiga það sameiginlegt að búa og starfa utan þeirra stórborga þar sem meginstefnur myndlistar eru ákvarðaðar og myndlistinni er komið á framfæri. Sýningin stendur til 24. júní en safnið er opið alla daga nema mánudaga milli 11 og 17.

☐ 12.00 Á sýningunni **Automatos** í **Ljósmyndasafni Reykjavíkur** er teflt saman verkum hinna virtu og margreyndu ljósmyndara **Olafs Otto Becker**, **Páls Stefánssonar** og **Ragnars Axelssonar** af íslensku landslagi. Hver um sig hefur náð að skapa sinn persónulega myndheim á þessu sviði og með ólíkum nálgunum á viðfangsefninu er markmiðið að draga upp trúverðuga mynd af stöðu landslagsljósmyndunar í dag.

☐ 14.00 **Guðmundur Thoroddsen** heldur sína fyrstu einkasýningu í **101 gallery** á **Hverfisgötu**. Á sýningunni eru málverk listamannsins sem gefið hefur sýningunni yfirskriftina **Rjómasísland**. Sýningin er opin þriðjudaga til laugardaga milli 14 og 17 og stendur til 19. júlí.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.









## > Í SPILARANUM

The White Stripes - Icky Thump
Amiina - Kurr
Air - Pocket Symphony
Single Drop - Single Drop
Happy Mondays - Uncle Dysfunctional





# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Radiohead með nýja plötu

Radiohead sagði frá því á heimasíðu sinni fyrr í vikunni að sveitin væri langt komin með nýja plötu.

Hljómsveitin lokaði sig af í stúdíói síðasta haust og hefur unnið að plötunni með stuttum hléum síðan þá.

Stefnt er á að platan komi út síðar á þessu ári en ekkert hefur verið ákveðið með útgáfu. Sex platna samningur Radiohead við EMI rann út eftir útgáfu síðustu plötu og ætlar hljómsveitin ekki að semja við nýtt fyrirtæki eða taka aðrar ákvarðanir um útgáfu fyrr en nýja platan er tilbúin.

Fjögur ár eru síðan síðasta plata þeirra, Hail to the Thief, kom út. Hljómsveitin á gríðarlega stóran aðdáendahóp um allan heim og víst að marga er farið að þyrsta eftir nýrri tónlist frá henni.

Meðlimir Radiohead hafa lítið gefið frá sér um hvaða stefnu þeir taka á þessari plötu. Thom Yorke hefur þó sagt í viðtali að tilfinningalega sé hún ef til vill líkust OK Computer. Ef marka má færslur á heimasíðu hljómsveitarinnar mun hún líka halda áfram að vera pólitísk. Thom á það nefnilega sameiginlegt með mörgum íslenskum tónlistarmönnum að hafa miklar áhyggjur af stefnu stjórnvalda í umhverfismálum og hvetur fólk til að taka virkan þátt í mótmælum gegn stefnu þeirra.

Af því nýja efni að dæma sem Radiohead spilaði á tónleikum síðasta sumar er líklegt að sveitin haldi áfram með það sem hún byrjaði á á síðustu plötu, að blanda saman gítarrokki eins og af fyrstu plötunum og raftónlistartilraunum Kid A og Amnesiac. Þetta eru þó allt spádómar og aðdáendur verða að bíða í nokkra mánuði í viðbót eftir útgáfu plötunnar.



**RADIOHEAD** Eru langt komir með sína nýja plötu.

## > Plata vikunnar

Boxer
The National

★★★★

„Frábær og metnaðarfull plata, full af heilsteyptu gáfumannarokki sem gefur mikið af sér.“
SHA






## TÓNNINN GEFINN
**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

# *Af umræðunni um Tónlist.is*

Því miður var ég staddur erlendis þegar umræðan um málefni Tónlist.is stóð sem hæst. Málið er greinilega afar flókið og þrátt fyrir að hafa reynt að kynna mér málið nokkuð nákvæmlega er margt sem ég á erfitt með að skilja, aðallega þó einhvers konar lagalegar flækjur. En af umfjölluninni og viðbrögðum fólks og tónlistarmanna að dæma var auðveldlega hægt að lesa þrennt út; 365 er Satan, Tónlist.is er fégráðugur púki þess og íslenskir tónlistarmenn voru hreinlega teknir upp í óæðri endann. Nú er langt því frá ætlun mín að fara að verja einn né neinn, heldur finnst mér eingöngu sorglegt að sjá að aðilar á þessum litla markaði sem íslenska tónlistarsenan er geti ekki sæst og unnið saman að því að betrumbæta tónlistarumhverfið. Einnig furða ég mig á því að skilvirknin milli félaga- og hagsmunasamtaka tónlistariðnaðarins sé svona afleit.

Brot Tónlist.is eru vissulega alvarleg og umræðan um vefinn algjörlega nauðsynleg. Að setja tónlist inn á netið og selja hana þar án samþykkis né vitundar listamannanna sjálfra er að sjálfsögðu siðlaust og í raun lögbrot. Varðandi stjörnugjöfina þá er það ekkert annað en einn stór brandari. Forráðamenn Tónlist.is hafa sýnt ábyrgðarleysi og framkoma þeirra við einhverja tónlistarmenn og útgefendur hefur verið til skammar. Hins vegar verður að minnast þess að vefur eins og Tónlist.is er gagnlegur, að mörgu leyti merkilegur og í raun mikilvægur í framvindu tónlistarmarkaðsins á Íslandi til þess að fylgja þróun tónlistar sem er að færast yfir á netið. Þess vegna finnst mér leiðinlegt að sjá suma íslenska tónlistarmenn eins og litla vælukjóa úti í horni.

Fyrst og fremst þarf að endurskoða allt umhverfi Tónlist.is, til hagsbóta fyrir tónlistarmennina. Ekki síður þarf „að stokka upp hjá hagsmunasamtökum tónlistarfólks og sjá til þess að þar á bæ vinni menn vinnuna sína og fyrst af öllu VERÐA þessi hagsmunasamtök að losa sig út úr hagsmunatengslum við hljómplötuframleiðendur. Sú blanda getur aldrei verið tónlistarmönnum til hagsbóta,“ eins og einn bloggarinn (anno.blog.is) komst að orði . Menn þurfa samt nauðsynlega að grafa stríðsöxina og ræða málin manna á milli en ekki í gegnum fjölmiðla. Það hlýtur að vera hagur íslenskra tónlistarmanna að afurðir þeirra séu sýnilegastar sem flestum og aðgengi almennings að þeim sem mestur. Málefni Tónlist.is er að flestu leyti afar leiðinleg en ef að rýnt er í umræðuna eru þessar neikvæðu hliðar að mörgu leyti byggðar á misskilningi og samskiptaleysi, eitthvað sem á ekki að viðgangast í svona litlu samfélagi. Nú þegar ákveðin fjarlægð er komin á alla þessu umræðu er því kominn tími á sættir. Skaðinn verður vonandi aldrei meiri en hann er nú orðinn og því hlýtur stefnan aðeins að liggja upp á við. Besta við þetta allt saman er að tónlistarmenn þorðu að rísa upp og svara almennilega fyrir sig. Gagnrýnina verður samt að nýta betur og koma henni í réttan farveg.




Stefán Hjörleifsson, framkvæmdastjóri heimasiðunnar Tónlist.is.

# Tónlistarþörfin öðru sterkari

**Systkinasveitin The White Stripes hefur lifað lengur en margar rokksveitir sömu kynslóðar. Hún fagnar tíu ára starfsafmæli í næsta mánuði, en eftir helgina kemur sjötta platan hennar í verslanir. Trausti Júlíusson skoðaði Icky Thump.**



**THE WHITE STRIPES** Meg og Jack kunna enn að leika sér saman. Nýja White Stripes-platan Icky Thump kemur út í næstu viku.

„Við gerðum plötuna á þremur vikum. Við ræddum málin og þræluðum okkur ekki út 12 tíma á dag eins og áður. Ég vildi að þetta væri afslappað og við tækjum okkur tíma í að gera hlutina“ segir Jack White um gerð nýju White Stripes-plötunnar, Icky Thump, sem kemur út í næstu viku. Og hann bætir við: „Samt kom ekki til greina að eyða ævinni í þetta. Það væri fáránlegt að eyða milljónum dollara í eina plötu. Icky Thump er okkar dýrasta plata. Hver dagur í hljóðveri við gerð hennar var dýrari en upptökurnar á öllum hinum plötunum okkar til samans”.

### Sekkjapípa og mariachi

Icky Thump er sjötta plata White Stripes. Það heyrist greinilega þegar maður hlustar á hana hvaða sveit er þarna á ferðinni, en samt er hún töluvert ólík fyrri plötunum. Þung gítarriff eru áberandi, en það er líka sekkjapípuleikur í einu lagi og mariachi-blástur í öðru.

Blúsinn er á sínum stað og sums staðar fer þetta út í hálfgert progrokk. Stemningin er á köflum hrá og æst eins og á fyrstu plötunum, en svo koma poppaðri lög inn á milli. Platan virkar svolítið ruglingsleg við fyrstu hlustun, en tekur á sig mynd þegar betur er hlustað.

### Upptökur í Nashville

Icky Thump var tekin upp í Blackbird-stúdíóinu í Nashville. Það er vel búið og nýtískulegt hljóðver og þess vegna ólíkt þeim hljóðverum sem White Stripes hafa áður notast við. Jack segir að Blackbird eigi ógrynni hljóðnema og sé vel búið af gömlum upptökutækjum þó að þau séu lítið notuð.

„Kántrý-tónlist dagsins í dag er tekin upp á tölvur,” segir hann og bætir við að eina sveitin sem hafi notað gömlu upptökugræjurnar í Blackbird-stúdíóinu nýlega fyrir utan White Stripes sé Kings Of Leon.

### Flúin frá Detroit

Jack og Meg eru bæði flutt frá Detroit þar sem þau voru farin að verða fyrir miklu aðkasti og „neikvæðri athygli“ eins og Jack orðar það.

Meg flutti til Los Angeles, en Jack til Nashville þar sem hann unir sér mjög vel. Hann skoðaði meðal annars hús Johnny Cash þegar hann var að leita sér að húsnæði, en ákvað að kaupa það ekki þar sem hann óttaðist að honum myndi líða meira eins og safnverði heldur en íbúa ef hann flytti þar inn.

### Hættur að spá í hipsterana

Jack er ennþá í hljómsveitinni The Raconteurs og er þessa dagana að klára plötu númer tvö með henni. The White Stripes er núna orðin tíu ára og fram undan er stór tónleikaferð. Og þau eru ekkert að fara að hætta. Jack segist hafa hagnast það vel á tónlistinni undanfarin ár að hann gæti vel tekið sér frí í tíu ár og slakað á með fjölskyldunni, breska ofurmódelinu Karen Elson og dótturinni Scarlett Theresu. Og hann væri alveg til í það. En þörfin til að búa til tónlist er öllu öðru sterkari. Hann segist samt gera hlutina á öðrum forsendum í dag. Hann segist „hættur að spá í það hvað hipsterunum eigi eftir að finnast“ um það sem hann gerir.

### Gagnrýnendur ánægðir

Það á eftir að koma í ljós hvað hipsterunum finnst um Icky Thump, en gagnrýnendur virðast ánægðir. Platan er að fá fína dóma, til dæmis fjórar stjörnur af fimm mögulegum, bæði í Mojo og Uncut.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 8131

SKRÁÐU ÞIG FYRIR 17. JÚNÍ!

Þú færð 10.000 ókeypis Glitnispunkta með því að skrá þig fyrir 17. júní í Vildarklúbb Glitnis!

VILDAR KLÚBBUR GLITNIS



**ASH** Írsku rokkararnir gefa út síðustu plötu sína 2. júlí.

# Netið í stað hljómplatna

Írska rokksveitin Ash ætlar að hætta að gefa út plötur. Þess í stað mun hún gefa út smáskífulög á netinu. „Með tilkomu niðurhalsins hefur áherslan aukist á einstaka lög,“ sagði Tim Wheeler, forsprakki Ash. „Það hjálpar ekki til að flestir virðast hafa gleymt hvernig á að gera góða plötu.“

Orðrómur var uppi um að Ash ætlaði að hætta eftir útgáfu væntanlegrar plötu sinnar Twilight of the Innocent en sú er ekki raunin. „Þegar maður er bundinn því að gefa út plötur þarf að bíða í sex mánuði frá því að maður klárar hana og þangað til hún kemur út. Með því að hætta að gefa út plötur getum við tekið upp lag og gefið það út næsta dag ef okkur langar til,“ sagði hann.



**[BOX]** Hljómsveitin alþjóðlega heldur tónleika hérlendis á mánudag.

# [box] spilar á Íslandi

Alþjóðlega hljómsveitin [box] heldur tónleika á Gauki á Stöng mánudaginn 18. júní. Sveitin er hugarfóstur dönsku menningarstofnunarinnar Inkling Film sem hafði það að markmiði að leiða saman fjóra kunna tónlistarmenn sem höfðu aldrei leikið saman áður, láta þá taka upp plötu og fara í stutta tónleikaferð um Evrópu. Endar sú ferð í Reykjavík. Hljómsveitina skipa Trevor Dunn frá Bandaríkjunum, Morgan Ågren frá Svíþjóð, Raoul Björkenheim frá Finnlandi og Ståle Storløkken frá Noregi.







fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Síðustu orð Lennons

Yoko Ono, ekkja Bítilsins Johns Lennon, hefur greint frá því hver síðustu orð hans voru áður en hann var skotinn til bana af Mark Chapman fyrir utan heimili sitt í New York árið 1980. Yoko Ono var við hlið eiginmanns síns þegar hann var myrtur en hún hefur aldrei fyrr tjáð sig um hvað þeim fór á milli áður en hann varð fyrir skotinu.

„Ég spurði hann hvort við ættum að fá okkur að borða áður en við færum heim. Hann sagði: „Nei, förum strax heim því ég vil sjá Sean áður en hann sofnar.“ Stuttu síðar skaut Chapman Lennon. Aðspurð sagði Yoko að Lennon hefði ekkert talað eftir að hann var skotinn.



**ONO OG LENNON** Voru á leið heim til sonar síns þegar John var ráðinn af dögum.



**Á PÖLLUNUM** Hannes fagnar með Snorra Steini eftir leikinn gegn Svíum í borgaralegum klæðum í fyrra. Honum gefst nú tækifæri til að vera hinum megin við borðið.

# Engin þörf á forsöngvara

„Það varð uppselt á miðvikudaginn,“ segir Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ. Miðar á leik Íslands og Serbíu í forkeppni EM 2008 á þjóðhátíðardaginn 17. júní hafa hreinlega verið rifnir út. Mikill áhugi og töluverð spenna er fyrir leiknum en „Strákarnir okkar“ náðu hagstæðum úrslitum í fyrri leiknum þegar þeir töpuðu með einu marki í Serbíu. En betur má ef duga skal og strákarnir verða að vinna leikinn. „Menn hafa verið að hringja í mig og athuga hvort ég gæti reddað þeim en við höfum bara ekki meira svigrúm fyrir áhorfendur,“ útskýrir Einar sem kvaðst eilítið vonsvikinn með að handboltaþjóð á borð við Ísland skuli ekki geta boðið upp á stærri leikvang fyrir íþróttaviðburð á borð við þennan. En bætir því við að á tímabili hafi það verið skoðað að flytja leikinn upp í Egilshöll í Grafaholti. „Slíkt hefði hins vegar haft í för með sér svo mikinn kostnað að það hefði aldrei borgað sig,“ segir framkvæmdarstjórinn.

Knattspyrnusamband Íslands hefur stundum brugðið á það ráð að fá þekkta söngvara til kyrja þjóðsöng Íslands fyrir leik og fá þannig þjóðina til að taka undir. Einar segir hins vegar ekkert slíkt vera í burðarliðunum. Þess gerist varla þörf. „Enda var það mál manna í fyrra að sjaldan eða aldrei hefði verið tekið jafn vel undir hann þannig að við leggjum traust okkar eingöngu á áhorfendur þegar kemur að honum,“ útskýrir Einar en líkt og í fyrra verður texta Þjóðsöngsins dreift til allra áhorfenda.

Hannes Jón Jónsson, leikmaður íslenska landsliðsins og leikmaður Fredricia í Danmörku, er í eilítið öðruvísi stöðu núna en fyrir ári síðan. Þá sat hann ásamt Bjarka Sigurðssyni, fyrrum fyrirliða meistaraflokks Vals í handbolta og tónlistarmanni, á áhorfendapöllunum og hvatti strákana áfram. Núna er hann hins vegar meðal þeirra sautján sem reyna að komast í fjórtán manna hópinn fyrir leikinn. „Maður var nánast með tárin í augunum í fyrra. Það var sko leikur sem maður hefði viljað spila,“ viðurkennir Hannes, sem átti fína innkomu í leiknum gegn Serbíu úti. „Leikurinn gegn Svíum var einhver skemmtilegasti handboltaleikur sem ég hef farið á og ég held að alla sem einhvern tímann hafa spilað handbolta hafi langað til að vera í íslensku landsliðstreyjunni þennan dag,“ bætir Hannes við. **- fgg**



**EINAR** Til stóð að flytja landsleikinn upp í Egilshöll en það hefði aldrei svarað kostnaði.

# Styrktartónleikar Aflsins

„Það er mikill fjöldi fólks á öllum aldri sem leitar til okkar. Í fyrra voru það sextíu einstaklingar og við starfræktum sex sjálfshjálparhópa. Líklega verða þeir sjö í ár,“ segir Viktoría Jóhannsdóttir, starfskona Aflsins, systursamtaka Stígamóta á Norðurlandi.

Aflið heldur styrktartónleika á Akureyri í kvöld. Á tónleikunum koma fram hljómsveitirnar Skátar, Bloodgroup, Helgi og hljóðfæraleikararnir, Miri, Brutal Princess og Eyþór Ingi og Unnur Birna, sigurvegarar söngvakeppni framhaldsskólanna í ár.

Þetta er í fyrsta skipti sem Aflið stendur fyrir svona styrktartónleikum. „Nánast allt okkar starf er unnið í sjálfboðavinnu og það vantar alltaf peninga. Við vonumst til að þetta komi vel út í kvöld.“ Viktoría segir mikla þörf vera fyrir hendi á Norðurlandi fyrir starf þeirra og mikilvægt að styðja vel við bakið á því.

Tónleikarnir eru haldnir á 1929/Capone á Akureyri og hefjast kl. 20. Aðgangseyrir er 1.500 kr.

Viktoría hvetur alla Akureyringa og nærsveitunga til að mæta og styrkja gott málefni.



**SYSTURSAMTÖK STÍGAMÓTA** Viktoría Jóhannsdóttir stendur fyrir styrktartónleikum fyrir Aflið, systursamtök Stígamóta á Norðurlandi.



**STYRKTARTÓNLEIKAR** Hljómsveitin Skátar er ein þeirra hljómsveita sem spila á styrktartónleikunum í kvöld.


Metsölulisti Eymundsson
kiljur

1. Viltu vinna milljarð?
Vikas Swarup

Heillandi en jafnframt ógnvekjandi ævintýraferð. fjórtán vikur á toppi vinsældarlistans.

2. 5. riddarinn
James Patterson

Ný spennusaga úr smiðju James Patterson, vinsælasta spennuhöfund heimsins þessi árin.

3. Síðasti musterisriddarinn
Raymond Khoury

Gleymið öllum ofmetnu metsölubókunum – *þetta er hin eina sanna.*

4. Konungsbók
Arnaldur Indriðason

Mögnuð og spennandi saga um hverju má fórna - og hverju verður að fórna - fyrir dýrustu gersemar kynslóðanna.

5. Tvíburarnir
Tessa de Loo

Kraftmikil og tilfinningaþrungin saga um eineggja tvíbura sem aðskildar eru sex ára gamlar og hittast aftur fyrir tilviljun undir lok ævi sinnar.

6. Flugdrekahlauparinn
Khaled Hosseini

Margföld metsölubók. Heillandi saga um mannlíf, menningu og sögusvið sem flest okkar þekkja ekki nema af afspurn.

7. Saffraneldhúsið
Yasmin Crowther

Ljúf og grípandi saga um samband móður og dóttur, svik og refsingu, ást og fjölskyldubönd og klofna sjálfsmynd.

8. Sér grefur gröf
Yrsa Sigurðardóttir

Óhugnanlegt morð er framið á nýju heilsuhóteli á Snæfellsnesi. Bærinn þar sem hótelið stendur reynist þekktur fyrir reimleika...

9. Hugarfjötur
Paulo Coelho

Paulo Coelho leiðir lesandann um eðli ástarinnar, mátt örlaganna og hvað það þýðir í raun og veru að láta hjartað ráða för.

10. Aldingarðurinn
Ólafur Jóhann Ólafsson

Ástin og tíminn eru meginstefin í þessum smásögum sem hlutu Íslensku bókmenntaverðlaunin 2006.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

www.icelandexpress.is

# Veldu grænu leiðina til Evrópu!




## Iceland Express býður farþegum að kolefnisjafna ferðir sínar!

Iceland Express, í samstarfi við Kolvið, býður nú farþegum sínum að kolefnisjafna ferðalög sín um leið og gengið er frá kaupum á flugmiðum.

Kolefnisjöfnunin er afar einföld í framkvæmd: Þegar búið er að panta flugmiða á vef Iceland Express er smellt á tengil á staðfestingarsíðunni yfir á heimasíðu Kolviðarsjóðsins og þar er gengið frá kolefnisjöfnuninni.

Nánari upplýsingar á **www.kolvidur.is** og **www.icelandexpress.is**

| Flugleið | Kolefnisjöfnun fyrir einn farþega kostar kr. | Fjöldi trjáa sem þarf að gróðursetja |
|---|---|---|
| Til Kaupmannahafnar | 226 kr. | 1 tré |
| Frá Kaupmannahöfn | 212 kr. | 1 tré |
| Til London | 212 kr. | 1 tré |
| Frá London | 196 kr. | 1 tré |
| Til Parísar | 244 kr. | 2 tré |
| Frá París | 224 kr. | 2 tré |
| Til Óslóar | 198 kr. | 1 tré |
| Frá Ósló | 182 kr. | 1 tré |
| Frá Akureyri til Kaupmh. | 192 kr. | 1 tré |
| Frá Kaupmh. til Akureyrar | 201 kr. | 1 tré |

KOLVIÐUR
ICELAND CARBON FUND

Iceland Express

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600 www.icelandexpress.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| OCEAN´S 13 | kl. 6 - 8 - 9 - 10:40 | 7 | ZODIAC | kl. 6 - 9 | 16 |
| OCEAN´S 13 VIP | kl. 8 - 10:40 | | BLADES OF GLORY | kl. 6 | 12 |
| PIRATES 3 | kl. 6 - 8 - 10 | 10 | ROBINSON ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| PIRATES 3 VIP | kl. 4 | | MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 4 | L |




SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CODE NAME CLEANER | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| OCEAN´S 13 | kl. 9 | 7 |
| PIRATES 3 | kl. 6 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| CODE NAME CLEANER | kl. 3:30 - 6 - 8 - 10:10 | 10 |
| OCEAN´S 13 DIGITAL | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 7 |
| PIRATES 3 DIGITAL | kl. 4 - 7:20 - 10:30 | 10 |
| ROBINSON ÍSL TAL DIGITAL-3D | kl. 3:50 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| FANTASTIC FOUR | kl. 6 - 8 | L |
| OCEAN'S 13 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| ZODIAC | kl. 10 | 16 |
| GOAL 2 | kl. 6 | L |


# Eli er David Hasselhoff Íslands



**ELI ROTH** Ræddi mikið um Ísland í spjallþætti Conan O'Brian.

Hryllingsmyndaleikstjórinn Eli Roth var í viðtali við spjallþáttakónginn Conan O'Brian á mánudaginn í New York og var spjallið undirlagt af umræðum um Ísland. Í þættinum var sýnt brot úr Hostel II sem nú er sýnd í kvikmyndahúsum og þar var notast við tökur úr Bláa lóninu. Eli hefur komið hingað ótal sinnum en eins og svo oft hefur komið fram vann hann á bóndabæ fyrir austan fjall sem unglingur. Þar fékk hann hugmyndina að sinni fyrstu mynd, Cabin Fever, sem skaut honum uppá stjörnuhiminninn. Fram kom í þættinum að Ísland væri eftirlætisstaður leikstjórans. „Þeir sem komu fyrst til Íslands voru norrænir víkingar. Og þeir tóku með sér allar fallegustu konurnar frá Bretlandi," sagði Eli, sem augljóslega hefur nýtt sér sögukennsluna úr Thule-auglýsingunum og varð tíðrætt um fegurð íslenskra kvenna. Leikstjórinn dró ekki dul á hrifningu sinni á landi og þjóð og hvernig honum hefði verið tekið hér. Sagðist í rauninni vera það sama og David Hasselhoff væri fyrir Þjóðverja. „Eða eins og Fonzie úr Happy Days," sagði Eli.

Frægt er orðið þegar góðvinur Eli, leikstjórinn Quentin Tarantino, kom fram í sama þætti og talaði ansi fjálglega um frjálslega hegðun íslenskra kvenna og ekki síst drykkjarvenjur þeirra. Eli minntist eilítið á heimsókn þeirra félaga fyrir rúmu ári síðan og sagði að hann hefði lokkað Tarantino til að koma með sér með orðunum. „Þú verður svona eins og Frank Sinatra þarna." Og taldi nokkuð víst að það hefði ræst. „Hann hefði getað stjórnað landinu, slíkar voru vinsældirnar."

- fgg








LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 4, 6, 8 og 10-POWER | L |
| HOSTEL 2 | kl. 6, 8 og 10 | 18 |
| THE LAST MIMZY | kl. 4 og 6 | L |
| DELTA FARCE | kl. 8 og 10 | 10 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | kl. 4 -450 kr.- | L |

www.laugarasbio.is


# Skemmtilegt tjáningarform

**Líf og fjör í fiskvinnslu Sigvalda er heitið á nýrri teiknimyndasögu eftir Dr. Gunna, sem birtast mun í fyrsta eintaki tímaritsins Rafskinnu.**




**LÍF OG FJÖR** Ævintýri Björgólfs, Rannveigar, Hreiðars Más og Bjarna í fiskvinnslustöð Sigvalda eru fjölbreytt og margslungin.



**DR. GUNNI** Hefur dundað sér við að gera teiknimyndasögur í gegnum tíðina og segir þær vera skemmtilegt tjáningarform.

„Ég var beðinn um að gera eitthvað fyrir þetta blað og mig langaði einfaldlega mest að gera teiknimyndasögu," segir Gunni, aðspurður um aðdraganda verkefnisins. „Myndasögur eru ákveðið tjáningarform sem er skemmtilegt. Ég hafði mjög gaman að því að setja þetta fólk í samhengi," segir Dr. Gunni en sagan er stutt og hnitmiðuð og nær yfir átta ramma.

Áldrottningin Rannveig Rist og bankamennirnir Hreiðar Már Sigurðsson, Bjarni Ármannsson og Björgólfur Guðmundsson eru í aðalhlutverkum í sögunni og birtast höfuð þeirra útklippt á teikningunum. Að auki kemur við sögu „ónefndur vaktstjóri" eins og Gunni kallar hann. Þá er Dr. Gunni mjög ánægður með fiskvinnslunetið sem hann hefur sett á höfuð aðalpersónanna. „Ég er snillingur í Photoshop," segir hann og hlær.

Teiknimyndasagan um fiskvinnslu Sigvalda er ekki sú fyrsta sem Dr. Gunni gerir. Hann var duglegur að framleiða slíkar sögur fyrir tímaritið Gisp sem kom fyrst út í upphafi níunda áratugarins. „Ég var gríðarlega mikill áhugamaður um teiknimyndasögur á þeim tíma og keypti mikið magn af teiknimyndasögum. Síðan þá hefur áhuginn smám saman minnkað," útskýrir Dr. Gunni og bætir við að hann fylgist nánast eingöngu með tveimur höfundum í dag, þeim Hugleiki Dagssyni og Bandaríkjamanninum Daniel Clowes. Svo vill til að Hugleikur verður einnig með teiknimyndasögu í Rafskinnu. „Það er ánægjulegt að fá pláss við hliðina á honum. Hugleikur er snillingur," segir Gunni.

Teiknimyndasagan mun birtast í fyrsta eintaki lista- og menningartímaritsins Rafskinnu sem væntanlegt er í verslanir síðar í þessum mánuði.








SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| FANTASTIC FOUR 2 LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 18 |
| THE LAST MIMZY | kl. 3.40 | |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3 | kl. 5 - 9 | 10 |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5 - 8 | 10 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8.20 -10.30 | |
| THE HOAX | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| FRACTURE | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| THE PAINTED VEIL | kl. 5.30 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8 - 10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 8 - 10 | 18 |
| THE INVISIBLE | kl. 6 - 10.30 | 16 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 - 8 | 14 |

SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8 - 10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 6 - 8 - 10 | 18 |

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS







**PÉTUR BEN** Tónlistarmaðurinn Pétur Ben fær góða dóma á belgískri vefsíðu.

# Pétri líkt við Nick Drake

Tónlistarmaðurinn Pétur Ben fær góða dóma á hinni virtu belgísku vefsíðu kindamuzik.net fyrir frammistöðu sína á Spot-tónlistarhátíðinni. Þar er tónlist Péturs líkt við fagra tóna Nick Drake og því haldið fram að hann hafi haldið merki Íslands á lofti á hátíðinni. Fær flutningur hans á lögunum I´ll Be Here, White Tiger og Billie Jean jafnframt mjög góða dóma.

Spot-hátíðin var haldin í Árósum um síðustu helgi og komu þar fram auk Péturs tónlistarmaðurinn Helgi Jónsson og hljómsveitin Reykjavík!. Fengu öll íslensku atriðin fimm stjörnur af sex mögulegum í danska tónlistarmiðlinum Gaffa.

# Rökkurlopi í Reykjavík

„Þema hátíðarinnar er nánd, við erum að reyna að minnka gjána á milli fólks,“ segir Guðmundur Haraldsson, einn skipuleggjenda tónlistarhátíðarinnar Rökkurlopa sem hófst í gær. Tónleikarnir verða á kaffihúsunum Hljómalind og Babalú og í S.L.Á.T.U.R, á Hverfisgötunni, aðsetri listrænt ágengra tónsmiða umhverfis Reykjavík. Hátíðin stendur yfir til sunnudags.

„Við viljum að allir séu á sama plani. Þetta er allt á litlum tónleikastöðum þannig að tónlistarfólkið er mjög nálægt áheyrendunum.“ Að sögn Guðmundar er það allt annar hlutur fyrir tónlistarfólk að spila fyrir fimmtán manns eða fimm hundruð og því má búast við mjög áhugaverðum tónleikum.

Það verður ólík tónlist á stöðunum þremur. Í SLÁTRI verður tilraunakennd tónlist. Kokteilsósa stendur meðal annars fyrir spunakvöldi þar í kvöld. Á Hljómalind verðu áherslan á órafmagnaða tónlist, mikið um söng og gítarspil, og á Babalú verður blanda af rafmögnuðum böndum og órafmögnuðum.

„Það komast um 30 manns á hverja tónleika þannig að samspilið á milli tónlistarfólkins og áheyrenda verður á meiri jafnvægisgrunvelli en í stærri sölum. Þar verða áheyrendur svolítið eins og massi af fólki en ekki einstaklingar. Þetta er allt önnur upplifun.“

Meðal þeirra sem koma fram eru Ólöf Arnalds, Benni Hemm Hemm, Toggi, Sprengjuhöllin, Bjarni og Maggi úr Úlpu með kassagítarútgáfur af Úlpulögum og Elín og Elísabet Ellenar og Eyþórsdætur.

Aðstandendur auk Guðmundar eru Áki Ásgeirsson tónskáld og Einar Rafn Þórhallsson og Haraldur Hannesson tónlistarmenn.

Dagskrá hátíðarinnar má finna á 85.197.199.115/rokkurlopi



**TÓLISTARHÁTÍÐIN RÖKKURLOPI** Guðmundur Haraldsson og Áki Ásgeirsson eru tveir af skipuleggjendum hátíðarinnar.



**DESYN** Plötusnúðurinn Desyn þeytir skífum um helgina.

# Desyn til landsins

Plötusnúðurinn Desyn Masiello spilar á tveimur klúbbakvöldum hér á landi um helgina. Hann verður á Akureyri í kvöld og á laugardagskvöld verður hann á Nasa. „Þetta verður í fyrsta skipti í sögunni sem súperplötusnúður kemur til Akureyrar. Ég býst fastlega við því að það verði uppselt enda bíladagar á sama tíma og bærinn smekkfullur,“ segir skipuleggjandinn, Kristinn Bjarnason hjá Flex Music.

Miðasala á klúbbakvöldin fer fram á skor.is, í 12 Tónum og Centró á Akureyri. Miðaverð er 2.000 krónur.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Skötuhjúin **Naomi Watts** og **Liev Schrieber** virðast hafa gaman af því að stríða fjölmiðlum. Þau hafa nú sést mikið saman og augljóslega mjög ástfangin enda Naomi ólétt af þeirra fyrsta barni. Sögusagnir um meint brúðkaup þeirra fara nú eins og eldur um sinu í slúðurheiminum en Liev sagði víst í viðtali að þau hefðu nýlega gifst á laun. Nú er hins vegar komið í ljós að Liev var bara að grínast enda mikill brandarakall.

**Kevin Spacey** segist vera alveg sama um það hvað fólki finnst um hann. „Mér er alveg sama um ferilinn minn. Eftir að hafa leikið í kvikmyndum í tíu ár og gengið mun betur en ég nokkurn tíma þorði að vona veit ég ekki hvað ég á að gera við allan þennan árangur,“ sagði Spacey ráðvona. „Á ég bara að halda áfram að gera myndir og fylgjast með því hvort fólki finnst ég heitur eða ekki? Mér er í rauninni alveg sama.“






### > Sverrir fer til Njarðvíkur

Körfuboltamaðurinn Sverrir Þór Sverrisson hefur ákveðið að söðla um og ganga í raðir Njarðvíkinga frá Keflavík. Sverrir, sem einnig spilar fótbolta, er búsettur í Njarðvík. „Það var kominn tími til að skipta. Ég er orðinn 32 ára og hef átt góð ár í Keflavík og við skiljum í góðu. Mig langar líka að fara í Njarðvík þar sem ég er mjög tengdur inn í félagið. Sonur minn er að æfa með því og ég mun þjálfa hans flokk í vetur. Það er bjart framundan í Njarðvík,“ sagði Sverrir, sem skrifar undir samninginn á allra næstu dögum.



# sport

sport@frettabladid.is

**KÁRI ÁRNASON:** HEFUR GENGIÐ VEL MEÐ AGF SEM ER Á LEIÐ UPP Í DÖNSKU ÚRVALSDEILDINA

## *Kári sér ekki eftir því að hafa farið til AGF*

Danska 1. deildarfélagið AGF er nú hársbreidd frá því að vinna sér sæti í dönsku úrvalsdeildinni eftir ársfjarveru. Kári Árnason gekk til liðs við félagið í vetur og hefur staðið sig vel, sérstaklega þennan síðasta hluta tímabilsins.

„Ég byrjaði að spila sem miðvörður þar sem leikmaður sem AGF keypti á sama tíma og mig sleit krossbönd í hné. Félagið var því í vandræðum með varnarmenn. Það gekk upp og ofan hjá mér en eftir að ég byrjaði að spila á miðjunni hefur mér gengið mjög vel. Ég hef skorað tvö mörk í þessum 4-5 leikjum sem ég hef verið á miðjunni og spilað vel,“ sagði Kári.

AGF er með sex stiga forskot á næsta lið þegar tvær umferðir eru eftir af deildinni. Markatala liðsins er einnig góð og þarf því mikið út af að bregða ef liðið á ekki að spila í úrvalsdeildinni á næstu leiktíð.

Eftir að Kári fór til AGF datt hann úr íslenska landsliðinu. Kári hefur sett stefnuna á að vinna sér sæti í landsliðinu á nýjan leik.

„Mér fannst ég standa mig mjög vel í þessum leikjum sem ég spilaði og ég kem til með að halda mínu striki. Ég skil að það er erfitt fyrir Eyjólf að velja mann í liðið sem spilar ekki í efstu deild í sínu landi. Ég vonast þó til að komast aftur í landsliðið ef ég stend mig vel í úrvalsdeildinni.“



Hann segir einnig að það sé alveg klárt mál að danska úrvalsdeildin sé sú langsterkasta á Norðurlöndunum. „Ég er hundrað prósent viss um það. Dönsk lið vinna Royal League hvert einasta ár og nú síðast voru dönsk lið í efstu þremur sætunum.“

Kári viðurkennir þó að það hafi verið skref niður á við að fara frá Djurgården, sem leikur í sænsku úrvalsdeildinni, í dönsku 1. deildina. „AGF er stór klúbbur með háleit markmið og framtíðin er björt hér. Þetta leit kannski ekki vel út á tímabili en í dag er ég mjög ánægður með mína ákvörðun. Það eru mjög spennandi tímar fram undan hjá félaginu.“



**VALSSTÚLKUR** Fagna hér titlinum í fyrra.

Dregið í VISA-bikarnum í gær:

## Stórleikur Vals og Breiðabliks

**FÓTBOLTI** Í gær var dregið í átta liða úrslit kvenna og fjórðu umferð karla í VISA-bikarkeppninni. Stórleikurinn hjá konunum er viðureign Vals og Breiðabliks en liðin mættust í úrslitaleiknum í fyrra. Þar fóru Valsstúlkur með sigur af hólmi Allir leikirnir fara fram 12. júlí.

Hjá körlunum voru tólf félög í pottinum og var drátturinn svæðaskiptur. Sigurvegarar leikjanna komast svo í 16. liða úrslit en þá mæta liðin í Landsbankadeild karla til leiks. Leikirnir fara fram 26. júlí. - hþh

**8 LIÐA ÚRSLIT KVENNA**

| |
|---|
| **BREIÐABLIK - VALUR** |
| STJARNAN - FJÖLNIR |
| **AFTURELDING - KEFLAVÍK** |
| ÞÓR/KA - KR |

**4. UMFERÐ KARLA**

| |
|---|
| **FJARÐABYGGÐ - LEIKNIR F.** |
| DALVÍK/REYNIR - ÞÓR AKUREYRI |
| **STJARNAN - FJÖLNIR** |
| HAUKAR - LEIKNIR R. |
| **ÞRÓTTUR R. - GRINDAVÍK** |
| ÍBV - REYNIR SANDGERÐI |

# Með nýtt tilboð frá AZ

**Grétar Rafn Steinsson segir að þrátt fyrir áhuga liða í ensku úrvalsdeildinni þurfi mikið til að hann fari frá AZ Alkmaar. Honum stendur til boða nýr samningur.**

**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Grétar Rafn Steinsson hefur síðustu daga verið orðaður við Middlesbrough og Newcastle. Fjölmiðlar bæði í Hollandi og Englandi hafa gefið í skyn að Grétar sé mjög spenntur fyrir því að fara í ensku úrvalsdeildina. Þó segir hann sjálfur að hann sé afar sáttur hjá AZ Alkmaar í Hollandi.

„Ég hef það mjög gott í Alkmaar. Félagið var að bjóða mér nýjan fimm ára samning,“ sagði Grétar Rafn, sem er þegar samningsbundinn liðinu til 2011. Nýr samningur myndi fela í sér að hann yrði bundinn liðinu til 2012 og fengi þar að auki myndarlega launahækkun.

„Í AZ er ég í góðu liði sem hefur náð mjög góðum árangri. Ég er með mjög góðan þjálfara og tek stöðugum framförum þar.

Í vetur unnum við Sevilla og slógum út bæði Fenerbahce og Newcastle,“ sagði Grétar en þjálfari hans hjá AZ er Louis van Gaal. „Ég hef þó mín markmið sem ég ætla mér að ná. Ég verð bara að sjá til hvað gerist.“

Hann segir þó að það sé ljóst að það þyrfti eitthvað mikið til að hann færi að söðla um. „Ég færi ekki að rífa mig upp með rótum bara til þess eins að sitja á bekknum í einhverju liði. Það er spennandi að ensk úrvalsdeildarfélög sýni mér áhuga en það eitt er ekki nóg. En þetta eru allt vangaveltur eins og er.“

Hann er nú staddur á Siglufirði þar sem hann tekur lífinu með ró í faðmi fjölskyldunnar og vina. Grétar segist ætla að nota tímann vel til að taka því rólega og taka sér algjört frí frá knattspyrnu.



**GRÉTAR RAFN** Segir að eitthvað mikið þurfi að gerast til að hann sannfærist um að yfirgefa AZ Alkmaar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það hefur verið mikið að gerast og voru síðustu vikurnar í Hollandi mikil vonbrigði fyrir okkur. Ekki batnaði það svo með landsliðinu,“ sagði hann.

AZ Alkmaar missti naumlega af hollenska meistaratitlinum sem og meistaradeildarsæti. Liðið tapaði þar að auki í úrslitum bikarkeppninnar.

„Þetta er harður heimur og það fylgja þessu oft töp. Ég ætla því ekkert að pæla í þessum málum fyrr en ég mæti aftur í vinnuna,“ sagði Grétar Rafn.

eirikur@frettabladid.is



**ÓLAFUR STEFÁNSSON** Enn og aftur á lista yfir bestu handboltamenn heims. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Besti handboltamaður heims:

## Ólafur Stefánsson í þriðja sæti

**HANDBOLTI** Landsliðsfyrirliðinn Ólafur Stefánsson varð í þriðja sæti í kjöri á besta handknattleiksmanni ársins en lesendur World Handball-tímaritsins kusu, sem og lesendur á síðu alþjóða handknattleikssambandsins, IHF.

Það var Króatinn Ivano Balic sem var valinn bestur en hann fékk tæplega 26 prósent atkvæða. Þýski hornamaðurinn Florian Kehrmann kom næstur með tæp 25 prósent atkvæða. Ólafur fékk rúmlega þrettán prósent.

Þýska stúlkan Nadie Krause fékk langflest atkvæði hjá konunum, rúmlega 35 prósent. - hbg




Ásthildur Helgadóttir er í toppformi fyrir leikinn mikilvæga gegn Frökkum:

# Sagan sýnir að það er allt hægt

**FÓTBOLTI** Ísland og Frakkland mætast á morgun í mikilvægum leik í undankeppni EM kvenna. Frakkar eru með eitt sterkasta lið heims og ljóst er að íslenska liðið þarf að laða fram það besta í sínum leik til að ná fram góðum úrslitum.

„Samkvæmt heimslistanum eiga þær að vera betri en ef við spilum skipulagðan varnarleik og beitum góðum skyndisóknum er allt hægt eins og sagan sýnir. Við förum með því hugarfari inn í leikinn að vinna,“ segir Ásthildur Helgadóttir, fyrirliði liðsins.

„Ég held að við þurfum okkar besta leik til að vinna. Það verður margt að ganga með okkur til að við eigum möguleika en það má ekki gleyma því að við erum líka með frábæra leikmenn og góða liðsheild. Þetta getur verið einn af úrslitaleikjunum í þessum riðli.“



**ÁSTHILDUR** Kemur í toppformi til leiks með landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ísland vann Grikkland í fyrsta leik riðilsins en búast má við að varnarleikurinn verði í fyrirrúmi hjá íslenska liðinu. „Þetta byggist allt á varnarleiknum. Ef hann gengur upp er miklu auðveldara að sækja og það er mikilvægt að vera ekki að taka sénsa. Við munum fá okkar færi,“ sagði Ásthildur sem kveðst koma heim í toppformi.

„Ég er í mjög góðu standi. Ég er búin að vera aðeins meidd í hnénu en hef samt spilað með Malmö og leikinn gegn Grikkjum. Ég er að ná mér og er enn með smá verki en það er ekkert í líkingu við það sem var. Ég reikna því ekki með öðru en að vera í toppformi,“ sagði fyrirliðinn. - hþh





HVER VERÐUR NÆSTA
SÚPERSTJARNA Í DANSI?

**SO YOU THINK YOU CAN DANCE**
**FYRSTI ÞÁTTUR Í KVÖLD KL. 20:45**

2 skemmtilegri

ÁSKRIFTARTILBOÐ!

**STÖÐ 2 TIL 5. SEPTEMBER**
**AÐEINS 5.160 KR. Á MÁNUÐI**

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

GOTT FÓLK

**Keflavík 2-1 Fram**

Keflavíkurvöllur, áhorf.: 1060 — Sævar Jónsson (7)

*1-0 Þórarinn Kristjánsson (14.)*
*1-1 Hjálmar Þórarinsson (33.)*
*2-1 Baldur Sigurðsson (55.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–8 (5–5) |
| Varin skot | Ómar 3 – Hannes 2 |
| Horn | 7–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 18–11 |
| Rangstöður | 1–5 |

| **KEFLAV.** 4–3–3 | | **FRAM** 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Ómar Jóhannsson | 6 | Hannes Halldórsson | 5 |
| Guðjón Antoníuss. | 6 | Daði Guðmundsson | 5 |
| Hallgrímur Jónasson | 4 | (79., Jón Orri Ólafss. | -) |
| (89. Stefán Örn Arn. | -) | Óðinn Árnason | 4 |
| Kenneth Gustavs. | 5 | Kristján Hauksson | 5 |
| Branislav Milicevic | 5 | Andri Karvelsson | 4 |
| ***Jónas G. Sævars.** | **7** | Theodór Óskarsson | 6 |
| Baldur Sigurðsson | 7 | (89. Grímur Björn G. | -) |
| Marco Kotilainen | 6 | Igor Pesic | 4 |
| (58. Guðm.Mete | 6) | Ingvar Ólason | 5 |
| Simun Samuelsen | 4 | Ívar Björnsson | 4 |
| Þórarinn Kristjáns. | 7 | (81. Alexander Steen | -) |
| Guðm.Steinarsson | 7 | Jónas Grani Garðars. | 6 |
| (69. Magnús Þorst. | 4) | Hjálmar Þórarinsson | 7 |

**Maður leiksins*

**KR 0-2 FH**

KR-völlur, áhorf.: 2238 — Jóhannes Valgeirsson (8)

*0-1 Ásgeir Gunnar Ásgeirsson (7.)*
*0-2 Guðmundur Sævarsson (19.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–10 (8–3) |
| Varin skot | Kristján 1 – Daði 8 |
| Horn | 5–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14–8 |
| Rangstöður | 2–5 |

| **KR** 4–4–2 | | **FH** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Kristján Finnbogason | 6 | Daði Lárusson | 8 |
| Atli Jóhannsson | 7 | Freyr Bjarnason | 7 |
| Gunnlaugur Jónss | 7 | Tommy Nielsen | 8 |
| Pétur Marteinsson | 5 | Sverrir Garðarsson | 7 |
| Kristinn Magnússon | 3 | Guðmundur Sævarss | 8 |
| Skúli Jón Friðgeirss | 4 | Davíð Þór Viðarsson | 6 |
| (73. Henning Jónass. | -) | ***Ásgeir G. Ásgeirs** | **8** |
| Rúnar Kristinsson | 6 | Dennis Siim | 7 |
| Bjarnólfur Lárusson | 6 | Matthías Vilhjálmsson | 4 |
| (46., Eggert Rafn E. | 7) | (73. Atli Guðnason | -) |
| Guðmundur Reynir | 5 | Matthías Guðmundss | 7 |
| Grétar Hjartarson | 6 | (90. Hjörtur Logi V. | -) |
| Björgólfur Takefusa | 5 | Arnar Gunnlaugsson | 3 |
| (64., Jóhann Þórh. | 6) | (79., Allan Dyring | -) |

**Maður leiksins*

**Fylkir 1-0 HK**

Fylkisvöllur, áhorf.: 843 — Einar Örn Daníelsson (4)

*1-0 Hermann Aðalgeirsson (87.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–6 (4–3) |
| Varin skot | Fjalar 3 – Gunnleifur 3 |
| Horn | 3–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14–14 |
| Rangstöður | 3–3 |

| **FYLKIR** 4–5–1 | | **HK** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Fjalar Þorgeirsson | 7 | Gunnleifur Gunnleifs. | 6 |
| Víðir Leifsson | 6 | Davíð Magnússon | 6 |
| Kristján Valdimars. | 6 | Ásgrímur Alberts. | 5 |
| ***David Hannah** | **7** | Finnbogi Llorenz | 6 |
| Andrés Jóhannes. | 6 | Stefán Eggertsson | 6 |
| Halldór Hilmisson | 3 | Hólmar Eyjólfs. | 6 |
| (87., Kjartan Andri | -) | (84., Bjarki Már Sigv. | -) |
| Páll Einarsson | 4 | Ólafur Júlíusson | 3 |
| (72., Albert Ingason | -) | (77., Almir Cosic | -) |
| Mads Beierholm | 3 | Finnur Ólafsson | 3 |
| Ólafur Stígsson | 4 | Aaron Palomares | 3 |
| Haukur Ingi Guðna. | 6 | Jón Þ. Stefánsson | 3 |
| (25., Hermann Aðal. | 5) | Þórður Birgisson | 4 |
| Christian Christians. | 4 | (72., Oliver Jaeger | -) |

**Maður leiksins*

## LANDSBANKADEILDIN

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **5** | **4** | **1** | **0** | **11-3** | **13** |
| **VALUR** | **6** | **3** | **3** | **0** | **10-6** | **12** |
| KEFLAVÍK | 6 | 3 | 2 | 1 | 12-8 | 11 |
| **FYLKIR** | **6** | **3** | **2** | **1** | **6-4** | **11** |
| VÍKINGUR | 6 | 2 | 2 | 2 | 6-6 | 8 |
| **BREIÐABLIK** | **6** | **1** | **4** | **1** | **7-5** | **7** |
| HK | 6 | 2 | 1 | 3 | 3-9 | 7 |
| **ÍA** | **6** | **1** | **2** | **3** | **9-12** | **5** |
| FRAM | 6 | 0 | 2 | 4 | 5-11 | 2 |
| KR | 5 | 0 | 1 | 4 | 5-10 | 1 |

Keflavík marði sigur á Fram í Landsbankadeild karla í gær þar sem eitt mark skildi liðin að í leikslok:

# Keflvíkingar nýttu færin og tóku stigin

**FÓTBOLTI** Keflvíkingar unnu í gær nauman sigur á Fram, 2-1, á heimavelli. Ólafur Þórðarson gerði fimm breytingar á byrjunarliði Fram sem tapaði fyrir HK í síðustu umferð. Hvorki Eggert Stefánsson né Reynir Leósson voru í vörninni og munaði um minna fyrir Framara þar sem varnarleikur þeirra var ótraustur á löngum köflum.

Það sama verður ekki sagt um sóknarleik Safamýrarpilta, sem var góður. Ívar brenndi af úr dauðafæri áður en Keflvíkingar komust yfir með fyrsta færi sínu í leiknum. Þórarinn Brynjar skallaði boltann þá í markið eftir að Guðmundur Steinarsson fann hann einan og algjörlega óvaldaðan í vítateig Fram.

Keflvíkingar hefðu getað nýtt sér hik og gáleysi í vörn Fram en gerðu ekki nógu vel. Í stað þess jöfnuðu Framarar þegar Keflavíkurvörnin var fámenn vegna hornspyrnu. Eftir langt útspark og sendingu Theodórs komst Hjálmar einn á móti Ómari markmanni og rauf loksins markaþurrð sína. Kotilainen átti svo þrumuskot í stöngina um leið og flautað var til leikhlés.

Síðari hálfleikur var langt frá því að vera jafn fjörlegur og sá fyrri. Baldur Sigurðsson kom heimamönnum yfir með skoti af stuttu færi en baráttan og miðjuþófið var einkennandi í leiknum. Liðin fengu sitt hvort dauðafærið auk þess sem handfylli af hálffærum litu dagsins ljós.

Leiknum lauk með 2-1 sigri Keflavíkinga en Framarar hefðu hæglega getað tekið eitt stig. Nokkur deyfð var yfir leikmönnum beggja liða sem virtust ekki vera með hugann við leikinn. Jónas Guðni Sævarsson var besti maður vallarins og að hans mati var sigurinn sanngjarn.



**BJARGVÆTTURINN** Þórarinn Kristjánsson kom Keflvíkingum á bragðið í gær. MYND/VÍKURFRÉTTIR

„Mér fannst þetta sanngjarnt. Við vorum að spila fínan bolta þrátt fyrir að vera í erfiðleikum til að byrja með. Svo náðum við tökum á spilinu og vorum betri þrátt fyrir að þeir hafi fengið nokkur færi. Það fengum við líka en það bar á kæruleysi og við hefðum átt að skora meira. Ég er mjög sáttur með leikinn,“ sagði Jónas, sem kvaðst vera sáttur við spilamennsku Keflvíkinga fyrstu sex umferðirnar en ekki stigafjöldann.

Hjálmar Þórarinsson, markaskorari Fram, var daufur í dálkinn í leikslok. „Þetta var vissulega mjög svekkjandi, jafntefli hefði verið sanngjarnt miðað við hvernig þetta spilaðist. Við fengum nóg af færum sem við áttum að nýta. Þetta er búið að vera saga okkar í sumar, við höfum oft átt meira í leikjum en við höfum fengið út úr,“ sagði Hjálmar, sem bætti við að hann væri ánægður með að losa um markastíflu sína. **- hþh**

# FH-ingar refsuðu KR grimmilega

**Íslandsmeistarar FH unnu enn og aftur í Vesturbænum og að þessu sinni 2-0. Sem fyrr nýtti FH færi sín einstaklega vel á meðan KR-ingar voru klaufar fyrir framan markið.**

**FÓTBOLTI** FH lét jafnteflið gegn Fylki ekki koma sér úr jafnvægi og tók þrjú stig í Vesturbænum gegn KR í gær. FH refsaði KR-ingum grimmilega í tvígang í fyrri hálfleik og það dugði til sigurs. Sterk vörn FH kæfði síðan allar sóknir KR í síðari hálfleik en KR fór illa að ráði sínu í fyrri hálfleik.

Teitur Þórðarson gerði róttækar breytingar á KR-liðinu og breytti þar að auki um leikaðferð. Teitur fór með KR-liðið í 4-4-2 en KR hafði fram að þessum leik verið að spila 4-3-3 leikaðferðina með döprum árangri. Atli Jóhannsson kom auk þess frekar óvænt í vinstri bakvarðarstöðuna, sem hefur verið hálfgerð vandræðastaða hjá KR í sumar. Skúli Jón, sem verið hefur í bakvarðarstöðu, var auk þess kominn á kantinn.

Fyrri hálfleikur var stórskemmtilegur á að horfa. KR-ingar mættu grimmir til leiks og Bjarnólfur fékk gult spjald fyrir fyrsta brot KR strax á 4. mínútu. KR tók völdin á miðjunni en FH sótti hratt og ógnaði gríðarlega í hvert skipti sem liðið fór upp völlinn.



**TEITUR ÞÓRÐARSON** Það er farið að hitna vel undir Teiti Þórðarsyni, þjálfara KR. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Það var einmitt eftir hraða sókn sem FH tók forystuna en þá lagði Ásgeir Gunnar boltann laglega framhjá Kristjáni eftir góða sendingu Davíðs Þórs. Markið var eins og blaut tuska í andlit heimamanna, sem byrjuðu leikinn vel, og margir gerðu ráð fyrir að heimamenn legðust niður eftir að Guðmundur kom FH í 2-0 með skallamarki.

KR-ingar aftur á móti spýttu í lófana við seinna markið og sóttu mjög grimmt að marki meistaranna. Heimamenn sköpuðu sér hvert færið á fætur öðru en voru einstakir klaufar fyrir framan markið. Lánleysið var einnig algjört en það féll nákvæmlega ekki neitt með KR-ingum, sem áttu sex skot á markið í fyrri hálfleik. Daði varði þau öll og sum hver með tilþrifum. FH átti tvö skot að marki í hálfleiknum og þau enduðu bæði í markinu. Enn og aftur refsa FH-ingar grimmilega.

Það var engu líkara en KR-ingar hefðu klárað alla orku í fyrri hálfleik því þeir mættu mjög slakir til síðari hálfleiksins og allur vindur var úr mönnum. FH-ingar voru mjög skynsamir, lágu til baka og sterkir varnarmenn liðsins voru mun betur á tánum en í fyrri hálfleik og stöðvuðu allar sóknir KR án þess að hafa sérstaklega mikið fyrir því. Síðari hálfleikur fjaraði í raun út án þess að nokkuð merkilegt gerðist og KR ógnaði vart marki FH allan hálfleikinn.



**BAKVÖRÐURINN FAGNAR** Guðmundur Sævarsson skoraði annað mark FH-inga gegn KR í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

FH-ingar tróna áfram á toppnum en meistararnir hafa litið mjög vel út í sumar. Það er gríðarlegur styrkur í þessu FH-liði, sem hefur ekki hlotið það lof sem það á skilið. Vörnin er massíf, miðjuspilið þétt og sóknarleikurinn frábær þar sem sóknarmennirnir eru alltaf líklegir til að skora. FH nýtir sín færi fáranlega vel og það er ákveðinn gæðamunur á þessu FH-liði og öðrum liðum deildarinnar.

Staða KR heldur áfram að versna. Þó svo að KR hafi verið undir 2-0 í hálfleik var fyrri hálfleikurinn hjá liðinu í gær líklega þess besti í sumar. Ég veit ekki hvort ég eigi að segja að lánleysið leiki við liðið eða að það sé sjálfu sér verst en líklega er það sambland af báðu. Breytingarnar á leik liðsins í gær voru til batnaðar og flestir leikmenn eru að leggja sig fram af heilum hug. Vandamál KR liggur sem fyrr að stóru leyti í skorti á kantspili og vandræðagangi bakvarðanna, sem allt of mikið lekur í gegnum. Svo vantar sjálfstraust uppi við markið en KR fór hrikalega með færin í gær og það reyndist dýrkeypt.

**henry@frettabladid.is**

Fylkir og HK áttust við í hrútleiðinlegum leik í Landsbankadeild karla:

# Hermann var hetja Fylkis gegn HK í gær



**ÓLAFUR GEGN ÓLAFI** Ólafur Stígsson Fylkismaður sendir hér boltann framhjá HK-ingnum Ólafi Júlíussyni. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

**FÓTBOLTI** Hermann Aðalgeirsson var hetja Fylkismanna í gær þegar hann tryggði liði sínu 1-0 sigur á HK í Árbænum með laglegu marki þegar þrjár mínútur voru til leiksloka. Frá upphafi leiks hafði allt stefnt í steindautt markalaust jafntefli en góður leikkafli Fylkismanna á síðustu 20 mínútum leiksins skilaði liðinu dýrmætu marki á síðustu stundu.

Ef undan eru skildar síðustu tuttugu mínútur leiksins var boðið upp á hörmulegan fótbolta í Árbænum í gær. Bæði lið spiluðu háloftabolta af verstu sort því sjaldnast rötuðu sendingarnar til samherja. Ógrynni misheppnaðra sendinga, ásamt furðulegri dómgæslu Einars Örn Daníelssonar sem leyfði nánast engar snertingar á milli leikmanna, gerði það að verkum að framan af var leikurinn var einn sá allra leiðinlegasti í sumar.

Fyrri hálfleikurinn var nánast tíðindalaus og það sama var uppi á teningnum framan af síðari hálfleik. En þá var líkt og heimamenn settu í annan gír, þann sama og liðið var í gegn FH í síðustu umferð. Þessi hamskipti skiluðu á endanum marki, sem líklega var verðskuldað. Fylkir er nú komið í vænlega stöðu með 11 stig í deildinni og eru Árbæingar til alls líklegir. Þeir hafa sannað að þeir geta spilað ágætan fótbolta, en þá skortir ennþá stöðugleika.

Miðað við leik HK í gær getur liðið vel við unað að vera við miðja deild, því með annarri eins frammistöðu mun það tæpast vinna annan leik í sumar. Sóknarleikurinn var enginn og olli slakur leikur Jóns Þ. Stefánssonar þar sérstökum vonbrigðum. Ofan á það var varnarleikurinn ósannfærandi á köflum í gær og sást það best í marki Fylkis í gær. **- vig**

Birgir Leifur Hafþórsson keppti í Frakklandi:

# Lék á einu undir pari

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson hóf í gær leik á opna Saint-Omer mótinu í Frakklandi sem er hluti af Evrópumótaröðinni í golfi.

Hann lék samtals á einu höggi undir pari og er í 25.-40. sæti eftir fyrsta keppnisdag en alls taka 155 kylfingar þátt.

Annar eins hringur í dag ætti því að koma honum í gegnum niðurskurðinn.

Birgir Leifur hóf leik á 10. braut í gær og byrjaði á því að fá par. Hann náði öðru pari á 16. braut en fékk svo skolla á þeirri átjándu.

Hann fékk svo eitt par og einn skolla á „seinni“ níu holunum. Alls fékk hann þrettán pör. **- esá**



**FYRIRLIÐINN ÖFLUGUR** Arnar Grétarsson stjórnaði leik Blika eins og herforingi í gær. Hér reynir Helgi Pétur Magnússon að halda í við hann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Breiðablik vann sinn fyrsta sigur í deildinni í gær:

# Blikar sýndu loksins sitt rétta andlit

**FÓTBOLTI** Breiðablik vann í gær 3-0 sigur á slökum Skagamönnum og innbyrti þar með sinn fyrsta sigur á leiktíðinni. Blikar léku vel eins og svo oft áður í sumar en náðu í þetta sinn að klára færin sín almennilega. Leikmenn ÍA voru langt frá sínu besta.

Leikurinn var varla byrjaður þegar boltinn barst inn á teig þar sem Magnús Páll Gunnarsson og Dario Cingel börðust um boltann. Magnús náði að slæma fótinum í boltann, sem laumaðist í nærhornið. Engu var líkara að varnarmenn ÍA væru ekki mættir í leikinn því Blikar áttu urmul færa á upphafsmínútunum. Blikar hefðu hæglega getað verið komnir 3-0 yfir, að minnsta kosti, eftir fimmtán mínútur.

Það gerðist svo að Skagamenn mættu sprækari til leiks í síðari hálfleik og þurfti Olgeir Sigurgeirsson að verja á línu eftir skalla Jón Vilhelms Ákasonar.

Þá ákvað Kristján Óli Sigurðsson að taka til sinna mála. Hann fékk boltann á vinstri kantinum og þrumaði boltanum einfaldlega í markhornið fjær. Varamaðurinn Nenad Zivanovic kláraði svo leikinn endanlega með föstu skoti af vítateigslínunni. Blikar fögnuðu því sanngjörnum sigri, 3-0.

Þetta var kannski ekki í fyrsta sinn sem þeir spila vel í sumar en nú tókst leikmönnum Breiðabliks að klára margar sóknir sínar með góðri marktilraun enda hefðu þeir auðveldlega getað skorað fleiri mörk en tvö í gær.

Skagamenn virtust einfaldlega heillum horfnir og sást lítið af þeirri góðu frammistöðu liðsins sem tryggði því sigur gegn KR á heimavelli í síðustu umferð. **- esá**

**Breiðablik 3-0 ÍA**

Kópavogsv., áhorf.: óuppgefið — Eyjólfur Kristinsson (7)

*1-0 Magnús Páll Gunnarsson (2.)*
*2-0 Kristján Óli Sigurðsson (55.)*
*3-0 Nenad Zivanovic (84.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 16–8 (11–5) |
| Varin skot | Jacobsen 4 – Páll Gísli 7 |
| Horn | 5–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 10–14 |
| Rangstöður | 6–0 |

| BREIÐA. 4–4–2 | | ÍA 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Casper Jacobsen | 7 | Páll Gísli Jónsson | 6 |
| Árni K. Gunnarsson | 7 | Árni Thor Guðmunds. | 3 |
| Guðmann Þórisson | 7 | Heimir Einarsson | 4 |
| Srdjan Gasic | 6 | Dario Cingel | 6 |
| Arnór Aðalsteins. | 8 | Ellert Jón Björns. | 2 |
| Olgeir Sigurgeirsson | 6 | Kári Steinn Reynisson | 4 |
| (89. Gunnar Örn J. | -) | (58. Gísli F. Brynjars | 4) |
| Nenad Petrovic | 5 | Bjarni Guðjónsson | 5 |
| ***Arnar Grétarsson** | **8** | Jón Vilhelm Ákason | 5 |
| Kristján Óli Sigurðss | 7 | Helgi Pétur Magnúss | 3 |
| (74. Nen. Zivanovic | -) | (46. Þórður Guðjóns. | 5) |
| Magnús P. Gunnars. | 7 | Dean Martin | 5 |
| Prince Rajcomar | 8 | Vjekoslav Svadumov. | 2 |

**Maður leiksins*



**EINS LEIKS BANN** Blikum fannst Tryggvi Guðmundsson sleppa vel.

Aganefnd KSÍ:

# Blikar kvarta yfir dómum

**FÓTBOLTI** Knattspyrnudeild Breiðabliks sendi KSÍ bréf í gær þar sem deildin kvartar yfir ósamræmi í dómum aganefndarinnar.

Prince Rajcomar, leikmaður Blika, var á dögunum dæmdur í tveggja leikja bann fyrir að slá til andstæðings. Tryggvi Guðmundsson og Valur Fannar Gíslason voru síðan dæmdir í eins leiks bann í vikunni fyrir að slá til hvors annars.

Þetta ósamræmi sætta Blikar sig ekki við og þeir óska í bréfinu eftir formlegum rökstuðningi aga- og úrskurðarnefndarinnar vegna dómanna. **- hbg**


www.ellingsen.is

FLEETWOOD



# Njóttu lífsins í Fleetwood Bayside




## Staðalbúnaður

- Saumlaust Fílon®-þak með sambyggðum Rack Track-teinum, engar berar þéttingar
- Vatnsþolnar eldhúsplötur með saumlausum köntum
- Rafhemlar
- Fjórir stuðningsfætur
- Sveif lyftikerfis þægilega sett í mittishæð
- Grjótþolnar TPO-plötur að aftan og framan
- Galvaníseraðar hliðarplötur úr stáli
- Grjót- og vatnsþolið geymsluhólf að framan úr steyptu plasti
- Stálgrind úr holum bitum
- E-Z Lube Axle™ öxull og öflugar Slipper-blaðfjaðrir
- Álfelgur með krómuðum róm og krómaðri miðju
- Gólf og rúmbotnar úr ósamsettum Structurwood-plötum
- Þykkir állistar umhverfis vagn eða rúm
- „Posi-Lock“-lyftikerfi úr ryðfríu stáli
- Hurð með álramma í einu lagi
- Undirstöður sæta með máluðum málmramma
- Áfastir rúmfætur
- Hurðarþrep með innbyggðu geymslurými
- Öryggiskeðjur með pósitífri læsingu
- Nefhjól sem leggst upp
- Varadekk, festing, felgulykill og vínylhlíf fyrir varadekk
- Skiptur Sunbrella® 302 tjalddúkur með gluggaflipum
- Gagnsæir vínylgluggar
- Efri eldhússkápar velta ekki en sveiflast með fullri geymslugetu
- Djúpur postulínsvaskur
- 3 gashellur
- 9 kg LP-gaskútur og vínylhlíf fyrir gasgeymi
- 80 l vatnsgeymir undir gólfi
- Þétt svampdýna með áklæði
- 53 l gasískápur
- 25 ampera straumbreytir með hleðslutæki
- 12 V rafknúin vatnsdæla
- Útiljós á palli
- Vatnsþolið matborð með saumlausum köntum
- Fóðruð tjöld fyrir gluggum og rúmum
- Skrautkappi allan hringinn
- Truma® gashitari
- Truma® vatnshitari

## Útilegukortið



Kaupauki! Öllum Fleetwood fellihýsum fylgir Útilegukortið

Takmarkalausir gistimöguleikar um allt land!

## Aðrar upplýsingar

| | |
|---|---|
| Árgerð | 2007 |
| Rafgeymir | 12 V 115 amp |
| Heildarlengd | 584 cm (12 fet) |
| Heildarbreidd | 226 cm |
| Lengd að innan | 203 cm |
| Eigin þyngd | 1198 kg |
| Heildarþyngd | 1590 kg |

Verðdæmi:

| | |
|---|---|
| Verð | 1.895.000 kr. |
| Útborgun | 200.000 kr. |
| Mánaðargreiðsla | 24.254 kr.* |

*miðast við 84 mánuði

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is

Opið mánudag-föstudag 8-18
laugardag 10–16

Ellingsen – fullt hús ævintýra

## ETHAN HAWKE

Ethan var fjórtán ára þegar hann lék í sinni fyrstu mynd, Joe Dante´s Explorers. Hann lærði leiklist bæði á Englandi og í Pennsylvaniu en hætti árið 1988 þegar honum var boðið hlutverk í myndinni Dead Poets' Society. Sú mynd varð mjög vinsæl og kom Ethan á kortið en hún verður sýnd á Stöð 2 Bíó kl. 22.00.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON HYGGUR Á SJÓNVARPSGLÁP

# *Elskar að horfa á málningu þorna*

Jóakim Aðalönd fannst skynsamlegra að troða tannkremi aftur í tannkremstúpuna heldur en að spila golf. Sennilega hefur Jóakim haft á réttu að standa enda virkar það við fyrstu sýn asnalegt að elta litla hvíta kúlu yfir sjö kílómetra leið og slá hana alltaf í burtu þegar menn hafa loksins fundið hana. Og notast við það kylfu með litlum haus. Fáránlegt.

En golfíþróttin er það áhugamál sem er í hvað örustum vexti víðast hvar í hinum vestræna heimi. Hvort það sé aukinni velmegun að þakka skal ósagt látið en óvildarmenn íþróttarinnar gætu fleygt því fram að Vesturlandabúar væru líkast til orðnir heimskari. Golf væri til marks um hnignandi gáfnafar á Vesturlöndum. Ekki eru reglurnar til að bæta stöðuna fyrir golfið. Þær eru til í þykkum doðröntum og það sem meira er; það eru í raun engir dómarar út á velli til að fylgja þeim eftir. Nema á atvinnumótum. Því verða menn bara að treysta á heiðarleika hvers annars. Og miðað við stöðu heimsmála í dag má líkast til ætla að slíkt sé byggt á sandi.



Steininn úr öllu tekur þó eflaust þegar kylfingar leggja sjónvarpið og sófann undir sig í marga tíma. Ástæðan er einföld; það er sýnt frá alvöru keppni í golfi. Þar sem ríkir sól og blíða öfugt við Ísland en þar blæs og blæs uppá hvern einasta dag. Spekingarnir telja gáfulegra að sjá málningu þorna heldur en að glápa á fullfríska karlmenn sem hafa atvinnu af því að elta þessa hvítu kúlu. Jafnvel eiginkonurnar sem hafa staðið utanvið þetta asnalega áhugamál fussa og sveia. Því þarna eru karlmennirnir fullklæddir með húfur. Öfugt við knattspyrnu og handbolta þar sem sést í bert hold.

Kylfingum er þó slétt sama um álit annarra. Þeir drekka í sig allan fróðleik. Apa eftir sveiflur án kylfa og tala um „drævera" og „púttera". Og ef þið kunnið ekki við það getið þið bara farið eitthvað annað.

## EKKI MISSA AF



▶ **23.20** Einkaspæjarinn SJÓNVARPIÐ



▶ **22.10** Dark Water STÖÐ 2



▶ **22.00** Dead Poets Society STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.00** Standoff SIRKUS



▶ **20.00** One Tree Hill SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 14-2** Í þættinum er fjallað um fótboltasumarið frá ýmsum hliðum. Rýnt verður í leiki efstu deilda karla og kvenna, spáð í spilin með sérfræðingum, stuðningsmönnum, leikmönnum, þjálfurum og góðum gestum. e.

**17.05 Leiðarljós**

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Músahús Mikka** (11:28)

**18.30 Ungar ofurhetjur** (5:26)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.05 Gríman 2007** Bein útsending frá afhendingu íslensku leiklistarverðlaunanna í Íslensku óperunni. Útsendingu stjórnar Helgi Jóhannesson.

**21.50 Mannfall** (Body Count) Bandarísk bíómynd frá 1998. Ræningjagengi brýst inn í listhús en gengur ekki sem skyldi og leggur á flótta suður á bóginn með lögregluna á hælunum. Leikstjóri er Robert Patton-Spruill og meðal leikenda eru David Caruso, Linda Fiorentino, John Leguizamo, Ving Rhames og Forest Whitaker. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

▶**23.20 Einkaspæjarinn** (Devil in a Blue Dress) Bandarísk bíómynd frá 1995. Myndin gerist í Los Angeles um miðja síðustu öld og segir frá einkaspæjara sem er ráðinn til að hafa uppi á konu og flækist inn í pólitískt hneykslismál. Leikstjóri er Carl Franklin og meðal leikenda eru Denzel Washington, Tom Sizemore, Jennifer Beals og Don Cheadle. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. e.

**01.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Love Don´t Cost a Thing**

**10.00 Radio**

**12.00 Meet the Fockers**

**16.00 Radio**

**18.00 Meet the Fockers**

**20.00 Love Don´t Cost a Thing**

▶**22.00 Dead Poets' Society** Frábær mynd sem gerist árið 1959 og fjallar um enskukennarann John og óhefðbundna kennsluhætti hans. Aðalhlutverk: Ethan Hawke, Robert Sean Leonard, Robin Williams. 1989. Bönnuð börnum.

**00.05 Poolhall Junkies**

**02.00 Below**

**04.00 Dead Poets' Society**

## STÖÐ 2

**07.00 Villingarnir**

**07.20 Myrkfælnu draugarnir**

**07.30 Barney**

**07.55 Myrkfælnu draugarnir**

**08.10 Oprah**

**08.55 Í fínu formi 2005**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Forboðin fegurð** (70.114)

**10.15 Derek Acorah´s Ghost Towns**

**11.00 Fresh Prince of Bel Air 5**

**11.25 Sjálfstætt fólk**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**13.10 Forboðin fegurð** (17.114)

**13.55 Forboðin fegurð** (18.114)

**14.45 Lífsaugað** (e)

**15.25 Joey** (19.22)

**15.50 Kringlukast**

**16.13 Batman**

**16.38 Titeuf**

**17.03 Justice League Unlimited**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Nágrannar**

**18.18 Ísland í dag og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**

**19.40 The Simpsons** (18.22)

**20.05 Leitin að strákunum** (9.9) Úrslitaþáttur leitarinnar. Nú kemur í ljós hvaða þrír keppendur fá tækifæri til að stýra sínum eigin þætti á Sirkus.

**20.45 So You Think You Can Dance NÝTT** (1.23) Stórskemmtilegir raunveruleikaþættir þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna. Umgjörðin er svipuð og í American Idol en í stað þess að syngja þurfa keppendur að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku.

▶**22.10 Dark Water** Hörkuspennandi hrollvekja með Jennifer Connelly, Tim Roth og John C. Reilly í aðalhlutverkum. Dahlia Williams er nýskilin og ætlar að hefja nýtt líf með dóttur sinni. bönnuð börnum.

**23.55 Mean Girls** Geysivinsæl gamanmynd með stórstjörnunni Lindsay Lohan í aðalhlutverki. Leyfð öllum aldurshópum.

**01.30 Evelyn**

**03.05 Darklight**

**04.30 Leitin að strákunum (9.9)**

**05.10 Fréttir og Ísland í dag**

**06.20 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider**

**18.30 Fréttir**

**19.00 Ísland í dag**

**19.40 The War at Home** (7.22) Gamanþættirnir The War At Home hafa slegið í gegn. Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu.

**20.10 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.

**20.40 Daisy Does America** (6.8) Í þáttunum um Daisy ferðast breska gamanleikkonan Daisy Donovan um Bandaríkin í þeim tilgangi að uppfylla Ameríska drauminn og tileinka sér hina undarlegustu siði Ameríkana. Hún gerir grín að sjálfum sér og hinum ýmsu furðufuglum sem verða á vegi hennar. Aðalframleiðandi þáttanna er leikkonan Courteney Cox úr Vinum.

**21.10 Night Stalker** (6.10) Carl Kolchak er virtur rannsóknarblaðamaður. Hann ræður sig til vinnu á dagblaði í Los Angeles og fær það verkefni að skrifa um röð undarlegra morðmála. Þegar Kolchak fer ofan í saumana á málunum koma í ljós tengingar á milli morðanna og það sem meira er, þau gætu öll tengst morðinu á eiginkonu hans sem var myrt fyrir einu og hálfu ári síðan. Morði sem Kolchak sjálfur er grunaður um. Bönnuð börnum.

▶**22.00 Standoff** (14.18) Spennuþættir sem fjalla um samningamenn í gíslatökudeild FBI sem þykja þeir bestu í greininni. Matt og Emily eru þjálfuð í að tala sig út úr erfiðum aðstæðum og þau vita alltaf hvað fólk hugsar. 2006.

**22.45 Bones** (7.21) Bönnuð börnum.

**23.30 American Inventor** (13.15) (e)

**00.15 The War at Home (7.22) (e)**

**00.40 Entertainment Tonight (e)**

**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**14.00 European Open Poker** (e)

**15.30 Vörutorg**

**16.30 Queer Eye for the Straight Guy** (e)

**17.30 Beverly Hills 90210**

**18.15 Rachael Ray**

**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)

**19.30 All of Us** (4.22) Fjölmiðlamaðurinn Robert James er nýskilinn við eiginkonu sína og barnsmóður, Neesee, en hann er staðráðinn í að afsanna þjóðsöguna um að skilnaður útiloki að hægt sé að láta sér lynda við þá fyrrverandi.

▶**20.00 One Tree Hill** Bandarísk unglingasería þar sem húmor, dramatík og bullandi rómantík fara saman. Nathan hefur áhyggjur af framtíðinni þegar mistök fortíðar ásækja hann og Haley. Lucas talar við vitni að morðinu á Keith og þær Brooke og Payton verða vinkonur á ný.

**21.00 The Bachelor. Rome** (3.8) Bandarísk raunveruleikasería þar sem myndarlegur piparsveinn leitar að draumadísinni. Þetta er níunda þáttaröðin og piparsveinninn að þessu sinni er ítalskur prins. Hann heitir Lorenzo Borghese og er mikill sjarmör.

**22.00 Kidnapped** (9.13)

**22.50 Everybody Loves Raymond**

**23.15 European Open Poker - Lokaþáttur**

**00.45 The Dead Zone (e)**

**01.35 Beverly Hills 90210 (e)**

**02.20 Tvöfaldur Jay Leno (e)**

**04.00 Vörutorg**

**05.00 Óstöðvandi tónlist**


ÁSKRIFT: 515 6100 | VERSLANIR VODAFONE

Á FÖRUM FRÁ BARCELONA?
EIÐUR SMÁRI Í EINKAVIÐTALI - SEINNI HLUTI

ÍSLAND Í DAG KL. 18:18

HVAÐ VARÐ AF SPÚTNIKFYRIRTÆKINU OZ?
Skúli Mogensen forstjóri OZ í Kanada í viðtali

HVAÐ ER JÓGVAN AÐ GERA Í LONDON?



skemmtilegri

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.45

**So You Think You Can Dance**




Glæný þáttaröð af þessum vinsælu raunveruleikaþáttum þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna. Í fyrsta þættinum halda dómarar áhorfsprufur í New York en þar bíða þúsundir áhugasamra dansara í röð klukkustundum saman.

▶ **Við mælum með GRÍMUNNI**
**Sjónvarpið kl. 20.05**

Bein útsending frá afhendingu Grímunnar, íslensku leiklistarverðlaunanna, við hátíðlega athöfn í Íslensku óperunni. Veitt verða verðlaun í fjölmörgum flokkum á öllum sviðum leiklistar og einnig verða heiðursverðlaun Leiklistarsambands Íslands veitt fyrir ævistarf í þágu leiklistar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Samtöl um Jökuldalsheiði
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Lífsjátning
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Flakk
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Tímakornið
**19.40** Pollapönk
**20.10** Valsakóngurinn
**21.00** Kampavín og kaloríur
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Brot af eilífðinni
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.00 NBA 2006/2007 - Playoff games** (Cleveland - San Antonio)
**13.25 Landsbankadeildin 2007** (KR - FH)
**15.15 Landsbankamörkin 2007**
**15.45 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**16.10 Gillette World Sport 2007**
**16.40 Spænski boltinn - upphitun**
**17.05 World Supercross GP 2006-2007**
**18.00 NBA 2006/2007 - Playoff games** (Cleveland - San Antonio)
**20.00 Opna bandaríska mótið**
**23.00 Heimsmótaröðin í póker 2006**
**23.50 Heimsmótaröðin í póker 2006** Pókeræði hefur gengið yfir heiminn að undanförnu hvort sem er í Bandaríkjunum eða í Evrópu. Miklir snillingar setjast að borðum þegar þeir bestu koma saman, þar sem keppt er um háar fjárhæðir. Margir þeirra eru gífurlega þekktir og má þar nefna Doyle Brunson, Johnnie Chan, Gus Hansen og Phil Ivey. Stærsta mótið sem um getur á hvert fer fram í Las Vegas í júlí.
**00.40 NBA 2006/2007 - Playoff games** (Cleveland - San Antonio)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.00** Elmers verden **6.15** Brum **6.30** DR1 Dokumentaren - En kultiveret rappenskralde **7.30** Børneblæksprutten **7.45** Ungdomsprogram **8.00** Viften **8.30** På jobjagt **9.00** DR-Explorer i Østeuropa **9.30** Smag på Danmark - med Meyer **10.00** TV Avisen **10.10** Task Force **10.35** Fangst under isen **11.00** Skibsreder på høje hæle **11.25** Aftenshowet **11.55** Aftenshowet 2. del **12.20** Smag på Danmark - med Meyer **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.05** Med rygsæk **13.30** Boogie Listen **14.30** Svampebob Firkant **14.55** Rutsj Klassik **15.30** Fredagsbio **15.40** Pinky Dinky Doo **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** aHA **19.00** TV Avisen **19.30** Farlige teorier **21.40** Copycat **23.40** Boogie Listen **5.30** Gurli Gris **5.35** Noddy **5.50** Disney Sjov

## NRK 1

**6.30** Jukeboks: Ut i naturen **7.30** Jukeboks: Jazz **8.10** Schrödingers katt **9.05** Oddasat - Nyheter på samisk **9.20** Distriktsnyheter **9.40** Fra Nordland **10.00** Siste nytt **10.05** Distriktsnyheter **10.20** Fra M¢re og Romsdal **10.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Aust- og Vest-Agder **11.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Kar for sin kilt **14.00** Siste nytt **14.03** Lyoko **14.25** Sinbads fantastiske reiser **14.50** Creature Comforts: hvordan har vi det? **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Kos og kaos **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Franklin **16.15** Jungeljenta Yebo **16.25** Lure Lucy **16.30** Sauen Shaun **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.50** Friidrett: Golden League: Bislett Games **20.15** Inspekt¢r Lynley **21.00** Kveldsnytt **21.15** Inspektør Lynley **22.00** Seal - en uforglemmelig kveld **23.05** Sorte orm **5.30** Pysjpopbaluba **5.31** Fiffi og blomsterbarna **5.40** Bosse **5.50** Harry med b¢tta full av dinosaurer **6.00** Mikkes klubbhus

## SVT 1

**7.15** Hej hej sommar **7.16** Fåret Shaun **7.30** Fåret Shaun **7.40** Äventyr i Anderna **8.15** Ideologiernas historia **8.45** Ramp höjdare **9.15** Lab Rats **9.45** Samtal med **10.00** Rapport **10.05** Vid Ladogas stränder **13.00** Mitt i naturen **13.30** Sommartorpet **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Hundkoll **15.30** Vi i femman **16.00** Bella och Theo **16.30** Hej hej sommar **16.31** Fåret Shaun **16.45** Fåret Shaun **16.55** Äventyr i Anderna **17.30** Rapport **18.00** Doobidoo **19.00** Skruva den som Beckham **20.50** Rapport **21.00** Entourage **21.30** Welcome to Collinwood **22.55** Sändningar från SVT24




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*Ég hlusta minna á útvarpið í vinnunni og því meira á iTunes í tölvunni. Þá er það oftast brasilísk Bossa Nova tónlist sem verður fyrir valinu.*

Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor.

# Halldór reiðubúinn fyrir Hollywood

„Ég geri mér vonir um að þetta komist á koppinn,“ segir Snorri Þórisson hjá Pegasus en hann á kvikmyndaréttinn að Sjálfstæðu fólki. Eins og fram kom í Fréttablaðinu er Martin Scorsese að lesa þetta meistaraverk Nóbelsskáldsins Halldórs Laxness en það varð tilefnið að kjaftasögu um að leikstjórinn væri að íhuga að festa bókina á filmu. Snorri segir lítið hæft í þeim sögusögnum. Handritshöfundurinn Ruth Prawer Jhabvala hefur þegar skrifað handrit eftir bókinni. Jhabvala þykir einn virtasti höfundurinn í Hollywood og skrifaði meðal annars handritið að myndinni The Remains of the Day auk Howard's End og A Room with a View en fyrir þær hlaut hún Óskarsverðlaun.



**SNORRI** Á kvikmyndaréttinn að Sjálfstæðu fólki og kvikmyndahandritið er tilbúið.

Framleiðandinn var í samstarfi við hið heimsfræga framleiðslufyrirtæki Merchant/Ivory en nýlega var því samstarfi slitið. „Ég er því að leita fanga annars staðar núna,“ útskýrir Snorri. „Hins vegar er mikill áhugi á bókinni úti og ég ætla bara rétt að vona að þetta verði að veruleika,“ bætir Snorri við.

Guðný Halldórsdóttir, dóttir Halldórs og kvikmyndaleikstjóri, var að vonum ánægð með að Scorsese væri að lesa Sjálfstætt fólk. Og bætti því við að það væri svo sannarlega draumur ef hann tæki þetta að sér. „Þú getur rétt ímyndað þér,“ sagði Guðný enda þyrfti þroskaðan mann til að koma söguni sómasamlega til skila á hvíta tjaldinu. „Og Scorsese er svo sannarlega ekki fæddur í gær.“



**GUÐNÝ** Væri draumur ef Martin Scorsese tæki að sér Sjálfstætt fólk.

Halldór Laxness ól sjálfur með sér þann draum að leggja Hollywood að fótum sér og fluttist þangað út um stundarsakir. En þrátt fyrir miklar vinsældir og virðingu hafa skáldverk hans ekki verið mikið kvikmynduð því aðeins Ungfrúin góða og húsið og Kristnihald undir Jökli eftir Guðnýju og Atómstöðin eftir Þorstein Jónsson hafa verið gerðar hér á landi en Svíar færðu Sölku Völku í kvikmyndabúning árið 1954. Mörgum þykir því löngu tímabært að ráðast í kvikmyndaútgáfur á einhverjum stórverka Halldórs sem myndu þá halda minningu hans enn frekar á lofti.



### LÁRÉTT

**2.** búsmali **6.** skammstöfun **8.** meðvitundarleysi **9.** eldsneyti **11.** guð **12.** klór **14.** mánuður **16.** til **17.** vitfirring **18.** almætti **20.** frá **21.** nabbi.

### LÓÐRÉTT

**1.** labbaði **3.** klukka **4.** fyrsta síða **5.** borða **7.** magur **10.** þunnur vökvi **13.** frjó **15.** vera til **16.** temja **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** búfé, **6.** eh, **8.** rot, **9.** kol, **11.** ra, **12.** krafs, **14.** apríl, **16.** að, **17.** æði, **18.** guð, **20.** af, **21.** arða. **LÓÐRÉTT: 1.** gekk, **3.** úr, **4.** forsíða, **5.** éta, **7.** horaður, **10.** lap, **13.** fræ, **15.** lifa, **16.** aga, **19.** ðð.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8.

1. Nicolas Burns.
2. Teitur Þórðarson.
3. 100 milljónir króna.


Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is




**SINDRI LÚÐVÍKSSON** Hann stendur fyrir fyrsta opinbera pókermótinu á Íslandi sem haldið verður í Dugguvogi 12 um helgina.

SINDRI LÚÐVÍKSSON: ÆTLAR AÐ LÁTA REYNA Á ÍSLENSK LÖG

# Fyrsta opinbera pókermótið á Íslandi um helgina

Fyrirhugað er að halda fyrsta opinbera pókermótið á Íslandi um helgina. Mótið er haldið á vegum gismo.is, verslunar á netinu sem selur vörur sem tengjast fjárhættuspilum. Samkvæmt almennum hegningarlögum eru fjárhættuspil bönnuð á Íslandi. Forsvarsmenn mótsins telja sig þó ekki vera að brjóta lög.

„Við teljum okkur ekki vera að brjóta lög en það getur verið að einhverjir aðrir túlki það á annan hátt,“ segir Sindri Lúðvíksson hjá gismo.is. „Við ætlum fyrst og fremst að nota mótið sem auglýsingu fyrir síðuna okkar.“

Samkvæmt almennum hegningarlögum getur sá sem hefur atvinnu af fjárhættuspilum eða kemur öðrum til þátttöku þurft að sæta sektum eða fangelsi, allt að einu ári. Sömu viðurlög gilda um þann sem aflar sér tekna beint eða óbeint með því að láta fjárhættuspil fara fram í húsnæði sem hann hefur til umráða.

Sindri telur sig ekki vera að brjóta lög þar sem mótshaldarar hafa ekki fjárhættuspil að atvinnu né hafa beinar tekjur af mótinu.

„Þetta mót er alveg eins og golfmót eða önnur þar sem gjalds er krafist fyrir þátttöku. Þar rennur ákveðinn hluti gjaldsins til félagsins en hluti þess fer í vinninga,“ segir Sindri. „Hjá okkur mun mótsgjaldið hins vegar fara óskipt til vinningshafanna.“

Máli sínu til stuðnings bendir Sindri á pistil sem Jóhannes Stefán Ólafsson, mastersnemi í lagadeild Háskóla Íslands, birtir á heimasíðu sinni. Þar færir Jóhannes Stefán rök fyrir því hvernig hægt er að stunda fjárhættuspil á löglegan hátt.

Jóhannes Stefán segist hafa sent greinargerð sína til dómsmálaráðuneytisins og starfsmenn þar hafi tekið undir rök hans. Ekki fengust svör frá dómsmálaráðuneytinu þegar Fréttablaðið leitaði eftir því í gær. kristjan@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Einar Bárðarson** hefur valið fimm söngmenn í sönghópinn sinn. Hann lúrir hins vegar á nöfnum hinna heppnu eins og ormur á gulli enda veit Umboðsmaður Íslands sem er að það borgar sig að halda spennunni í hámarki þegar kemur að því að tilkynna hverjir þeir eru. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Einar hins vegar himinlifandi með valið og kaus að hafa drengina fimm enda voru þeir allir á heimsmælikvarða. Einar er annars kominn í langþráð frí og hlúir nú að fjölskyldu sinni.



**Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir** útskrifast á laugardaginn frá Háskóla Íslands sem sjúkraþjálfari. Hefur einhverjum fundist sem sjónvarpskonan hafi fleiri klukkustundir í sólarhringnum en aðrir því auk námsins hefur hún verið í fullu starfi hjá Kastljósinu og leikið í ævintýramyndinni Astrópíu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er þó þar aðeins hálf sagan sögð því Ragnhildur fékk hæstu einkunn fyrir lokaverkefnið sitt.



Kvikmynd **Baltasars Kormáks**, Mýrin eða Jar City, verður ein þeirra ellefu kvikmynda sem keppa um aðalverðlaunin á Karlovy Vary-hátíðinni í Tékklandi. Hátíðin þykir ein sú virtasta í Mið-Evrópu og fær mikla athygli hjá stóru dreifingaraðilunum. Mýrin er langvinsælasta íslenska kvikmyndin í háa herrans tíð. Meðal annarra gesta á hátíðinni má nefna kvikmyndagerðarmanninn **Hal Hartley** og bandarísku leikkonuna **Renee Zellweger**.

- fgg


Fjóla Ósland Hermannsdóttir



hefur hafið störf á Hárgreiðslustofunni Primadonnu, Grensásvegi 50, Sími 588 5566

*Gamlir og nýir viðskiptavinir eru velkomnir.*

primadonna hárgreiðslustofa


# Kennari með töff einkanúmer

„Ég sá þennan bíl hjá B&L og kolféll fyrir honum. Mér finnst hann einfaldlega svo töff,“ segir ökukennarinn Snorri Bjarnason, en hann kennir nemendum sínum á BMW af gerðinni 116 I, sem ber einkanúmerið TÖFF. Bíllinn vekur eðlilega töluverða athygli í umferðinni og viðurkennir Snorri að krökkunum leiðist ekki að læra að aka á litlum BMW með einkanúmerið TÖFF.

„Ég athugaði hvort þetta númer væri laust og sú var raunin. Ég ákvað því að taka það,“ segir Snorri og kveðst alls ekki hafa tapað á þeirri ákvörðun. „Það er tekið eftir bílnum í umferðinni og virkar því sem ákveðin auglýsing,“ útskýrir Snorri en minnir jafnframt á að neikvæðu hliðarnar séu einnig til staðar „Ef ég geri eitthvað ljótt af mér þá er líka tekið eftir því,“ segir Snorri og hlær en hann hefur verið ökukennari í 36 ár.

Nokkuð er um að ökukennarar hafi einkanúmer á kennslubifreiðum sínum, enda óumdeilt að grípandi einkanúmer vekja ótvíræða athygli annarra ökumanna sem og vegfaranda á götum borgarinnar. Einn ónefndur ökukennari er með einkanúmerið DRÆVER og þá er formaður ökukennarafélagsins með einkanúmerið NÁM á sinni kennslubifreið. - vig




**TÖFF** Snorri Bjarnason hefur verið ökukennari í 36 ár en tvö ár eru liðin frá því að hann fékk sér einkanúmerið áberandi. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA


MOON
BATHE
M·A·C
TM/MC
Komið og fagnið með okkur
í Kringlunni laugardaginn 16. júní.
Tilefnið er formleg opnun
fyrstu sérverslunar MAC á Íslandi.
Skákaðu sólinni
á glæstu sumri
með nýrri sýn á fegurðina.
Taktu tunglið fram yfir -
baðaðu þig í merlandi mánaskini.
MAC Kringlunni.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR




BAKÞANKAR


BERGSTEINS SIGURÐSSONAR


## Íslandbaídsjan

Í þjóðfélagsumræðunni er oftar en ekki talað um „þær þjóðir sem Íslendingar vilja bera sig saman við“. Hingað til hef ég ekki heyrt minnst á Aserbaídsjan í þeim flokki en upp á síðkastið hefur þó komið í ljós að Íslendingar eiga ýmislegt sameiginlegt með Aserum. Við erum í öðru sæti á eftir þeim á lista yfir þær þjóðir sem stela mestum hugbúnaði og nú deilir íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu sæti með því aserska á styrkleikalista FIFA. Við ættum kannski að fara að tala um þá sem „frændur okkar“ við Kaspíahaf.

**ÍSLENSKA** landsliðið dúsir í 109. til 110. sæti á styrkleikalistanum og hefur aldrei verið neðar. Það er þó huggun harmi gegn að frá því á 10. áratugnum hafa tugir ríkja hlotið sjálfstæði, þar á meðal Aserbaídsjan, þannig að hlutfallslega erum við sennilega betur sett en þá. Það þykir hins vegar ekki boðlegt að eyríki sem telur 300 þúsund sálir eigi álíka gott landslið í fótbolta og átta milljóna þjóð í Suðvestur-Asíu. Þetta hugarfar má í besta falli kalla stórlæti, í því versta afneitun.

**AFNEITUN** rímar betur við mínar hugmyndir. Líklega er það ekki óáþekkt hlutskipti að vera eldheitur stuðningsmaður íslenska landsliðsins og að eiga helgarpabba sem á við drykkjuvandamál að stríða. Hvort tveggja veldur eilífum vonbrigðum en þegar maður er við það að gefa upp vonina sýnir liðið hvers það er megnugt á góðum degi. Jafntefli við Frakka er ígildi þess að fá fjarstýrðan bíl, ferð í Húsdýragarðinn og McDonald‘s að lokinni bíósýningu um sömu helgi. Landsliðið er allt í einu besti pabbi í heimi. Þangað til í næsta leik. Það getur ekki haldið hreinu og fellur.

**NÚ** eru tveir kostir í stöðunni og báðir illir: Hinn fyrri er að leita á náðir AA-fræðanna; snúa baki við liðinu og láta það hjálpa sér sjálft. Það er svo annar handleggur hvort tólf spora kerfið sé heppilegt fyrir íþróttalið. Níunda skrefið yrði að minnsta kosti frekar tímafrekt þar sem strákarnir þyrftu að hringja í hvern einasta landsmann og biðjast afsökunar á jafnteflinu við Liechtenstein. Seinni kosturinn, og sá illskárri, væri að horfast í augu við að Ísland verður aldrei yfirburðaþjóð í fótbolta. Það er ómaklegt að vera reiður út í einhvern hvers eina sök er að standa ekki undir óraunsæjum væntingum.

**ÍSLENDINGAR** þurfa að læra að velja sér orrustur eftir efnum. Það er ástæðulaust að láta það trufla sig þótt við deilum sæti með Aserum á styrkleikalista FIFA, enda ekkert sem segir að við hljótum að vera betri í fótbolta en þeir. Aftur á móti höfum við allt til alls til að stela miklu meiri hugbúnaði. Hirðum efsta sætið af Aserbaídsjan sem fyrst.


Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



www.uu.is




PARQUE DEL SOL



Fyrsta flokks íbúðahótel, vel staðsett í einungis 300 metra fjarlægð frá strönd. Rúmgóðar íbúðir sem eru byggðar umhverfis glæsilegt sundlaugasvæði. Frábær staður fyrir fjölskylduna þar sem öll aðstaða og þjónusta er til fyrirmyndar.

**Verðdæmi: 49.984,-**
- á mann m.v. 2 með 2 börn í viku.
Brotttför 9. janúar. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 62.737

HÓTEL GALA



Stórglæsilegt 4 stjörnu hótel, vel staðsett á Playa de las Americas og í fimm mínútna göngufjarlægð frá ströndinni. Mjög góð sólbaðsaðstaða við hótelið, tvær stórar sundlaugar, skemmtileg barnalaug og afar góð aðstaða fyrir börnin.

**Verðdæmi: 67.287,-**
- á mann m.v. 2 fullorðna.
Brotttför 9. janúar.

**Innifalið:** Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting með morgunverði. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

Í vetur verður flogið til Tenerife tvisvar í viku, enda skín sólin þar flesta daga ársins. Hvergi í heiminum er jafn lítill hitamunur á sumri og „vetri“ og teljast 15 gráður vera með því allra kaldasta sem gerist. Eyjuna sjálfa þarf vart að kynna: Furuskógar og blómahöf í norðurhlutanum, magnaðar sólarstrendur í suðurhlutanum og frábær hótel þar sem öll fjölskyldan nýtur sín. Komdu til Tenerife og skemmtu þér meira.

ÚRVAL·ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN - LÁGMÚLA 4 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 585 4000 - FAX 585 4065 - INFO@UU.IS